

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson læknir veltir fyrir sér merkingu orða og skrifar um baktal og þursabit. 13



**LÍFIÐ** Róbert Elmarsson og Guðjón Geir Geirsson slá í gegn með fatahönnun sinni Inklaw. 30



**SPORT** Keflvíkingurinn Hörður Sveinsson kólnaði ekkert niður þrátt fyrir kaldan vetur. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
**6. maí 2014**
105. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Úrgangur eins og frá stórri borg

Formaður N-Atlantshafslaxasjóðsins segir fyrirhugaðar breytingar á lögum um fiskeldi skaða lífríkið og ímynd Íslands. 10

**Fær ólíklega hljómgrunn** Misheppnaðar tilraunir hafa verið gerðar með framboð kristilegra flokka hér á landi. 2

**Forsetafrú sökuð um hótanir** Leiðtogi Boko Haram hefur viðurkennt að samtökin standi á bak við rán á hundruðum stúlkna í Nígeríu um miðjan apríl. 6

**Aðstoðarforstjóri ráðinn** Auka á hlutafé 365 um nærri milljarð króna og nýir fjárfestar á leið í eigendahópinn. Sævar Freyr Þráinsson nýr aðstoðarforstjóri. 8




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | A | 6 |
| Akureyri | 9° | A | 6 |
| Egilsstaðir | 9° | SSA | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | SA | 7 |
| Reykjavík | 12° | A | 7 |

**VÆTA SA-TIL** Í dag verða austan 5-10 m/s og dálítil væta einkum SA-til en yfirleitt þurrt fyrir norðan. Hiti 5-15 stig, mildast inn til landsins NV-til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Bílar | Fólk**




# Frambjóðendur beðnir að undirrita sjálfsskuldarábyrgð

Mörgum hugmyndum var velt upp til að fjármagna framboð Framsóknarflokksins í borginni áður en listinn var sameinaður flugvallarvinum. Frambjóðendur í efstu sætum voru ekki tilbúnir að skuldsetja sig fyrir listann.

**STJÓRNMÁL** Frambjóðendur í efstu sætum á fyrri lista Framsóknarflokksins til komandi borgarstjórnarkosninga voru beðnir um að skrifa undir sjálfsskuldarábyrgð fyrir lántöku í tengslum við kosningabaráttuna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var sjálfsskuldarábyrgðin mismikil eftir sætum en ætlast var til þess að oddviti listans gengist undir hæstu ábyrgðina eða um átta og hálfa milljón króna. Annað sæti listans átti að gangast undir ábyrgð upp á fimm og hálfa milljón, það þriðja upp á þrjár og hálfa milljón og næstu tvö sæti upp á eina og hálfa milljón króna hvort. Beiðni um sjálfsskuldarábyrgð kom fram á fundi frambjóðenda og kjörnefndar Framsóknarflokksins fljótlega eftir að raðað var á lista en var slegin út af borðinu af frambjóðendum. Enginn í efstu sætum listans var tilbúinn að skrifa undir sjálfskuldarábyrgð.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóð fjárhagur framboðs Framsóknarflokksins veikum fótum. Guðrún Bryndís Karlsdóttir, sem sat á lista Framsóknar í Reykjavík, segir að margar hugmyndir hafi verið uppi um fjármögnun framboðsins. „Ein þeirra leiða var að fjársterkir einstaklingar myndu styrkja framboðið um meira en 400 þúsund en styrkirnir yrðu skráðir sem kaup á happdrættismiðum.“

Fréttablaðið hefur ekki heimildir fyrir því að þessar hugmyndir hafi orðið að veruleika. Samkvæmt lögum um fjármál stjórnmálasamtaka er flokkum óheimilt að taka á móti fjárframlögum yfir 400 þúsund krónum.

Þorsteinn Magnússon, gjaldkeri kjördæmaráðs Framsóknarflokksins í Reykjavík, segist ekki vita nákvæmlega hvaða fjáröflunarhugmyndir hafi verið ræddar. Hann fullyrðir hins vegar að ekkert happdrætti hafi verið haldið og að öll framlög sem þegin hafi verið séu vel innan þeirra marka sem lög kveða á um.

Þórir Ingþórsson, formaður kjördæmaráðsins, vill ekki staðfesta að frambjóðendur hafi verið beðnir um að ganga í fjárhagslegar ábyrgðir fyrir framboðið. „Ég get staðfest að kosningabaráttan er ekki fjármögnuð með lántöku,“ segir hann. Samkvæmt skoðanakönnunum síðastliðinna vikna nær Framsóknarflokkurinn ekki inn manni í borgarstjórn en flokkurinn þurrkaðist út úr borgarstjórn í síðustu kosningum.

snaeros@frettabladid.is

> **Ég get staðfest að kosningabaráttan er ekki fjármögnuð með lántöku.**
> *Þórir Ingþórsson, formaður kjördæmisráðs Framsóknar í Reykjavík.*




**TÍU TÍMAR Á SJÓ** Theódór Ólafsson kom með rúman skammt að landi í Hafnarfirði, fyrsta dag strandveiða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Með skammtinn að landi:

## „Dásamlegt að djöflast í þessu“

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það er alveg dásamlegt að fá að djöflast í þessu. Strandveiðin er alveg frábær,“ segir Theódór Ólafsson sjómaður. Hann landaði í Hafnarfjarðarhöfn í gær eftir vel heppnaðan veiðidag.

„Ég var með 790 kíló, sem er aðeins yfir skammtinum. Það getur verið erfitt að átta sig á þessu upp á kíló,“ segir Theódór, sem hefur stundað strandveiðar á hverju sumri frá því þær voru settar á. Hann veiðir einnig grásleppu á vorin.

„Ég lagði af stað klukkan fimm í nótt og var í landi klukkan þrjú. Hann gaf sig í morgunsárið og var tregari eftir hádegi. Það er þó víða fiskur hérna á flóanum.“ Hann segir veðrið í Faxaflóanum hafa verið æðislegt og segist ætla að rífa sig af stað aftur nú í morgunsárið.

- skó






Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva hefst með fyrri úrslitakeppni:

# Atriðið fínpússað með viðbót

**TÓNLIST** Fyrra undanúrslitakvöld Eurovision fer fram í Kaupmannahöfn í kvöld og er framlag Íslendinga, hljómsveitin Pollapönk, númer fimm í röðinni. Tíu lönd komast áfram í úrslit sem verða laugardagskvöldið 10. maí.

„Stemningin er fín. Við erum aðeins búnir að fínpússa atriðið og það er smá viðbót sem er skemmtileg,“ segir Valgeir Magnússon sem er með Eurovision-hópnum í Kaupmannahöfn. Generalprufa var haldin í gærkvöldi og nóg hefur verið að gera hjá Pollapönkurum í alls kyns teitum og á blaðamannafundum. Valgeir segir að Pollapönkarar ætli að nota daginn í dag til að hlaða batteríin. „Þetta leiðir sig einhvern veginn sjálft áfram og sá tími sem er óráðstafaður er mest notaður til að hvíla sig, hlusta á tónlist og eitthvað slíkt.“



Með blaðinu í dag fylgir kosningaseðill þar sem lesendur geta spáð um hvaða lönd komast áfram.

-lkg / sjá síðu 24


FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

10-11



## SPURNING DAGSINS



### Gísli, ætlið þið að spila Síldarvalsinn?

**„Við spilum síldarvalsinn svo ekki hlaupi í síldina galsinn.“**

Gísli Karel Halldórsson er verkfræðingur hjá Verkís sem leggur til að prófaðar verði hljóðbylgjur eða ljós til að fæla síld frá Kolgrafafirði.

Fjöldi skemmtiferðaskipa í sumar slær öll fyrri met og farþegafjöldi einnig:

# Skipafarþegar verða 98 þúsund

**FERÐAÞJÓNUSTA** Áætlað er að samtals 89 skemmtiferðaskip hafi viðkomu í Reykjavík í sumar og að farþegar í þessum skipum verði á bilinu 95 til 98 þúsund. Aldrei hefur slíkur fjöldi skipa og farþega komið hingað áður.

Mikil stígandi hefur verið í komu farþegaskipa síðasta áratuginn. Samhliða hafa stærri skip en áður lagt hingað leið sína og þar af leiðandi hefur farþegum fjölgað mikið og koma nú tvöfalt fleiri með hverju skipi að meðaltali en fyrir tíu árum.

Árið 2003 voru skemmtiferðaskipin í Reykjavík 50 talsins og með þeim komu ríflega 31 þúsund farþegar. Í fyrra voru skipin 80 og farþegarnir yfir 92 þúsund, sem er metfjöldi farþega fram til þessa. Flest skip til þessa komu hins vegar árið 2008 eða 83 skip með samtals rúmlega 59 þúsund farþega.

Sem fyrr segir er áætlað að farþegarnir í ár verði allt að 98 þúsund, sem yrði sex prósenta fjölgun frá í fyrra. Fyrsta skipið kemur 19. maí en það síðasta 29. september. - gar



**Á LEIÐINNI** Skemmtiferðaskipin fara senn að skríða að landi í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nefnd sérfræðinga skipuð:

# Rýnt í lögin um Seðlabankann

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur skipað nefnd sérfræðinga um heildarendurskoðun laga um Seðlabanka Íslands.

Nefndinni er ætlað að fara yfir þróun á starfsemi annarra seðlabanka og löggjöf á sviði peningamála og efnahagsstjórnunar.

Samkvæmt tilkynningu frá ráðuneytinu er markmiðið að treysta trúverðugleika og sjálfstæði bankans og traust á íslenskum efnahagsmálum. - skó



**ÆFA Á ÍSLANDI** Bandarískir flugmenn munu æfa aðflug að Akureyrarflugvelli og mögulega flugvellinum á Egilsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

220 hermenn taka þátt í að vakta loftrými Íslands:

# Bandarísk flugsveit væntanleg

**UTANRÍKISMÁL Bandarísk flugsveit er væntanleg hingað til lands í næstu viku til að sinna loftrýmisgæslu sem ríki Atlantshafsbandalagsins hafa sinnt hér á landi af og til undanfarin ár.**

**Alls munu um 220 hermenn taka þátt í verkefninu, að því er fram kemur á vef Landhelgisgæslu Íslands. Af þeim verða um fimmtán staðsettir á Akureyri þar sem staðsetja á þotugildrur og flugvita.**

**Flugsveitin kemur með F-15-orrustuþotur, C-130-björgunarflugvélar og eldsneytisbirgðavél. Sveitin er væntanleg 12. maí og mun fara af landi brott aftur í byrjun júní.** - bj

Viðsnúningur hjá Thise:

# Skyrið bjargar dönsku félagi

**DANMÖRK** Íslenska skyrið virðist hafa bjargað rekstrinum hjá danska afurðafélaginu Thise. Rekstrarniðurstaða félagsins fyrir síðasta ár var sú besta í áratug.

Fram kemur í frétt á vef Landssambands kúabænda að skýringin á góðu gengi félagsins sé skyr sem það framleiðir eftir íslenskri uppskrift með sérstakri heimild frá MS. Skyrsalan stóð undir nærri fimmtungi af veltu Thise á síðasta ári. Thise var fyrsta afurðastöðin í Danmörku sem hóf framleiðslu á skyri. Framleiðslan hjá fyrirtækinu hófst árið 2006, en nú hafa fleiri afurðastöðvar tekið við sér og byrjað að framleiða skyr. - bj

Borgin gerir samning:

# Kaupir fjóra metansorpbíla

**VIÐSKIPTI** Reykjavíkurborg hefur gert samning um kaup á allt að tólf metanknúnum sorphirðubílum. Fyrstu fjórir bílarnir verða afhentir í október og kosta 217 milljónir króna.

Þrír eru með tvískiptum sorpkassa þannig að hægt er að sækja tvo flokka af úrgangi samtímis. Sá fjórði er með krana. „Það er mikið hagræði að þessum bílum,“ segir Guðmundur Benedikt Friðriksson, skrifstofustjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði. „Við þurfum ekki að senda tvo bíla í hverja götu heldur getur sami bíllinn tekið blandaðan úrgang og pappír í tvískipta hólfið.“ - fb

# Ólíklegt að flokkurinn fái hljómgrunn

**Misheppnaðar tilraunir hafa verið gerðar með framboð kristilegra flokka á Íslandi. Stjórnmálafræðingur segir ólíklegt að slíkur flokkur fái hljómgrunn hér á landi. Í Noregi og Svíþjóð byggja kristilegir flokkar á gömlum grunni frá nítjándu öld.**

**STJÓRNMÁL** Einhverjar tilraunir hafa verið gerðar með framboð kristilegra flokka á Íslandi en þær hafa ekki gengið vel, að sögn Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors í stjórnmálafræði við HÍ.

Kristileg stjórnmálasamtök hafa verið stofnuð og hyggjast þau bjóða fram í Alþingiskosningum árið 2017 og í sveitarstjórnarkosningum ári síðar. Samtökin hafna hjónavígslu samkynhneigðra í kristnum kirkjum, vilja banna fóstureyðingar og eru á móti útgjöldum ríkisins vegna kynleiðréttinga.

Gunnar Helgi segir að sams konar flokkar byggðir á trúarhreyfingum hafi starfað í nágrannalöndum okkar, þar sem bann við fóstureyðingum hafi m.a. verið á stefnuskránni. „Það er ákveðinn hópur kjósenda í kringum svona safnaðarstarf sem er fyrir utan meginstrauminn. Það gæti auðvitað verið einhver hljómgrunnur fyrir svona flokki í því starfi, sérstaklega með aðganginn að virkum félögum, en miðað við fyrri reynslu er það ekki mikill hljómgrunnur,“ segir Gunnar Helgi, aðspurður.



**GUNNAR HELGI KRISTINSSON**

Hann bætir við að flokkurinn virðist vera mjög eindreginn í stefnumálum sínum. „Þessir flokkar eins og í Noregi og Svíþjóð byggja á mjög gömlum grunni, safnaðarstarfi í fríkirkjulegum hreyfingum eða í leikmannahreyfingum sem sér rætur alveg aftur á 19. öld og hafa forverar þeirra verið lifandi hluti af pólitísku lífi í þeim löndum í mjög langan tíma,“ segir Gunnar Helgi. „Það er engin hefð fyrir svona pólitísku, kristilegu starfi á Íslandi sem ég kannast við, þannig að þetta er meira utan við meginstrauminn á Íslandi. Það er því líklegt að það hafi ekki enn slípast af því ýmsir, kannski öfgakenndari kantar.“

Spurður hvort flokkurinn sé mögulega tímaskekkja, miðað við eindregin stefnumál sín, segist hann búast við því að langflestum kjósendum finnist það. „En það eru til kjósendur sem þetta höfðar til og það er engin mæling á því hversu mikinn hljómgrunn þetta fær fyrr en við höfum einhverjar kannanir. En mér finnst allar líkur á því að það sé ekki mikill grundvöllur fyrir þessu.“

freyr@frettabladid.is



**STOFNANDI** Jón Valur Jensson er einn af stofnendum kristilegra stjórnmálasamtaka á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Viðbrögð við afhelgun samfélagsins

Að sögn Gunnars Helga Kristinssonar hafa kristilegir flokkar í Svíþjóð og Noregi verið litlir þó svo að t.d. Kjell Magne Bondevik úr kristilega demókrataflokknum hafi orðið forsætisráðherra Noregs. „Þessir flokkar hafa orðið til sem viðbrögð við afhelgun samfélagsins, sem varð áberandi á milli 1960 og 1970. Þeir höfða til fólks sem vill hafa trúarleg gildi í meiri hávegum en kannski samfélagið gerir yfirleitt. Það saknar þessara eldri tíma þar sem kirkja var meiri hluti af daglegu lífi fólks og berst gegn hlutum eins og fóstureyðingum,“ segir Gunnar Helgi. „En það er engin hefð fyrir því að þetta sé átakamál á Íslandi, ekki í hinu stóra samhengi. Það er langsamlega líklegast að þetta fái ekki mikinn hljómgrunn en maður veit auðvitað aldrei.“




Starfsmenn Isavia óánægðir eftir að dregið var af launum vegna aðgerða:

# Nýgerður samningur í hættu

**KJARAMÁL** Mikil reiði er á meðal starfsmanna Isavia eftir að vinnustundir í verkfalli voru dregnar frá launum þeirra um mánaðamótin, einnig af þeim starfsmönnum sem voru í vaktafríi. Jafnvel er talin hætta á að nýgerðir kjarasamningar verði felldir vegna þessa. Isavia ber fyrir sig dómafordæmi í málinu.

Samkvæmt þeim kjarasamningi sem þrjú stéttarfélög skrifuðu undir við Isavia á dögunum og greiða á atkvæði um næstkomandi föstudag fram til þriðjudags í næstu viku, áttu allir starfsmenn Isavia að fá hundrað þúsund króna eingreiðslu. Þeim brá hins vegar mörgum í brún þegar þeir sáu launaseðilinn þessi mánaðamótin því búið var að draga af launum fyrir þann tíma sem verkfallið stóð yfir.

Talsmaður Isavia segir ekki rétt að dregið hafi verið af launum þeirra sem unnu á undanþágu. Hins vegar sé það algilt að laun séu dregin af fólki vegna vinnustöðvana.

„Ég hefði viljað að haft hefði verið meira samráð við félagið. Við erum að reyna að vinna að lausn þessa máls með samtölum við yfirmenn Isavia og eigum við ekki að vona að okkur takist það,“ sagði Kristján Jóhannsson, formaður Félags flugmálastarfsmanna, í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. - hmp




**VINNUSTÖÐVUN** Starfsmenn Isavia hafa nefnt að fella kjarasamninginn nýja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Citroën C5** Dynamique HJY59
Skráður júlí 2010, 2,0 TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 84.000 km.
Ásett verð: 3.340.000 kr.




**Tilboð: 2.090.000 kr.**

**Ford Explorer Eddie 4x4** RJ109
Skráður ágúst 2006, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 94.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr.




**Tilboð: 4.280.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S AWD** BHP25
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 4.580.000 kr.



**Verð: 1.990.000 kr.**

**Ford Escape XLT** UU058
Skráður ágúst 2007, 3,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 108.000 km.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð: 1.390.000 kr.**

**Hyundai i30 Classic** TOH76
Skráður júní. 2008, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 95.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.




**Tilboð: 2.390.000 kr.**

**Honda Accord** YHE12
Skráður júlí 2008, 2,4i bensín, sjálfsk.
Ekinn 93.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.




**Tilboð: 3.190.000 kr.**

**Ford B-MAX Titanium** JFE65
Skráður maí 2013, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 28.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr. *í ábyrgð*

**FINNDU BÍLINN ÞINN**

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

**TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*

**BÍLADÍLL DAGSINS!**
*Hafðu samband strax!*




**Tilboð: 3.090.000 kr.**

**Ford Escape XLT AWD** GAB95
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 3.490.000 kr.




**Tilboð: 1.990.000 kr.**

**Toyota Auris** MXJ73
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.




**Tilboð: 1.290.000 kr.**

**Nissan X-Trail** Elegance KN151
Skráður maí 2006, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 127.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.




**Tilboð: 5.450.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser** 120 VX ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.




**Tilboð: 2.090.000 kr.**

**Citroën C3** Exclusive MRN04
Skráður apríl 2012, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 42.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr.




**Tilboð: 1.290.000 kr.**

**Audi A6** UZ308
Skráður febr. 2004, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 137.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.



**Verð: 790.000 kr.**

**Toyota Rav-4** AWD YN847
Skráður sept. 2001, 2,4i bensín, sjálfsk.
Ekinn 184.000 km.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

## SVONA ERUM VIÐ



**51 togari var gerður út frá Íslandi við lok síðasta árs og hefur þeim fækkað um níu frá árinu 2008 þegar 60 togarar voru skráðir hér á landi.**

Opnum bátum fjölgaði hins vegar úr 700 í 862 á sama tímabili og vélskipum hafði fjölgað úr 700 í 783.

Kínverski fjárfestirinn Huang Nubo beinir sjónum sínum að Noregi:

# Ekki hættur við á Íslandi

**NOREGUR** Kínverski fjárfestirinn Huang Nubo beinir nú sjónum sínum að Noregi þar sem hann hefur hug á að fjárfesta fyrir 660 milljónir norskra króna, eða tæpa 12 milljarða íslenskra króna, næstu fimm til tíu árin. Samkvæmt frétt AFP-fréttastofunnar tekur Huang fram að hann hafi ekki hætt við áform sín á Íslandi. Framvindan sé hæg en hann geti beðið.

Eins og áður neitar Huang því að áætlanir hans séu af pólitískum toga en hann segir þó að auðvitað kanni hann hvaða afstöðu land sem hann vill fjárfesta í hafi til Kína. Samskiptin milli norskra og kínverskra stjórnvalda hafa verið stirð undanfarin ár. Kínversk yfirvöld eru þó ánægð með að norska stjórnin skuli hafa neitað að taka á móti Dalai Lama þegar hann kemur til Óslóar í þessari viku.



**HUANG NUBO**

Huang segir að hefði norska stjórnin tekið á móti Dalai Lama hefði það komið niður á áætlunum hans um fjárfestingar. Kínversk stjórnvöld hefðu þá ekki getað samþykkt slíkan samning.

Í fyrra gerði hann samning við listasöfnin í Bergen um 9,5 milljóna norskra króna, rúmlega 180 milljóna íslenskra króna, framlag gegn því að þau skiluðu sjö hvítum marmarastyttum sem hurfu frá Kína þegar greipar voru látnar sópa um kínverska höll á nítjándu öld. **-ibs**

Fulltrúar EFTA á ferð:

## Ræddu saman um viðskipti

**VIÐSKIPTI** Fríverslunarsamningur EFTA og Kanada, viðskipti og fjárfestingar voru til umræðu á fundi í Reykjavík í gær. Þá var rætt hvort ástæða væri til að hefja viðræður um að endurskoða og víkka út samninginn svo hann taki einnig til þjónustuviðskipta, opinberra innkaupa og hugverkaverndar. Fastafulltrúi Íslands gagnvart EFTA, Martin Eyjólfsson sendiherra, leiðir viðræðurnar fyrir hönd EFTA. Fundum verður framhaldið í dag. **-fb**



**ORKA** Stórnotendur geta átt von á því að ákveðið hlutfall af þeirri orku sem þeir kaupa skerðist ef lítið vatn er í miðlunarlónum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Rennsli í miðlunarlón eykst:

## Stórnotendur fá meiri orku

**ORKUMÁL** Rennsli í miðlunarlón Landsvirkjunar er tekið að aukast og því hefur fyrirtækið dregið úr skerðingu á afhendingu orku til stórnotenda. Gripið var til skerðingarinnar vegna slæmrar stöðu í lónunum í lok febrúar.

Í byrjun maí var dregið um helming úr skerðingu til stórnotenda, og vonir standa til þess að hægt verði að veita alla umbeðna orku fyrir lok mánaðarins, að því er fram kemur á vef Landsvirkjunar. Spár gera ráð fyrir því að rennsli í miðlunarlón muni aukast áfram á næstunni. **- bj**

Umboð Toyota á Íslandi:

## Innkalla nær 1.500 Yarisa

**NEYTENDUR** Neytendastofu hefur borist tilkynning frá Toyota á Íslandi um innköllun á 1.480 Yaris-bifreiðum vegna bilunar í festingu í mælaborði fyrir stýrissúlu. Um er að ræða bifreiðar framleiddar á tímabilinu 2005 til 2009, að því er segir í frétt á vef Neytendastofu.

Þar segir að ef stýrishjóli sé endurtekið snúið harkalega í botn til hægri eða vinstri geti suðuð á festingu fyrir stýrissúluna brotnað frá burðarbita í mælaborði. Toyota mun senda bréf vegna þessarar innköllunar til hlutaðeigandi bifreiðaeigenda. **- ibs**

# Færri bátar héldu til veiða að þessu sinni

**Fyrsti dagur strandveiða þetta sumarið var í gær og fór mikill fjöldi báta á sjó af því tilefni. Um 430 umsóknir um strandveiðileyfi höfðu borist Fiskistofu. Veiðarnar virðast hafa farið vel af stað þó að bræla hafi verið við sunnanvert landið.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Á milli 750 og 770 skip voru á sjó í gær þegar mest var, samkvæmt upplýsingum frá Vaktstöð siglinga. Þar af voru tæplega 400 strandveiðibátar. Það mun þó ekki vera mikið miðað við oft áður, en mest hafa um þúsund skip verið á sjó í einu.

Í gær höfðu Fiskistofu borist um 430 umsóknir um strandveiðileyfi, en á fyrsta degi veiða í fyrra voru þær 465. Fyrir daginn í gær höfðu 380 leyfi verið virkjuð og því ljóst að ekki komust allir af stað sem vildu.

Umsóknir á svæði A eru 199, á svæði B eru þær 79, á svæði C eru þær 56 og á svæði D eru þær 94.

Eldur kom upp í stýrishúsi strandveiðibáts á Breiðafirði í gærmorgun. Einn maður var um borð og gekk honum vel að slökkva eldinn, en báturinn var þó vélarvana og þurfti að draga hann í land. Ekkert annað alvarlegt atvik kom upp í gær, samkvæmt Vaktstofunni, en þó urðu einstaka bilanir.

Fréttablaðið hafði samband við nokkra hafnarverði hringinn í kring um landið til að kanna hvernig veiðar hefðu gengið. Vel gekk á vestanverðu landinu og virðist sem mörgum hafi tekist að fá skammtinn, sem er 650 kíló talið í þorskígildum.

„Það er nóg að gera hérna í Ólafsvík,“ segir Þórður Björnsson hafnarvörður. Um 35 bátar reru frá Ólafsvík í gær. „Það var ágætis fiskirí og flestir komu með skammtinn. Þetta er alveg ljómandi og það er bara gaman að þessu,“ segir Þórður.

„Þetta er bara fínt og það hefur öllum gengið vel almennt,“ segir Heiðar Hermannsson, hafnarvörður í Bolungarvík. Hann segir um 27 til 30 báta hafa róið þaðan. Hann segir flesta hafa náð skammtinum og fiskurinn hafi verið fínn. „Þetta er bara í fínu lagi og það gengur bara vel.“



**HALDIÐ TIL VEIÐA** Fjöldi báta var á sjó í gær, en þó fækkar þeim á milli ára. Veiðar gengu vel víða um land, en þó ekki á Húsavík og bræla var við sunnanvert landið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Það var ágætis fiskirí og flestir komu með skammtinn. Þetta er alveg ljómandi og það er bara gaman að þessu.**
>
> *Þórður Björnsson, hafnarvörður í Ólafsvík*

Á Húsavík gengu veiðar ekki vel í gær og af þeim sex bátum sem reru þaðan fékk enginn yfir 200 kíló. „Þetta var frekar dapurt fyrsta daginn, en það mesta sem náðist voru 195 kíló,“ segir Hjálmar Hjálmarsson, hafnarvörður á Húsavík. Hann segir að bátum sem róið sé frá Húsavík eigi eftir að fjölga en einhverjir, sem enn séu á grásleppuveiðum, ætli á strandveiðar.

Tólf til fimmtán fóru til veiða frá Djúpavogi. „Það gekk vel og flestir þeirra náðu um það bil skammtinum,“ segir Stefán Guðmundsson hafnarvörður. Frá Hornafirði fór enginn á sjó í gær vegna brælu. **samuel@frettabladid.is**

Bæjarráð Akureyrar ályktar:

## Vilja sjálfir reka heilsugæsluna

**HEILBRIGÐISMÁL** Bæjarráð Akureyrar telur að rekstur Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri eigi heima í höndum bæjarins, eins og verið hefur undanfarin 17 ár. Á fundi sínum nýverið tók ráðið undir bókun félagsmálaráðs bæjarins þessa efnis.

Félagsmálaráð lagði til að bæjarstjóra yrði falið að ganga til viðræðna við velferðarráðuneytið um nýjan samning og undir það tekur bæjarráð. Þá skorar bærinn á Alþingi að taka fjárveitingar til heilsugæslunnar til gagngerrar endurskoðunar hið fyrsta. **- bj**



**HRAUN** Innan steypunnar leynist timburhús. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓR HJALTALÍN

Skagfirðingar hafna húsi:

## Þykir of dýrt að gera Hraun upp

**MENNINGARMÁL** Skagfirðingar munu ekki þiggja 140 ára gamla íbúðarhúsið á Hrauni í Fljótum ef bæjaryfirvöld staðfesta ákvörðun menningarnefndar sveitarfélagsins.

„Með tilvísun í forstöðumann Byggðasafns Skagfirðinga telur nefndin ekki rétt að þiggja húsið til varðveislu þar sem sveitarfélagið á nú þegar hús sömu gerðar, það er Áshúsið í Glaumbæ, enda væri verulega kostnaðarsamt að flytja og endurbyggja húsið á nýjum stað,“ segir menningarnefndin. Hraunahúsið þykir hafa mikið varðveislugildi en eigendur þess vilja losna við það af jörð sinni. **- gar**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 25° | Friedrichshafen | 23° | New York | 19° |
| Aþena | 19° | Gautaborg | 12° | Orlando | 32° |
| Basel | 22° | Kaupmannahöfn | 12° | Ósló | 7° |
| Berlín | 21° | Las Palmas | 22° | París | 17° |
| Billund | 14° | London | 17° | San Francisco | 17° |
| Frankfurt | 22° | Mallorca | 25° | Stokkhólmur | 10° |




**ÚRKOMULÍTIÐ** Einkar milt og rólegt veður áfram á landinu næstu daga. Dálítil væta sunnan og austan til í dag og eystra á morgun, en annars úrkomulítið og bjart veður.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# „Það skiptir öllu máli að hafa góðan bakhjarl“

**Landsbankinn vill vera hreyfiafl** í atvinnulífinu og leggur áherslu á að veita fyrirtækjum um land allt bestu fjármálaþjónustu sem völ er á. Í nýrri fyrirtækjamiðstöð í Borgartúni 33 komum við enn betur til móts við kröfur viðskiptavina um sérfræðiþekkingu og vandaða ráðgjöf.



**Arndís B. Sigurgeirsdóttir**
Framkvæmdastjóri Iðu
og Máls og menningar

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar er Vinnslustöðin hf. sem höfðað hefur mál gegn fjármálaráðherra?
**2.** Fyrir hvern rannsakar módelfitness-keppandinn og vélaverkfræðingurinn Katrín Edda Þorsteinsdóttir þotuhreyfla?
**3.** Til heiðurs hverjum eru norsk verðlaun sem Hugleikur Dagsson hefur verið tilnefndur til?

**SVÖR:**
**1.** Vestmannaeyjum. **2.** Rolls Royce. **3.** Sonju Noregsdrottningu.

Að minnsta kosti fjórir hermenn létu lífið og tugir manna særðust í átökum í Úkraínu í gær:

# Hart var barist í borginni Slovjansk í gær

**ÚKRAÍNA, AP** Að minnsta kosti fjórir hermenn létu lífið og tugir manna særðust í átökum í borginni Slovjansk í austanverðri Úkraínu í gær.

Uppreisnarmenn, hliðhollir Rússum, áttu þar í átökum við einingarsinna. Barist var víða um borgina og voru notuð bæði skotvopn og sprengjur. Þá sendi Úkraínustjórn fjölmennt herlið til borgarinnar Odessa, þar sem tugir manna brunnu inni á föstudag. Fjölmargir komu til útfarar eins hinna látnu, sem haldin var í Odessa í gær.

Þar var verið að jarðsyngja þingmanninn Vjatsjeslav Markín, sem var þekktur fyrir að gagnrýna stjórnina í Kænugarði. Margir viðstaddra í jarðarförinni kölluðu hann hetju og hétu því að hefna hans.

Uppreisnarmenn í austurhluta landsins vilja meiri sjálfstjórn til handa þeim héruðum í austanverðu landinu þar sem Rússar eru í meirihluta. Sumir þeirra krefjast hreinlega aðskilnaðar frá Úkraínu og sameiningar við Rússland, rétt eins og gerðist á Krímskaga.

Stefnt er að forsetakosningum í Úkraínu þann 25. maí næstkomandi. - gb



**SORG Í ODESSA** Fjölmargir mættu til útfarar þingmannsins Vjatsjeslavs Markín, sem brann inni ásamt tugum annarra á föstudaginn. NORDICPHOTOS/AFP



**MOKAÐ FYRIR VESTAN** Undanfarin ár hefur ekkert verið mokað á laugardögum á vegum á Vestfjörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Breytt stefna Vegagerðarinnar í snjómokstri næsta vetur:

# Moka alla daga á Vestfjörðum

**SAMGÖNGUR Vegagerðin mun halda vegum á Vestfjörðum opnum alla daga vikunnar næsta vetur. Þetta tilkynnti Hreinn Haraldsson vegamálastjóri vestfirskum sveitarstjórnarmönnum í síðustu viku, að því er fram kemur á fréttavefnum bb.is.**

**Vegagerðin var gagnrýnd harðlega fyrir að moka aðeins sex daga vikunnar í sparnaðarskyni undanfarin ár. „Ég fagna því að Vegagerðin skuli vera búin að taka þessa ákvörðun, þetta hefur verið ófremdarástand að geta ekki ferðast alla daga vikunnar," segir Birna Lárusdóttir, formaður samgönguráðs, í samtali við bb.is.** - bj



**BIRNA LÁRUSDÓTTIR**

## LÖGREGLUMÁL

### Með vopnabúr í heimahúsi

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur kært 21 árs mann eftir að í sumar fundust í bíl hans og á heimili úðavopn, slöngubyssa, haglabyssa, loftbyssa, skammbyssa, raflostsbyssa og skotfæri, auk hnúajárns, axar, hnífs, fjögurra kylfa og stunguhnífs. Þá fundust hjá honum sterar, kannabisefni og smáræði af amfetamíni.

## BORGARFJÖRÐUR

### Funda um mál fatlaðra

Velferðarnefnd Borgarbyggðar vill skoða hvað má betur fara í þjónustu við fólk með fötlun og boðar í því skyni til samráðsfundar í kvöld á Borgarbraut 65a. „Þeir sem nota þjónustuna vita best hvaða breytinga er þörf og eru notendur og foreldrar og aðrir aðstandendur sérstaklega hvattir til að mæta," segir í fundarboði.





**Lyftari til sölu**

**Still R60-25** rafmagnslyftari, gámagengur, árgerð 2005 í mjög góðu standi til sölu.
Lyftigeta 2,5tonn, lyftihæð 4,48 metrar, þrískipt mastur og hliðarfærsla.
Verð aðeins kr. 1.350 þús.+ vsk.

Nánari upplýsingar í síma 863-4646


# Forsetafrúin sögð hóta aðstandendum

Leiðtogi Boko Haram hefur í fyrsta sinn viðurkennt að samtökin standi á bak við rán á hundruðum stúlkna um miðjan apríl. Aðstandendur stúlknanna saka forsetafrú Nígeríu um að hafa látið handtaka einn helsta forystumann þeirra.

**NÍGERÍA, AP** „Ég rændi stúlkunum ykkar," sagði Abubakar Shekau, leiðtogi samtakanna Boko Haram í Nígeríu. Þetta er í fyrsta sinn sem hann viðurkennir að samtökin hafi rænt hundruðum stúlkna og ungra kvenna um miðjan síðasta mánuð. Hann sagði stúlkurnar þræla og hótaði að selja þær á markaðstorgi.

Samtökin hafa það yfirlýsta markmið að sjaríalögum múslima verði komið á í Nígeríu. Þau hafa undanfarin ár barist fyrir þessu með ofbeldi og árásum á skóla, kirkjur og fleiri staði þar sem almenningur kemur saman. Árásir þeirra hafa kostað hundruð manna lífið. Nafn samtakanna, Boko Haram, mun þýða ‚Vestræn menntun er syndsamleg'.

Aðstandendur stúlknanna hafa harðlega gagnrýnt stjórn landsins fyrir aðgerðaleysi. Jonathan Goodluck forseti hefur verið sagður láta sig örlög stúlknanna litlu varða. Fjölmenn mótmæli gegn stjórninni og forsetanum hafa af þessum sökum verið tíð síðustu daga. Í gær var svo forsetafrúin, sem heitir Patience Jonathan, sökuð um að hafa látið handtaka einn helsta leiðtoga mótmælendanna. Talsmaður hennar segir forsetafrúna engin völd hafa til slíks.

Saratu Angus Ndirpaya, frá bænum Chibok, fullyrti hins vegar að tveir lögreglumenn hefðu farið með sig og Mutah Nyadar, sem er einn helsti leiðtogi mótmælendanna, á lögreglustöð á mánudag að loknum næturlöngum fundi þeirra með forsetafrúnni á setri forsetans í Abuja. Sér hefði strax verið sleppt, en Nyadar sæti enn í haldi. Þær hefðu báðar verið sakaðar um að vera liðsmenn Boko Haram. Hún sagði hins vegar að forsetafrúin hefði á fundinum farið mikinn og hótað aðstandendum stúlknanna. Hún hefði sagt aðstandendurna hafa spunnið upp sögur af mannráninu í því skyni að sverta ímynd Nígeríustjórnar.

Lögreglan í Nígeríu segir að meira en 300 stúlkum hafi verið rænt. Rúmlega 50 þeirra hefur tekist að flýja, en 276 eru enn í haldi ræningjanna. gudsteinn@frettabladid.is

## UPPREISN Í NÍGERÍU

**Á þessu ári hafa árásir Boko Haram kostað meira en 2.400 manns lífið. Liðsmenn hreyfingarinnar hafa ráðist á skóla, kirkjur, lögreglustöðvar og herstöðvar.**




**2002:** Mohammed Yusuf stofnar Boko Haram.
**2009:** Boko Haram hefur vopnaða baráttu.
**2013:** Árásir samtakanna kosta meira en 1.800 manns lífið.
**Janúar 2014:** 16 árásir kosta 332 manns lífið.
**Febrúar:** 13 árásir kosta 355 lífið. Árásir á skóla í Yobe og Borno kosta 96 manns lífið. 25 konum rænt. 106 drepnir í árás á bæinn Izghe.
**Mars:** 1.130 drepnir í 14 árásum.
**Apríl:** 18 árásir kosta meira en 570 lífið, þar af fórust 105 í árás í Zamfara-ríki og 75 í sprengju árás á strætisvagnastöð.
**16. apríl:** 234 stúlkum rænt frá skóla í Chibok.
**1. maí:** Sprengjuárás í Abuja kostar að minnsta kosti 19 manns lífið.

Aðalfundur félagsins Gróður fyrir fólk verður haldinn í kvöld:

# Vilja fá sveitarfélög í lið með sér

**UMHVERFISMÁL** Aðalfundur félagsins Gróður fyrir fólk verður haldinn í kvöld þar sem nokkrum framboðendum hefur verið boðið til að ræða hugtakið vistvangur og ræða aðkomu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu að uppgræðslu.

„Þessi samtök hafa starfað að uppgræðslu í 17 ár og eru stofnuð utan um þessa tiltölulegu einföldu hugmynd, að nota lífræn úrgangsefni til uppgræðslu," segir Björn Guðbrandur Jónsson, framkvæmdastjóri GFF.

Hann vísar þar til úrgangs á borð við hrossatað, hænsnaskít, garðaúrgang og kjötmjöl, svo dæmi séu tekin. Í stað þess að meðhöndla úrganginn sem slíkan hafa samtökin gert hann að uppgræðsluefni.

„Þetta höfum við gert í 17 ár og við viljum meina með framúrskarandi árangri. Nú finnst okkur kominn tími til að kynna þetta fyrir sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og reyna að fá þau til að gera þetta með okkur á stærri skala. Þannig að þetta verði nánast stefnumál sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Ekki eitthvað sem lítil samtök gera í sýnishornastíl," segir Björn. - skó





**VIÐ LÁGAFELL** Á þeim tíu árum sem liðið hafa á milli myndatakanna hefur svæðið gerbreyst. MYND/BJÖRN GUÐBRANDUR JÓNSSON

# 20-40% afsláttur! Sumartilboð



## Eldhús- og baðinnréttingar - mikið úrval !






100x46 með handlaug, speglaskáp og ljósi



53x31 með handlaug



60x46 með handlaug, speglaskáp og ljósi

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Móður drengs sem lést á Landspítalanum synjað um bætur vegna sonarmissis þar sem landlæknir var lengi að fjalla um málið:

# Má greiða bætur þrátt fyrir drátt segir umboðsmaður

**STJÓRNSÝSLA** Dráttur á málsmeðferð landlæknis vegna bótakröfu móður vegna læknamistaka sem kostuðu son hennar lífið varð til þess að ríkislögmaður hafnaði bótakröfu móðurinnar. Umboðsmaður Alþingis telur að ekkert í lögum komi í veg fyrir að heilbrigðisráðherra bæti konunni sonarmissinn.

Ríkislögmaður hafnaði bótakröfunni á þeim grundvelli að hún væri of seint komin, réttur móðurinnar til bóta væri fyrndur. Sonur konunnar lést árið 2001 og bótakröfunni var hafnað árið 2012.

Móðirin sendi umboðsmanni Alþingis erindi vegna málsins og kvartaði undan töfum á afgreiðslu málsins hjá landlækni og afgreiðslu ríkislögmanns. Umboðsmaður hefur ekki lokið umfjöllun um málið en bendir móðurinni á að krefja heilbrigðisráðuneytið um bætur.

Í ákvörðun ríkislögmanns segir að engu breyti þó landlæknir hafi verið með málið til skoðunar lengi. Þá segir í svari velferðarráðuneytisins við fyrirspurn umboðsmanns að álitsgerð landlæknisembættisins sé ekki forsenda fyrir bótakröfu og umfjöllun embættisins rjúfi ekki fyrningu.

Umboðsmaður Alþingis hefur í kjölfarið skrifað heilbrigðisráðherra og ríkislögmanni bréf þar sem komið er á framfæri ábendingum vegna málsins, þótt málinu sé ekki formlega lokið hjá umboðsmanni.

Í bréfi sínu bendir umboðsmaður Alþingis á að ákvörðunarvald um bætur liggi hjá heilbrigðisráðuneytinu, ekki ríkislögmanni. Þá bendir umboðsmaður Alþingis á að þó að þau sjónarmið séu uppi að krafan sé fyrnd sé ekkert í lögum sem banni ráðuneytinu að taka ákvörðun um að rétta hlut móðurinnar vegna sonarmissisins „telji [ráðuneytið] á annað borð að stjórnvöld hafi valdið henni tjóni með bótaskyldri háttsemi“. - bj


**LANDSPÍTALINN** Sonur konu sem krefur ríkið um bætur lést á Landspítalanum árið 2001. Bótakröfu hennar var hafnað árið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sturtusett
CE
NAPOLI hitastýrt sturtusett
29.990
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
MÚRBÚÐIN
Reykjavík - Reykjanesbæ
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Hafa frjálst val um búsetu:

## Færri í „bláum“ sveitarfélögum

**SVÍÞJÓÐ Meðal þeirra 50 sveitarfélaga í Svíþjóð sem tóku á móti fæstum flóttamönnum miðað við íbúafjölda voru 39 undir stjórn borgaralegra flokka en aðeins tvö undir stjórn vinstrimanna, samkvæmt könnun sænska ríkissjónvarpsins.**


**FREDRIK REINFELDT**

**Haft er eftir Fredrik Reinfeldt forsætisráðherra að flóttamenn hafi frjálst val um búsetu. Það kunni að vera skýring.**

**Það að auki er oft sagður húsnæðisskortur í sveitarfélögum undir stjórn hægri manna við stórar borgir.** - ibs


**STOÐIRNAR STYRKTAR** Helmingur hlutafjáraukningarinnar fer í að borga niður skuldir. Hinn helmingurinn fer í að styrkja reksturinn og vöxt félagsins, ekki síst á fjarskiptamarkaði þar sem 365 hefur gert sig gildandi að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nýir fjárfestar í 365

Hlutafé 365 aukið um tæplega milljarð króna. Á bak við aukninguna eru núverandi eigendur og nýir fjárfestar. Tilkynnt um ráðningu Sævars Freys Þráinssonar í stól aðstoðarforstjóra. Honum er ætlað að halda utan um vöxt á fjarskiptamarkaði.

**VIÐSKIPTI** Nýir fjárfestar eru á leið inn í eigendahóp fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtækisins 365, sem á meðal annars og rekur Fréttablaðið, Stöð 2, Vísi og Bylgjuna.

Fjárfestar hafa samþykkt að auka hlutaféð um tæplega einn milljarð króna. Meira en helmingurinn mun koma frá nýjum fjárfestum en þar að auki munu núverandi eigendur leggja til nýtt fé. Hlutafjáraukningunni verður að hálfu varið í að greiða niður skuldir en að öðru leyti til að styrkja rekstur og vöxt.

Á sama tíma var tilkynnt að Sævar Freyr Þráinsson, fyrrverandi forstjóri Símans, hefði verið ráðinn aðstoðarforstjóri 365. Honum er falið að vinna að stefnumörkun og framtíðarsýn, ekki síst á fjarskiptamarkaði þar sem 365 hefur haslað sér völl á undanförnum misserum.


**ARI EDWALD**


**SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON**

Ari Edwald, forstjóri 365, segir að með ráðningunni á Sævari sé fyrirtækið að fá mann með mikla reynslu af rekstri og faglegri stjórnun. „365 hefur verið að vaxa á fjarskiptamarkaði og það er stórt skref að fá til liðs við okkur mann sem gjörþekkir markaðinn og veit betur en flestir hvað þarf til að ná árangri í fjarskiptarekstri,“ segir Ari.

Sævar var forstjóri Símans í rúm sex ár þar til í febrúar á þessu ári þegar Orri Hauksson tók við. Hann segir mörg spennandi verkefni fram undan. „Markmið okkar er að fjarskipta- og efnisþjónusta 365 hafi sérstöðu sem viðskiptavinir muni njóta. Mitt verkefni verður að ná fram markmiðum um vöxt og aukna arðsemi í rekstri 365. Við ætlum að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi og hagkvæma þjónustu og nýta vel þau vaxtartækifæri sem félagið hefur.“

Eftir að hlutafjáraukningunni lýkur í júní verður eiginfjárhlutfall 365 ríflega 40% og skuldir um 2,3 milljarðar króna, sem er innan við tvöfaldur árlegur rekstrarhagnaður félagsins. Samhliða hafa náðst samningar við viðskiptabanka félagsins um endurfjármögnun á lánum, sem felur í sér lengri niðurgreiðsluferil en verið hefur.

andri@frettabladid.is

VINIR VATNAJÖKULS
Ársfundur
Vina Vatnajökuls -
hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs
Ársfundur Vina Vatnajökuls verður haldinn, mánudaginn 12. maí 2014 kl. 16:00 á hótel Natura, Nauthólsvegi 52, Reykjavík.
Fundarefni venjuleg aðalfundarstörf.
Stjórnin


EDDA MAGNÚSDÓTTIR
Edda Magnúsdóttir er MS matvælafræðingur og hráfæðikennari frá Living Light Culinary Arts Institute 2011. Hún hefur diploma frá Ann Wigmore stofnuninni og hefur sótt námskeið hjá Victoríu Boutenko sem kallast LifeRetreat.
LIFANDI FÆÐI
miðvikudagur 14. maí 6.900 kr.
Lærðu á lifandi fæði og hráfæði með Eddu!
Lærðu að spíra og gerja bæði fræ og grænmeti, rækta hveitigras, búa til kornsafa og súrkál og nota probiotics í ostagerð.
Sýnikennsla og smakk verður á staðnum og allar uppskriftir fylgja.
Nánari upplýsingar og skráning á edda@47.is eða í síma 615 3375
HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5
KL. 18.30 – 20.30
SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI
Heilsuhúsið

Nýtt gagnaver Advania í Reykjanesbæ fyrirhugað:

## Undirbúningur hafinn

**TÆKNI** Advania undirbýr nú byggingu 2.500 fermetra gagnavers á Fitjum í Reykjanesbæ. Fyrirtækið rekur nú þegar gagnaver í Hafnarfirði, en rekstur þess mun haldast óbreyttur.

„Undirbúningur er nú þegar hafinn og ef vel gengur með framkvæmdir og öflun viðskiptavina mun fyrsti áfangi verða tekinn í notkun í ár. Fitjar eru mjög hentugt svæði fyrir gagnaversstarfsemi og aðgengi að orku er gott. Fyrir okkur sem rekum gagnaver skiptir mestu máli að hafa gott aðgengi að orku og svölu lofti sem hjálpar til við að kæla tölvubúnað á umhverfisvænan og hagkvæman hátt,“ segir Eyjólfur Magnús Kristinsson, framkvæmdastjóri Rekstrarlausna Advania.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að 80 alþjóðlegir aðilar nýti nú þjónustu gagnavers Advania.


**GAGNAVER** Ef framkvæmdir ganga vel verður fyrsti áfangi tekinn í notkun í ár. MYND/AÐSEND

Gestur G. Gestsson forstjóri segir það forgangsmál hjá fyrirtækjum um allan heim að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Með nýja gagnaverinu geti fyrirtækið boðið græna orku og fyrirsjáanlegan orkukostnað til langs tíma. „Það er einnig ánægjuefni að geta stuðlað að uppbyggingu atvinnulífsins í Reykjanesbæ með þessari framkvæmd,“ segir Gestur. - skó

№28
2014

Listahátíð
í Reykjavík

# Listahátíð í Hörpu



Kammersveit Reykjavíkur - opnunartónleikar Listahátíðar
@ Norðurljós 22. maí, kl. 20:00



Mahler no 3, Sinfóníuhljómsveit Íslands & Jamie Barton
@ Eldborg 23. maí, kl. 19:30



Kammerkór Suðurlands og Tavener
@ Norðurljós 24. maí, kl. 16:00



Sight Unseen – Lee Ranaldo & Leah Singer
@ Silfurberg 24. maí, kl. 21:00



Khatia Buniatishvili
@ Eldborg 29. maí, kl. 20:00



Bryn Terfel
@ Eldborg 24. maí, kl. 20:00



In the Light of Air – ICEEnsemble & Anna Þorvaldsdóttir
@ Norðurljós 25. maí, kl. 20:00

## Listahátíð 22. maí — 5. júní

Dagskrá og miðasala
www.listahatid.is

Reykjavíkurborg
TVG-ZIMSEN
Landsvirkjun
BRIM

## HEIMURINN




### Fulltrúar páfa yfirheyrðir

**1** **SVISS** Sérfræðingar á vegum Sameinuðu þjóðanna yfirheyrðu í gær enn á ný fulltrúa Páfagarðs um barnaníðinga innan kirkjunnar og líktu slælegum viðbrögðum Páfagarðs við pyntingar. Silvano Tomasi erkibiskup sagði kaþólsku kirkjuna vera að reyna að koma sínum málum í lag.

### Flóttamenn drukkna

**2** **GRIKKLAND** Að minnsta kosti 22 flóttamenn drukknuðu þegar skútu hvolfdi ásamt litlum báti skammt frá eyjunni Samos í austanverðu Eyjahafi. Um borð voru fjölmargir flóttamenn sem hugðust reyna að komast til Grikklands. Meðal þeirra sem drukknuðu voru fjölskyldur, sem komust ekki út úr káetu skútunnar. Margir flóttamannanna voru frá stríðshrjáðum löndum í Afríku og Mið-Austurlöndum.



**MISSTU HEIMILI SÍN** *Íbúar þorpsins Aab Bareek í Argo-héraði í Badakhsan í Afganistan.* NORDICPHOTOS/AFP

### Afganar leita enn

**3** **AFGANISTAN** Fólk í þorpinu Abu Barik í norðvestanverðu Afganistan leitar enn ættingja sinna í rústum húsa sem grófust undir aurskriðu á föstudag. Hundruð manna létu lífið og hundruð fjölskyldna að auki hafa misst heimili sitt. Sumum hefur tekist að komast til nærliggjandi þorpa, þar sem þeir hafa fengið húsaskjól hjá ættingjum. Aðrir hafast við í tjöldum.

# Úrgangur nýs laxeldis eins og frá stórri borg

Formaður Norður-Atlantshafslaxasjóðsins segir fyrirhugaðar breytingar á lögum um fiskeldi skaða lífríkið og ímynd Íslands. Skattgreiðendur taki á sig hundraða milljarða króna ábyrgðir. Breytingarnar eiga að einfalda stjórnsýslu og eftirlit.

**UMHVERFISMÁL** „Fiskeldi getur átt glæsta framtíð fyrir sér en ekki ef haldið er áfram á núverandi villibraut, ef marka má alla þá erlendu sérfræðinga sem hér hafa talað á málþingum í vetur,“ segir Orri Vigfússon í umsögn til Alþingis vegna frumvarps um fiskeldismál sem þar er til umfjöllunar.



**ORRI VIGFÚSSON**

Frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um fiskeldi er ætlað að einfalda stjórnsýslu og eftirlit með fiskeldi og hraða og einfalda veitingu starfs- og rekstrarleyfa til að gera starfsemi vegna fiskeldis sem skilvirkasta.

„Engin stefnumótun hefur verið mörkuð, engar undirbúningsrannsóknir farið fram og grunngögn vantar um sjávarumhverfið, meðal annars straumfræði, súrefnismettun, sjóskipti og fjölmargt fleira,“ segir í umsögn Orra, sem er formaður Norður-Atlantshafslaxasjóðsins (NASF).

Orri kveðst telja að verði frumvarpið að veruleika geti ímynd sjávarfangs og landbúnaðarvara frá Íslandi beðið langvarandi skaða.

„Skipulagsmálin eru í ólestri og ef núverandi frumvarp verður samþykkt eykst öngþveitið enn meir og við munum sitja uppi með skaðað lífríki, í óþökk eigenda sjávarjarða og veiðiréttareigenda. Niðurstaðan er þá komin í ógöngur með illa skipulagða framleiðslu sem skilar fáeinum láglaunastörfum og óheyrilegum kostnaði fyrir skattgreiðendur,“ segir Orri í umsögninni sem send var nefndasviði Alþingis í gær.

Í bréfi Orra til LÍÚ og Samtaka atvinnulífsins í apríl sagðist hann ósáttur við umsögn þessara aðila um frumvarpið. Við gerð þess hefði einungis verið haft samband við talsmenn fiskeldis, en ekkert við lögverndaða einkaeignarrétthafa sem eiga hagsmuna að gæta í málinu og heldur ekki við þá sem tala fyrir vernd umhverfisins og villtra laxfiska – þar á meðal Norður-Atlantshafslaxasjóðinn og Veiðimálastofnun. Erlendum sérfræðingum bæri saman um að hér væri um mikla náttúruvá að ræða og vöruðu nánast einum rómi Íslendinga við fljótfærni.

„Á meðan þúsundir háskóla og vísindastofnana um allan heim leita leiða til að leysa þetta vandamál ætlum við að leyfa þetta meira og minna óséð og láta okkur skattgreiðendur, enn eina ferðina, taka á okkur ábyrgðir fyrir hundruð milljarða,“ sagði Orri. Þá benti hann á að þótt smábátasjómenn megi ekki henda úrgangi í sjóinn sé fiskeldið ekki háð neinum takmörkunum fyrir úrgangslosun.

„25 þúsund tonna laxeldi, eins og fyrirhugað er á Patreksfirði, skilar úrgangi á við 400 til 500 þúsund manna bæjarfélag,“ sagði í fyrri umsögn formanns NASF.

gar@frettabladid.is



**LAXELDI Í MJÓAFIRÐI** Formaður NASF segir fyrirhugað laxeldi á Patreksfirði skila úrgangi á við 400 til 500 þúsund manns. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR




*Mazda2 er sparneytinn, ótrúlega lipur og hagkvæmur í rekstri. Hann er búinn öflugri 1,3 lítra bensínvél sem þó eyðir einungis frá 4,3 l/100 km og fær frítt í stæði.* Mazda2 er áreiðanlegur, öruggur, vel búinn og frábær í endursölu. Taktu snúning á Mazda2, gerðu góð kaup og lækkaðu rekstrarkostnaðinn.*

*MAZDA. DEFY CONVENTION.*

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Mazda2 eyðir 4,3 l/100 km í langkeyrslu og fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



**VW Golf Trendl 1,6 TDI**
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 40.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**3.050.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**Mitsubishi I-MIEV**
**rafmagnsbíll.** Árg. 2012, rafmagn
Ekinn 5.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.190.000,-**



**VW Jetta** Highiline 1,4
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 13.700 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.490.000,-**



**VW Polo** 1.4 Comfortline
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 41.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.430.000,-**



**VW Tiguan** Track&Style
**2,0TDI.** Árgerð 2013, dísil
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 5.990.000,-**



**VW Passat** Comfortl 1.6 TDI
**DSG** Árgerð 2012, dísil
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 4.490.000,-**



**Audi A4** Avant 2.0 TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 23.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 5.990.000,-**



**Skoda Superb** Combi 2,0
**TDI AT** Árgerð 2012, dísil
Ekinn 41.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 4.590.000,-**



**Audi Q7** 3,0 TDI
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 40.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 10.700.000,-**



**Toyota Avensis** 1800 Sol
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 30.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 3.790.000,-**



**Toyota Auris** 1333 Terra
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 38.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.590.000,-**



**Toyota RAV4**
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 55.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 4.650.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 150 GX
Árgerð 2012, dísill
Ekinn 35.500 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 8.9 90.000,-**



**Fiat** 500 LOUNGE
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 17.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.290.000,-**



**Nissan Note** 1600 visia
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 53.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 1.560.000,-**



**VW Polo**1.2 Trendline
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 64.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 1.750.000,-**



**Kia Sportage** II CRDI
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 79.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 1.850.000,-**

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

HEKLA
**NOTAÐIR BÍLAR**

Flugmenn Icelandair misnota aðstöðu sína:

# Neyðarréttur hálaunafólksins

Flugmenn hjá Icelandair hafa boðað til nokkurra tólf tíma skæruverkfalla, þess fyrsta næstkomandi föstudag. Verkföllin munu valda stórfelldri truflun á samgöngum til og frá landinu. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær má ætla að ferðaáætlanir um 7.000 manns verði í uppnámi, komi til verkfalls í vikunni. Þá raskast 46 flugferðir á vegum Icelandair.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Verkföll flugmanna eru ekki eingöngu líkleg til að valda þúsundum manna verulegum óþægindum. Þau munu líka valda ferðaþjónustunni í landinu miklum skaða. Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, sagði í Fréttablaðinu fyrir helgi að á þessum árstíma mætti ætla að tapaðar gjaldeyristekjur vegna verkfalls næmu um milljarði króna á dag. „Hver einasta klukkustund í þessari óvissu hefur mikil áhrif,“ sagði Helga. Verkfall hefur ekki aðeins áhrif á afkomu ferðaþjónustufyrirtækja hér og nú. Það er líka vont fyrir orðspor Íslands sem ferðamannalands og þar með framtíðarafkomu greinarinnar sem margir eiga mikið undir, þar með taldir flugmenn og samstarfsfólk þeirra hjá Icelandair.

Hvaða kröfur ætli það séu sem flugmenn vilja ná fram, jafnvel með svo ærnum tilkostnaði fyrir eigin atvinnugrein? Þeir neita sjálfir að tjá sig um kröfugerðina, en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að þeir fari fram á margfalda þá 2,8 prósenta hækkun sem samið var um í almennum kjarasamningum fyrir jól. Samtök atvinnulífsins meta það svo að kröfugerðin feli í sér allt að 30 prósenta launahækkun.

Ef flugmenn væru á flæðiskeri staddir mætti hugsanlega réttlæta slíkar kröfur. Algeng heildarlaun þeirra eru hins vegar á bilinu 1,5 til tvær milljónir króna.

Forsvarsmenn Félags íslenzkra atvinnuflugmanna hafa látið hafa ýmislegt afar umdeilanlegt eftir sér þegar þeir rökstyðja þessar fráleitu kröfur. Örnólfur Jónsson, formaður samninganefndarinnar, sagði í Bylgjufréttum fyrir nokkru að afkoma Icelandair væri góð og nú væri „komið að starfsfólkinu“. Það má rökstyðja að starfsfólk eigi að njóta þess þegar vel gengur, en Icelandair hefur þegar samið við meirihluta starfsmanna sinna, sem féllust á sömu litlu hækkunina og meginþorri annarra launþega. Það fólk er flest á miklu lægri launum en flugmennirnir.

Hafsteinn Pálsson, formaður FÍA, sagði í Fréttablaðinu í gær að umræður um að setja lög til að afstýra verkfalli væru einkennilegar. Verkfallið lokaði alls ekki landinu, af því að sjö eða átta önnur flugfélög flygju til og frá Íslandi nú í byrjun maí. „Það er grafalvarlegt ef það eru sett lög á stéttarfélög,“ sagði Hafsteinn.

Núna í vikunni eru um tveir þriðjuhlutar flugferða til og frá Keflavíkurflugvelli á vegum Icelandair. Það er hreint ekki svo að það sé einfalt mál fyrir flugfarþega að fá far með öðru flugfélagi. Verkfallið veldur gífurlegri röskun og ýmis rök mæla með að sett verði lög til að koma í veg fyrir það.

Verkfallsrétturinn er nefnilega neyðarréttur, sem varð til þegar launafólk var að berjast fyrir mannsæmandi kjörum og grundvallarréttindum. Það er líka grafalvarlegt þegar hálaunastéttir, sem í krafti aðstöðu sinnar geta nánast tekið landið í gíslingu, nota þá stöðu með ófyrirleitnum hætti til að ná fram ósanngjörnum kröfum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ungir en seinir

Ungir jafnaðarmenn sendu frá sér ályktun í gær þess efnis að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra ætti að víkja sem ráðherra í tengslum við lekamálið svokallaða. Mörgum þykja Ungir jafnaðarmenn heldur seinir að bregðast við en eins og alþjóð veit kom málið fyrst upp í desember á síðasta ári, eða fyrir hálfu ári. Það hefur raunar vakið furðu hve lítið ungliðahreyfingar stjórnmálaflokkanna hafa tjáð sig um málið en þær eru venjulega fyrstar til að hrópa á afsögn stjórnmálamanna fyrir hin ýmsu afglöp í starfi. Kannski tími ungliðahreyfinganna sé í raun og veru liðinn.



### Forsætisráðherra í felum

Ríkisstjórnin nýtur meiri stuðnings samkvæmt þjóðarpúlsi Gallups en í síðustu könnun, eða um 40 prósenta. Hverju þetta sætir er ekki vitað en vinsælar aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa verið fáar það sem af er kjörtímabili. Kauðsk leit Framsóknarflokksins að oddvita í borginni hefur heldur ekki hjálpað til við að bæta ímynd flokksins. Nú slá margir því föstu að helsta ástæðan fyrir fylgisaukningu ríkisstjórnarinnar sé sú að sjálfur forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hefur varla sést í viðtölum við fjölmiðla svo vikum skiptir og virðist vera nærri óínáanlegur.



### Enginn Óttar

Þingmaðurinn og rokkarinn Óttar Proppé stígur á stokk í Eurovision í kvöld. Pollapönkarinn knái hélt út til Kaupmannahafnar þann 27. apríl síðastliðinn en virðist hafa gleymt að kalla inn varamann fyrir sig á Alþingi. Það kom ekki til greina að kalla inn varamann í Útsvarslið Reykjavíkur og því fór svo að Óttari var flogið heim frá Kaupmannahöfn til að taka bikarinn. Ríkissjónvarpið virðist samt ekki vera tilbúið að borga ferðakostnað Óttars í þingsalinn og því er sæti Óttars autt og þingmannslaust, stjórnarandstöðunni til mikils ama.

snaeros@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Af öllum stærðum

SAMFÉLAG



Árni Svanur Daníelsson
prestur



Kristín Þórunn Tómasdóttir
prestur

Kona um þrítugt kaupir inn. Hún heyrir pískur og þegar hún lítur upp sér hún ungt fólk sem tekur myndir af henni með símunum sínum. Hún veit hvað vekur athygli þeirra en bregst ekki við. Hún klárar innkaupin og segir manninum sínum ekki frá því sem gerðist fyrr en þau koma heim. Hún skammast sín og grætur.

Karl á þrítugsaldri er úti að ganga með hundinn sinn. Maður sem hann mætir snýr sér við, tekur símann upp úr vasanum og smellir af. Sá heldur sína leið og hundaeigandinn klárar hringinn og fer síðan heim. Hann segir engum frá því sem gerðist.

**Verða fyrir fordómum**

Þetta eru sannar sögur frá Íslandi í dag. Í báðum tilvikum er um að ræða fólk í mikilli yfirþyngd. Þau eru mjög meðvituð um hvað þau eru stór og verða fyrir fordómum vegna þess á hverjum degi. Stærð þeirra kallar fram viðmót sem mótast af neikvæðri sýn á stórt fólk. Það mótar þjónustu í búðum, veitingastöðum og afgreiðslustofnunum. Lítilsvirðing snýst jafnvel upp í ofbeldi eins og í dæmunum hér að ofan, þegar þau verða skotspónn ókunnugra og eru sett í stöðu sem niðurlægir og meiðir.

**➜ Megrunarlausi dagurinn er meðal annars haldinn til að vekja athygli á þjáningum sem hljótast af þráhyggju um grannan vöxt og almennri andúð á fitu. Við erum hvött til að sjá fyrir okkur veröld þar sem fólk í ólíkum stærðum er metið fyrir hvað það er en ekki hvort það er feitt eða grannt.**

Það þarf að skera upp herör gegn fitufordómum. Megrunarlausi dagurinn er meðal annars haldinn til að vekja athygli á þjáningum sem hljótast af þráhyggju um grannan vöxt og almennri andúð á fitu. Við erum hvött til að sjá fyrir okkur veröld þar sem fólk í ólíkum stærðum er metið fyrir hvað það er en ekki hvort það er feitt eða grannt.

Yfirvöld þurfa líka að horfast í augu við veruleika fólks í ofþyngd. Ástæðurnar eru margslungnar og ofþyngdin leiðir til vandamála af félagslegum, heilsufarslegum og tilfinningalegum toga. Við því þarf að bregðast.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Baktal og þursabit



HEILSA
**Teitur Guðmundsson**
læknir

Þegar maður veltir fyrir sér merkingu orða og tengingu þeirra við sjúkdóma getur verið skemmtilegt að tengja saman hin ýmsu orð og einkenni. Læknar þekkja það býsna vel að ein algengasta ástæðan fyrir því að sjúklingur leitar til þeirra er bakvandamál. Mætti segja í gamni að þá hæfist í upphafi svokallað baktal í óeiginlegri merkingu þar sem fjallað er um einkenni og líðan viðkomandi, en ekki í hinum hefðbundna skilningi að tala illa um viðkomandi án þess að hann viti af því.

Oftar en ekki kemur í ljós að um þursabit eða skessuskot er að ræða, hvora óvættina sem maður velur að tengja verkinn við. Hvað sem veldur eru bakverkir ein algengasta orsök fjarveru frá vinnu í hinum vestræna heimi.

Það er talsvert á reiki hversu hátt hlutfall fullorðinna fær bakverki eða einkenni frá baki, en flest þekkjum við að finna fyrir því á einn eða annan hátt. Í nýlegri könnun um heilsu og líðan Íslendinga kemur fram að ríflega 26% hafa á einhverjum tímapunkti haft langvinna bakveiki eins og það er kallað, en ein skilgreining á því er að einkenni hafi staðið í meira en þrjá mánuði samfleytt. Þá er auðvelt að ímynda sér að líklega tvöfalt eða þrefalt fleiri hafi fengið skammvinna verki líkt og vættaskotin ofangreindu.

Flokkun bakverkja er mikilvæg, þeim er skipt upp eftir bráðleika og staðsetningu en einnig orsakasamhengi og undirliggjandi vanda sjúklings. Þannig reynir læknirinn að átta sig á því í hverju vandinn liggur, auk þess að stuðla þannig að meðferð við hæfi. Þá getur verið mjög mikilvægt að vita hvort viðkomandi hafi fengið slíkt áður og/eða hvort um er að ræða versnun einkenna. Í yfirgnæfandi meirihluta tilvika er engin þörf á sértækri meðferð og verkurinn fer án teljandi inngripa á nokkrum dögum eða vikum og viðkomandi ætti að fara til vinnu og virkni hið fyrsta.

**Ástæðurnar fjöldamargar**

Ástæðurnar eru fjöldamargar en þær allra algengustu tengjast almennri kyrrsetu, hreyfingarleysi, offitu og lélegri líkamsbeitingu. Sértækari ástæður eins og beinir áverkar, brjósklos, gigtarsjúkdómar, beinþynning, samfallsbrot, sýkingar og jafnvel krabbamein geta valdið bæði bráðum og langvinnum verkjum í baki og má ekki gleyma.

Það sem er áhugavert í tengslum við verki er að það er ekki með góðu móti hægt að mæla þá. Einstaklingar hafa misháan sársaukaþröskuld og alvarlegustu sjúkdómarnir gefa ekki endilega mestu verkina. Þannig verður „baktalið“ og skoðunin verulega lituð af því hvað sjúklingnum finnst sjálfum. Vel er þekkt að menn og reyndar konur líka séu alveg að „drepast“ úr bakverkjum sem hvorki er hægt að sjá, finna né greina með neinni annarri aðferð en frásögn viðkomandi.

> Hreyfing og leiðbeiningar um líkamsstöðu eru lykilatriði og aldrei of oft sagt.

**Togstreita**

Þetta getur valdið á stundum togstreitu varðandi þá meðferð sem veitt er og þær rannsóknir sem boðið er upp á. Við vitum til dæmis að meirihluti þeirra tölvusneiðmynda sem gerðar eru af mjóbaki leiða ekki til neinnar breytingar á meðferð eða nálgun á vandamálið. Þannig er verið að geisla umtalsvert meira en þörf er á. Ég ætla engu að síður að undirstrika nauðsyn þess að fá slíkar myndir fyrir ákveðinn hóp, þá sérstaklega ef ekki er um að ræða bata með hefðbundinni meðferð.

Erlendis hefur verið reynt að láta sjúkraþjálfara vera fyrsta fagaðila sem einstaklingur með bakverki hittir og hefur það gagnast vel. Hreyfing og leiðbeiningar um líkamsstöðu eru lykilatriði og aldrei of oft sagt. Ólyfseðilsskyld lyf ættu að vera fyrsta val en oft þarf sterkari verkjalyf, taugalyf, slakandi og jafnvel þunglyndislyf.

Sprautumeðferð og skurðaðgerðir eru álitin úrræði sem fáir þurfa, en engu að síður nauðsynleg í ákveðnum tilvikum og með réttri ábendingu. Mismunagreining og útilokun alvarlegri sjúkdóma hjá sjúklingum með langvinna bakverki er nauðsyn. Fræðsla er mikilvæg og sértæk nálgun á vandamál hvers og eins en oft og tíðum reynir á þolinmæði í þessari glímu.

# Stöndum vörð um hjartað í Vatnsmýri

SKIPULAGSMÁL



**Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir**



**Greta Björg Egilsdóttir**

höfundar eru í 1. og 3. sæti á lista Framsóknar og flugvallarvina.

Mikið hefur verið þráttað um framtíð Reykjavíkurflugvallar, einkum frá aldamótum. Ríkið og Reykjavíkurborg hafa verið í alls kyns hrossakaupum um samgöngumiðstöð, aðflugsljós, trjáklippingar, kennsluflug, neyðarflugbraut og loks niðurrif Reykjavíkurflugvallar.

Til tíðinda dró þó þann 25. október sl. þegar undirrituð voru tvö samkomulög í Hörpu. Annað var undirritað af forsætisráðherra, innanríkisráðherra, borgarstjóra, formanni borgarráðs og forstjóra Icelandair Group og sneri að því að fresta lokun aðalflugbrautar, N/S-brautar, frá 2016 til 2022, til samræmis við gildandi samgönguáætlun og setja á laggirnar nefnd sem á að kanna til hlítar hvort önnur staðsetning finnist fyrir flugvöll á höfuðborgarsvæðinu.

Hitt samkomulagið varð til vegna þess að forsætisráðherra þvertók fyrir að skrifa undir þau ákvæði sem þar eru, meðal annars lokun neyðarbrautarinnar (NA/SV) og úthýsingu kennslu- og æfingaflugs af Reykjavíkurflugvelli. Þegar þetta var undirritað þá lá ekki fyrir áhættumat vegna lokunar á neyðarbrautinni eða möguleg staðsetning fyrir kennslu- og æfingaflug. Hins vegar lá fyrir að Reykjavíkurflugvöllur færi í ruslflokk á alþjóðlegan mælikvarða við lokun neyðarbrautarinnar.

Við þetta má ekki una. Ef enginn stendur vörð um miðstöð innanlandsflugs nú, þá er raunveruleg hætta á því að flugvallarandstæðingar í núverandi meirihluta borgarstjórnar fái tækifæri til að ljúka ætlunarverki sínu og rífa Reykjavíkurflugvöll í flumbrugangi þrátt fyrir að ljóst sé að um 72% borgarbúa séu því mótfallin. Það yrði þá ekki í fyrsta sinn sem meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins, nú Bjartrar framtíðar, færi í vanhugsaðar framkvæmdir sem spilla samgöngum, eins og dæmin sanna. Þar standa upp úr framkvæmdir við Hofsvallagötu, Borgartún, að ógleymdri Snorrabraut, sem spillt var þrátt fyrir öflug mótmæli Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á þeim grundvelli að það ógnaði öryggi íbúa norðurborgarinnar.

Þá er rétt að nefna að eftir að í hámæli komust draumkenndar og yfirgangssamar hugmyndir meirihluta Samfylkingar og Besta flokksins við hverfisskipulag, þá sáu þau þann kostinn vænstan að fella eigin tillögur í borgarráði.

Vinnubrögð sem þessi, þar sem unnið er gegn vilja borgarbúa og reynt að fara á bak við þá, mega ekki líðast í opinberri stjórnsýslu. Stöndum vörð um vilja borgarbúa, kjósum Framsókn og flugvallarvini til að tryggja opna og faglega stjórnsýslu.

HÁTÍÐARSÝNING Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU!

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Leikfélag Sólheima og AFANIAS frá Spáni eru blandaðir leikhópar sem hafa unnið saman að því að skapa sviðsverk sem túlkar menningu hvors lands á hressilegan og kröftugan hátt í leik- og dansverki.

Í KVÖLD KL. 19.30

Miðapantanir á midi.is og í Þjóðleikhúsinu s. 551 1200

MÖGNUÐ UPPLIFUN AÐEINS EIN SÝNING

LEIKFÉLAG SÓLHEIMA SÝNIR LORCA OG SKÓARAKONAN

AFANIAS FRÁ MADRID SÝNIR DANSVERKIÐ BERGMÁL

LEIKGERÐ OG LEIKSTJÓRN EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR

SPAIN ICELAND INSIDE PROJECT




SPENNANDI
SPURNINGALEIKUR
Á OLIS.IS
POLLAPÖNKARAR VERÐA LANDSTJÓRAR Á ÆVINTÝRA-EYJUNNI Í SUMAR
www.olis.is
Pollapönk
Svara
Svaraðu stórskemmtilegum myndbands-spurningum Pollapönks á olis.is og þú getur unnið þér inn glaðning á næstu Olísstöð.
Allir sem taka þátt fara í pott og geta unnið glæsilega vinninga.
ÆVINT
EYJA
WWW.OLIS.IS
Kjörís
Ásbjörn
Ásbjörn Ólafsson ehf.



HANGIR VINNINGUR Á SPÝTUNNI?
Á 100 SPÝTUM AF POLLAÍS LEYNIST VINNINGUR:
POLLAPÖNKSGALLI FRÁ HENSON
FÁÐU
POLLAÍS
Á OLÍS
olís
Vinur við veginn
NÓI SÍRÍUS
ÖLGERÐIN

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HERMANN GUÐMUNDSSON**
**Öldugerði 4, Hvolsvelli,**
**fyrrverandi bóndi á Forsæti,**

lést á hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvoli föstudaginn 2. maí. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðfinna Jóna Helgadóttir**
**Jón Hermannsson** **Bergrún Gyða Óladóttir**
**Gunnar Hermannsson** **Vilborg Magnúsdóttir**
**Helga Hermannsdóttir** **Geir Arnar Geirsson**
**Guðmundur Hermannsson** **Alma Birna Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓHANNES JÓHANNESSON**
**Sandholti 19, Ólafsvík,**

andaðist á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Jaðri, Ólafsvík, miðvikudaginn 30. apríl. Hann verður jarðsunginn frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 10. maí kl. 14.00.

**Þuríður Kristjánsdóttir**
**Inga Jóhannesdóttir** **Ágúst Sigurðsson**
**Bergsveinn Jóhannesson** **Ragnheiður Gunnarsdóttir**
**Kristmann Jóhannesson** **Svanborg Tryggvadóttir**
**afa- og langafabörn.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HANNESÍNA ÞRÚÐUR ÓLAFSDÓTTIR**
**Hringbraut 50,**
**áður Stórholti 37,**

lést föstudaginn 18. apríl á hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Grundar V2. Þökkum auðsýnda samúð.

**Ólafur Albertsson** **Margrét Jónsdóttir**
**Sigurbjörn Ásgeirsson** **Brynhildur Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**KONRÁÐ AÐALSTEINSSON**
**Akureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Lögmannshlíð fimmtudaginn 1. maí. Hann verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 13. maí kl. 13.30.

**Kristín Konráðsdóttir** **Ísleifur Karl Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**GYÐRÍÐUR RÓSA JÓHANNSDÓTTIR**
**(Gyða)**
**Suðurmýri 2, Seltjarnarnesi,**

lést fimmtudaginn 1. maí. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 9. maí kl. 13.00.

**Jóhanna Lúðvíksdóttir** **Víðir Kalmar Arnórsson**
**Lúðvík Kalmar Víðisson** **Helena Friðþjófsdóttir**
**Lára Ósk Víðisdóttir** **Esra Már Arnbjörnsson**
**Heiðbjört Eydís Sveinbjörnsdóttir**

✝



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna fráfalls

**GUÐRÍÐAR GUÐJÓNSDÓTTUR**
**frá Rifshalakoti.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Ljósheima fyrir góða umönnun.

**Auður Þorsteinsdóttir** **Þórður Kristinn Karlsson**
**Grétar Halldórsson**
**Páll Sævar Halldórsson**
**Halldór Guðmundur Halldórsson** **Svava Einarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

**ÞETTA GERÐIST** 6. MAÍ 1937

# Hindenburg brotlendir í New Jersey



Loftfarið Hindenburg brotlenti við bandarísku flotastöðina í Lakehurst í New Jersey þennan dag árið 1937. Hindenburg var að lenda í Bandaríkjunum eftir sextíu daga ferð frá Frankfurt í Þýskalandi. Á þessum tíma tók það loftför þrjá daga að fara yfir Atlantshafið, sem var styttri tími en skip þurftu.

Loftför nutu mikillar hylli á þriðja og fjórða áratugnum en fyrsta farið var hannað árið 1852. Þau voru oft nefnd Zeppelin-för eftir Þjóðverjanum Ferdinand von Zeppelin. Hindenburg var stærsta loftfarið sem byggt hefur verið og var rúmir 24 metrar að lengd. Það náði 137 km hraða á klukkustund og hélst uppi af vetnisgasi, sem er mjög eldfimt.

Farþegar voru 36 og 61 í áhöfn. Skipið var að lenda í Lakehurst þegar skyndilega kviknaði í því og það féll til jarðar. 36 létust í slysinu, þar af þrettán farþegar, 21 úr áhöfn og einn úr áhöfn á jörðu. Notkun loftfara varð óvinsæl eftir slysið og engin loftskip voru eftir við lok síðari heimsstyrjaldarinnar.

✝



Elskulegur sonur minn og bróðir okkar,

**HALLGRÍMUR SIGURÐSSON**
**til heimilis að Vatnsnesvegi 22,**
**Reykjanesbæ,**

lést þann 30. apríl sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Svava Hallgrímsdóttir og systkini hins látna.**

✝



Okkar hjartkæri

**ÞORGEIR ÍSFELD JÓNSSON**
**(Geiri),**
**Vesturbergi 140, Reykjavík,**

lést þann 30. apríl sl. á líknardeild Landspítalans. Útför verður gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn 9. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Flugbjörgunarsveitina.

**Fyrir hönd vina og vandamanna, systkini hins látna,**
**Björn Guðbrandur Jónsson og Edda Tuohy.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**STEFANÍA ÓLÖF MAGNÚSDÓTTIR**
**(LÓA)**
**Hörpugötu 13b, Reykjavík,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 30. apríl. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 9. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélag Brunavarðafélags Reykjavíkur, kt. 460279-0469 reikn. 515-26-112234.

**Sigríður Árnadóttir**
**Kristinn Gunnarsson** **Svava Ágústsdóttir**
**Margrét Gunnarsdóttir** **Þorlákur Baxter**
**Jón Magnús Gunnarsson** **Elín Þóra Magnúsdóttir**
**Bryndís Gunnarsdóttir** **Reynir Guðmundsson**
**Gunnlaug Kristín Gunnarsdóttir** **Páll Brynjar Fransson**
**og fjölskyldur þeirra.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**GEIRRÚN TÓMASDÓTTIR**
**Vestmannaeyjum,**

lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 29. apríl. Útförin fer fram laugardaginn 10. maí kl. 14 frá Landakirkju í Vestmannaeyjum. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbavörn Vestmannaeyja.

**Tómas Jóhannesson** **Margrét Sigurgeirsdóttir**
**Lúðvík Jóhannesson** **Ingibjörg Þorsteinsdóttir**
**Jóna Dís Kristjánsdóttir**
**Hlynur Jóhannesson** **Aldís Björgvinsdóttir**
**Hjalti Jóhannesson** **Þórdís Sigurðardóttir**
**Helga Jóhannesdóttir** **Guðmundur Helgi Sigurðsson**
**Sæþór Jóhannesson** **Svanhildur Hanna Freysteinsdóttir**
**og barnabörn.**

✝



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HELGI DANÍELSSON**

lést á sjúkrahúsinu á Akranesi fimmtudaginn 1. maí. Útför hans verður gerð frá Akraneskirkju þriðjudaginn 13. maí kl. 14.00.

**Steindóra Sigríður Steinsdóttir**
**Friðþjófur Helgason** **Guðfinna Steinunn Svavarsdóttir**
**Steinn Helgason** **Elín Klara Svavarsdóttir**
**Helgi Valur Helgason** **Erla Skarphéðinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**GUÐRÚN HALLDÓRA**
**SIGVALDADÓTTIR**
**frá Stafni,**
**Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,**

lést miðvikudaginn 30. apríl á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 9. maí kl. 13.00.

**Haukur Björgvinsson**
**Sigvaldi Hauksson** **Guðleif Jónsdóttir**
**Björgvin Hauksson** **Birna G. Björnsdóttir**
**og barnabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN PÁLSDÓTTIR**
**frá Þingholti,**
**Bessahrauni 11b, Vestmannaeyjum,**

lést föstudaginn 2. maí á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum. Hún verður jarðsungin frá Landakirkju föstudaginn 9. maí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á kvenfélagið Líkn.

**Guðmundur Huginn Guðmundsson** **Þórunn Gísladóttir**
**Bryndís Anna Guðmundsdóttir**
**Páll Þór Guðmundsson** **Rut Haraldsdóttir**
**Gylfi Viðar Guðmundsson** **Sólrún Erla Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Faðir okkar,

**ÞORLEIFUR KRISTINN**
**ÁGÚST VAGNSSON**
**fæddur á Bíldudal við Arnarfjörð,**
**búsettur að Skipasundi 39 í Reykjavík,**

er látinn. Jarðarförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 9. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Börn hins látna,**
**Elfa Bryndís Þorleifsdóttir**
**Bjarni Róbert Kristjánsson**
**Sólveig Þorleifsdóttir**
**Erla Þorleifsdóttir**
**Margrét B. Þorleifsdóttir**
**Oliver Hinrik Oliversson**
**Hafþór Snæbjörnsson**
**Iris Rán Þorleifsdóttir**
**Sigurður Njarðvík Þorleifsson**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## SINFÓ, ASHKENAZY OG ÓLAFUR KJARTAN

**Vladimir Ashkenazy stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Eldborg, Hörpu, á fimmtudag, 8. maí, kl. 19.30. Barítónsöngvarann Ólafur Kjartan Sigurðarson túlkar magnaðan ljóðaflokk, Söngvar og dansar dauðans eftir Mússorgskíj. Á efnisskránni er einnig 1. sinfónía Brahms og Dauðraeyjan eftir Rakhmanínov.**

Meirapróf






ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Næsta námskeið hefst 7 .mai 2014

# LÉTTIST UM 49,6 KÍLÓ

**GENGUR VEL KYNNIR** *Food Detective-fæðuóþolsprófið sem meðal annars hjálpaði Hrönn Harðardóttur, einum keppanda Biggest Loser Ísland, að halda áfram að léttast eftir að hún tók út úr mataræðinu þær fæðutegundir sem hún mældist með óþol fyrir og gátu mögulega staðið í vegi fyrir frekara þyngdartapi hjá henni.*

Hrönn Harðardóttir, 30 ára viðskiptafræðinemi, sýndi fádæma dugnað og seiglu í sjónvarpsþáttunum Biggest Loser Ísland á dögunum og endaði í þriðja sæti keppninnar. Hún missti alls 49,6 kíló í keppninni. Á tímabili virtist sem eitthvað stæði í vegi fyrir þyngdartapi Hrannar og lék grunur á að um fæðuóþol væri að ræða. En fæðuóþol er þekkt fyrir að geta tafið fyrir þyngdartapi. Allir keppendur gengust í kjölfarið á þessu undir fæðuóþolspróf frá Food Detective.

**ÓÞOL FYRIR 30 FÆÐUTEGUNDUM**

Eftir mælinguna kom í ljós að margir keppendur höfðu óþol fyrir ákveðnum fæðutegundum en Hrönn kom langverst út og mældist með óþol fyrir 30 fæðutegundum. Í kjölfarið breytti hún mataræðinu og byrjaði vigtin fljótlega að gefa sig, sem endaði með þessum líka frábæra árangri!

**Í SKÝJUNUM MEÐ ÁRANGURINN**

Þegar keppninni var lokið tók Hrönn aftur fæðuóþolsprófið og kom í ljós að líkaminn hafði sigrast að nokkru leyti á vandamálinu. Þó reyndust átta fæðutegundir enn valda talsverðum einkennum og hefur Hrönn því haldið áfram að vara sig á þessum óþolsvöldum.

**EINKENNI FÆÐUÓÞOLS**

Það getur verið erfitt að átta sig á hvaða fæðutegundir valda óþolseinkennum hjá fólki þar sem einkennin geta verið fjölmörg og oft og tíðum mjög óljós. Algeng einkenni eru meltingarvandamál, bjúgur, liðverkir, höfuðverkir og húðvandamál. Þyngdaraukning og töf við þyngdartap er einnig eitt algengt og lúmskt einkenni fæðuóþols.



**LÉTTIST HRATT** Hrönn mældist með mikið fæðuóþol en tókst að halda áfram að léttast með því að taka út óþolsvaldana.




**EINFALT OG FLJÓTVIRKT!**

Food Detective-fæðuóþolsprófið er mjög einfalt í notkun og mælir, með einni lítilli blóðprufu, óþolsviðbragð við um 50 fæðutegundum. Þau eru hönnuð til einstaklingsnota en einnig býður Lyfja í Lágmúla og Smáratorgi upp á fæðuóþolsmælingar ásamt mörgum heilsuráðgjöfum og næringarþerapistum. Nánari upplýsingar á www.heilsanheim.is.

**FÆÐUÓÞOL**

„Food Detective óþolsprófið er einföld og góð leið til að skera úr um hvort fæðuóþol sé til staðar og hvet ég alla sem hafa grun um fæðuóþol til að fá úr því skorið strax" segir Hrönn.

**ÞJÁÐIST AF MIKLU FÆÐUÓÞOLI!**

***Útsölustaðir:*** *Lyfja, Heilsuhúsið, Lifandi Markaður, Lyf og heilsa og heilsanheim.is.*

*Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is*

Hundaskóli
Heimsenda Hunda
Grunn-Hlýðni
byrjar 7 maí.
Fyrir alla hunda frá 4 mánaða aldri Uppl í sima 897 1992
HUNDASKÓLI
Pedigree
VITAL PROTECTION
www.hundaskoli.net

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT



Stuðnings-stöngin
LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 10.000 ánægðir notendur á Íslandi

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.



Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.



**SYNT Í SJÓ** Þessir fjórir vinir tóku þátt í Skerjafjarðarsundi í fyrra þar sem þeir syntu saman frá Grímsstaðavör á Ægisíðunni til Álftaness, sömu leið og Eyjólfur synti forðum.
AÐSEND MYND

# KALT ER BARA KALT

**SJÓSUND** *Hitastig sjávar við landið er aðeins um fjórtán gráður á góðum sumardegi. Sjósundsgarpar njóta sundsins hins vegar allt árið um kring.*

Félagar í Sjósunds og sjóbaðsfélagi Reykjavíkur eru sammála um að sjósund sé holl og góð hreyfing. „Við teljum þetta vera eins og hverja aðra hreyfingu sem stuðlar að almennu heilbrigði. Það er líka gott að skella sér í sjóinn á eftir annarri íþróttaiðkun, svo sem hlaupum. Það er hollt að kæla sig niður og endurnæra líkamann. Fólk hefur talað um að það verði betra af vöðvabólgu, psoriasis og fleiru við að stunda sjóböðin," segir Ragnheiður Valgarðsdóttir, formaður Sjósunds og sjóbaðsfélags Reykjavíkur. „Ein af aðalástæðum fyrir stofnun félagsins var að efla öryggi þeirra sem stunda sjósund eða sjóböð í Nauthólsvík og annars staðar. Við trúum því að fjöldi iðkenda í þessu frábæra jaðarsporti eigi bara eftir að aukast á komandi árum og því þörf á félagi til að halda utan um hlutina."

Það verður nóg um að vera í sjónum í sumar fyrir félagsmenn SJÓR. „Við ætlum að vera með Fossvogssund og svo verður synt út í Viðey föstudaginn fyrir menningarnótt. Einnig bjóðum við upp á Skerjafjarðarsund og Bessastaðasund fyrir þá sem vilja reyna sig við langar vegalengdir en það er 4,5 kílómetra langt. Svo verða nokkrir góðir sundstaðir heimsóttir, til að mynda Kleifarvatn, Hausastaðir, Straumur og Skötubótin í Þorlákshöfn. Við ráðgerum einnig að fara í öldusund uppi á Akranesi, sólsetursund og sjósund við Garðskagavita þegar veðrið er hagstætt. Í haust stefnum við svo á dagsferð vestur á Reykhóla þar sem við ætlum að synda í sjónum og fara í skoðunarferð um Þörungaverksmiðjuna."

Ragnheiður segir tilganginn með þessum ferðum vera þann að stuðla að því að fólk sé ekki að synda eitt. „Það býður hættunni heim að synda einn. Með ferðunum viljum við einnig kynna fleiri skemmtilega og örugga sjósundstaði fyrir fólki. Fólk er farið að synda víðar en í Nauthólsvík og við fáum alltaf fleiri fyrirspurnir um hvar sé hægt að synda í sjónum víða um landið."



**SJÓSUNDSKEMPUR** Þær Ragnheiður Valgarðsdóttir og Harpa Hrund Berndsen eru saman í stjórn Víðavatnsnefndar SSÍ og hafa báðar verið í stjórn Sjósunds og sjóbaðsfélags Reykjavíkur.
MYND/GVA



**VIÐ BRÚSASTAÐI** Félagar í Sjósunds og sjóbaðsfélagi Reykjavíkur synda í sjónum víða um land. Þarna synda þeir saman á nýjum stað við Brúsastaði í Hafnarfirði. Ströndin þar er umvafin klettum og hólum og naut fólk þess að synda í tærum sjónum.
AÐSEND MYND

Ragnheiður er einnig í stjórn Víðavatnsnefndar Sundsambands Íslands sem ætlar að halda sjósundskeppnir á Seyðisfirði, Ísafirði, Akranesi, Akureyri og í Reykjavík í sumar. „Það eru komnir öflugir hópar fólks sem stundar sjósund víða um land. Marga langar til að prófa en hafa sig ekki í það af einhverjum ástæðum. Flestir prófa með einhverjum öðrum og þá kemur í ljós hvort fólk heillast eða ekki og það eru ansi margir sem heillast."

Þeir sem áhuga hafa á að prófa sjósund geta farið í Nauthólsvík alla miðvikudaga klukkan 17.30 eftir fimmtánda maí. Þá er tekið á móti nýliðum og þeim leiðbeint af vönum sjósundsgörpum. „Það er sniðugt að prófa núna og njóta þess að synda í heitari sjó í sumar. Sjórinn er um átta gráður nú í maí en getur farið upp í fjórtán gráður í sumar. Það er þó ekki endilega betra að fara í sjóinn í átta gráðum en í fjórtán, kalt er bara kalt," segir Ragnheiður og brosir.


# Betra blóðflæði

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna **Nitric Oxide. SUPERBEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að ***30%*** æðaútvíkkun, ***30%*** meiri súrefnisupptaka, rétttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, ***20%*** meira þrek orka og úthald. Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna. **Nitric Oxide hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, ofnæmiskerfi, astma, lungnaþembu. ***Einkaleyfi Neogenis Labs á rauðrófukristall tryggir einstaka yfirburði og virkni af nitrite sem umbreytist í Nitric Oxide í líkamanum .*** Gott bragð ein teskeið blandað í vatn 100 ml sem jafngildir einni flösku 500 ml af rauðrófusafa.




Umboð: www.vitex.is - www.neogenis.com
Fæst í Apótekum og heilsubúðum



MOSFELLSBÆR

## Tilkynning frá Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar

**Laugardaginn 10. maí 2014** rennur út frestur til að skila framboðslistum vegna bæjarstjórnarkosninga í Mosfellsbæ sem fram fara þann 31. maí 2014. Yfirkjörstjórn mun þá taka við framboðslistum á skrifstofu Mosfellsbæjar að Þverholti 2, 2. hæð, kl. 10.00-12.00.

Yfirkjörstjórn boðar til fundar þann 10. maí, kl. 14.00, á sama stað þar sem hún úrskurðar um framkomna framboðslista að viðstöddum umboðsmönnum listanna.

Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað um framboðin mun hún auglýsa framboðslista í bæjarblöðunum, bókstaf listanna og nöfn frambjóðanda á hverjum lista.

Kjörstaður vegna bæjarstjórnarkosninganna er í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð og stendur kjörfundur frá kl. 09-22. Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag verður á sama stað.

**Mosfellsbæ 2. maí 2014**

**Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar**
**Þorbjörg Inga Jónsdóttir formaður**
**Haraldur Sigurðsson**
**Valur Oddsson**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi



F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 6. MAÍ 2014



# SJÖ ÞÚSUND GESTIR Á MUSTANG-SÝNINGU

## Á 50 ára afmæli Mustang voru sýndir 50 bílar í Brimborg, samtals um 20.000 hestöfl.

Sannkölluð hátíðarhöld voru í Brimborg um liðna helgi en þar var haldin heljarinnar sýning á Ford Mustang-bílum. Þessi sýning er árlegur viðburður og var nú haldin í fimmta skiptið. Sýningin í ár var þeirra veglegust, enda Ford Mustang 50 ára nú í ár. Það var því vel við hæfi að fjöldi Mustang-bílanna sem virða mátti fyrir sér þetta árið væri einmitt 50. Sýningin um helgina tókst sérlega vel og áætlaði starfsfólk Brimborgar að á bilinu sjö til átta þúsund manns hefðu komið og skoðað bílana fallegu.

Brimborg hélt sýninguna í samstarfi við Mustang-klúbbinn, en í honum eru 220 meðlimir og þar eru allir velkomnir. Samkvæmt Umferðarstofu eru 380 skráðir Mustang-bílar, en frá upphafi hafa verið skráðir 800 slíkir og víst er að margir þeirra eru ekki á númerum en bíða þess að verða aftur settir á götuna, fallega uppgerðir.

**Mustang '71 kosinn fallegastur**

Á sýningunni voru margir gullfallegir Mustang-bílar og samtals voru þarna samankomin um 20.000 hestöfl. Sá öflugasti þeirra var Mustang Shelby GT-500 árgerð 2007, 850 hestöfl, en bíllinn er í eigu Ingimundar Helgasonar og er hann margfaldur Íslandsmeistari í kvartmílu. Sýningargestir völdu bæði fallegasta og áhugaverðasta bílinn. Einstaklega vel uppgerður Mustang, árgerð 1971, í eigu Björns Emilssonar, var valinn fallegasti bíllinn. Það tók mörg ár að gera hann upp og tókst Birni þar afar vel upp. Áhugaverðasti bíllinn var valinn Mustang Boss, árgerð 2013, sem er jafnframt nýjasti Mustang-bíllinn á landinu. Hann er í eigu Björns Kristinssonar. Sýningarnefnd útnefndi einnig áhugaverðasta bílinn og fyrir valinu varð Mustang, árgerð 1986, í eigu Kjartans Kjartanssonar. Sá bíll er eini bíllinn á landinu sem hefur farið undir tíu sekúndur í kvartmílukeppni. Björn Ingi Berndsen fékk sérstaka viðurkenningu fyrir að vera yngsti þátttakandinn á sýningunni. Hann er sjö ára gamall og var með Mini Mustang til sýnis.

**Brautryðjandi**

Ford Mustang er bíllinn sem ruddi braut „pony car"-bílanna í Bandaríkjunum, bíla með langt húdd og stuttan afturenda, lag bíla sem í dag kallast „coupe". Margir bílar annarra framleiðenda fylgdu í kjölfarið með sams konar lag. Bílar eins og Chevrolet Camaro, Pontiac Firebird, Plymouth Barracuda, Dodge Challenger og fleiri. Þá er einnig sagt að bílar eins og Toyota Celica og Ford Capri hafi fengið útlit sitt frá Mustang. Svo vel var Mustang tekið að á fyrstu árunum seldust allt að 600.000 slíkir á ári bara í Bandaríkjunum, en á þeim tíma hafði fólk ekki miklar áhyggjur af eyðslu bíla þar vestra. Á síðustu árum hafa selst um 80.000 bílar þar á ári. Stutt er í sjöttu kynslóð af Mustang, en hann verður af árgerð 2015.





Trident Iceni

# Trident Iceni er breskt dísilskrímsli

Trident er lítill bílasmiður í Bretlandi sem hefur verið starfandi frá 1965. Trident framleiðir þennan eina bíl í dag sem heitir Trident Iceni. Hann er um margt merkilegur bíll, er með 6,6 lítra dísilvél sem skilar 395 hestöflum til afturhjólanna og er ekki nema 3,7 sekúndur í hundraðið. Hámarkshraði hans er 321 km/klst. Ef honum er hins vegar ekið varlega kemst hann meira en 3.200 kílómetra á hverri tankfylli, eða nærri tvo og hálfan hring í kringum Ísland. Er þá miðað við að honum sé ekið á 110 km hraða. Þá snýst vél hans aðeins á 980 snúninga hraða og eyðir aðeins 3,4 lítrum á hverja hundrað kílómetra. Það þýðir reyndar að tankurinn tekur ríflega 100 lítra.

Trident Iceni er ekki ódýr bíll og kostar í Bretlandi 96.000 pund eða 18,2 milljónir króna. Hægt er að kaupa öflugri uppfærslu vélarinnar í bílinn og er hann þá 660 hestöfl og með 1.050 Nm tog. Þá verður bíllinn líka 5,9 milljónum dýrari og heildarverðið komið í 24,1 milljón króna. En hvern munar nokkuð um það?! Heyrst hefur að enn öflugri útgáfa bílsins sé í pípunum, en þá er eins gott að eigendur þess bíls séu tilbúnir að eyða miklum fjármunum í dekk, sem hann hlýtur að éta upp eins og smjör með harðfiski.

# Margir kaupendur bíla reynsluaka þeim ekki

Á síðasta ári voru keyptar 15,6 milljónir nýrra bíla í Bandaríkjunum en 2,5 milljónum þeirra var aldrei reynsluekið af nýjum eigendum. Enn fremur var 49% þeirra ekið minna en í 30 mínútur áður en eigendur þeirra tóku ákvörðun um kaup á þeim. Þetta kemur fram í könnun á meðal 2.000 nýrra bíleigenda sem DME Automotive gerði þar vestra. Í könnuninni kemur einnig fram að 33% kaupenda nýrra bíla reynsluóku aðeins þeirri bílgerð sem þeir síðan keyptu.



DME áætlar að helstu ástæður þessa séu að bílkaupendur séu nú mjög vel upplýstir um þá bíla sem á markaðnum eru og að fólk kynni sér oft mjög þá bíla sem til greina koma á vefnum. Þar geti það kynnt sér atriði eins og eyðslu, öryggi, verð, áreiðanleika og allt það sem fólki finnst skipta máli við bíla. Aðrir benda á að mjög óráðlegt sé að kaupa bíl án þess að prófa hann og það sé kannski eins og að kaupa sér buxur án þess að máta þær og það sé nokkru meira fé að baki fjárfestingu á bíl en buxum. Því sé ráðlegt að þrengja valkostina niður í nokkra bíla sem til greina koma og reynsluaka þeim svo öllum vel áður en að ákvörðun kemur. Fátt sé verra en að sjá á eftir svo stórri fjárfestingu sem í nýjum bíl.



# Áreiðanlegustu smábílarnir

Líklega er áreiðanleiki það sem mestu máli skiptir þegar kemur að vali á bílum. Fyrst og fremst þurfa bílar að ganga án bilana og koma eigendum sínum frá stað A til B. Þetta á við bíla í öllum flokkum, hvort sem það eru jepplingar, fjölskyldubílar, jeppar eða smábílar. Auto Express í Bretlandi hefur gert viðamikla könnun á þeim smábílum sem bíleigendur telja áreiðanlegasta og spurðu 50.000 eigendur smábíla. Út úr því kom einkunn fyrir hverja bílgerð fyrir sig og var útkoman þessi:

| Bílgerð | Einkunn |
|---|---|
| 1. Honda Jazz | 98,89 |
| 2. Kia Rio | 96,51 |
| 3. VW up! | 96,08 |
| 4. Skoda Citigo | 95,70 |
| 5. Nissan Juke | 95,61 |
| 6. Toyota Yaris | 94,95 |
| 7. Peugeot 107 | 94,55 |
| 8. Mazda 2 | 94,41 |
| 9. Citroën DS3 | 93,90 |
| 10. Suzuki Swift | 93,66 |

Næstu tíu bílarnir á listanum voru Kia Picanto, Audi A1, Opel Adam, Ford Fiesta, Hyundai iX20, Renault Clio, Peugeot 208, Fiat Panda, Skoda Fabia og Hyundai i10. Neðstu bílarnir á listanum að neðan talið voru svo Fiat Punto, Mini Cooper, Alfa Romeo Mito, VW Polo, Fiat 500 og Kia Venga. Ekki var tekið neitt tillit til þess hvað bílarnir kosta. Athygli vekur að enn eina ferðina eru bílar frá Japan og S-Kóreu áberandi efst á listanum og af tíu bestu bílunum eru fimm þeirra frá Japan og einn frá S-Kóreu, en af næstu tíu bílum eiga Hyundai og Kia frá S-Kóreu þrjá bíla. Frakkar eiga tvo á topp tíu listanum, Þjóðverjar einn og Tékkar einn.


On opnar fjórðu hraðhleðslustöðina en þar er hægt að hlaða rafbíla á stuttum tíma.

# ON OPNAR FJÓRÐU HRAÐHLEÐSLUSTÖÐINA FRÁ NISSAN Í FITJUM

## Enn á ON eftir að setja upp sex hraðhleðslustöðvar.

Skammt er síðan ON setti upp fyrstu hraðhleðslustöðvarnar fyrir rafbíla í samstarfi við BL og Nissan í Evrópu og í vikunni var fjórða hraðhleðslustöðin opnuð á Fitjum í Reykjanesbæ. ON setur upp stöðvarnar í samstarfi við BL og Nissan í Evrópu og verða þær tíu talsins. Síðan í mars hafa fjórar stöðvar verið opnaðar, ein við höfuðstöðvar ON að Bæjarhálsi 1, ein við BL við Sævarhöfða og ein við Smáralind, auk áðurnefndrar stöðvar á Fitjum sem er nýjust í röðinni. Með hraðhleðslustöð er hægt að fá 80% hleðslu á rafbíl á aðeins 20-30 mínútum en reikna má með að ökumenn rafbíla muni oft velja styttri hleðslu og nota stöðvarnar oftar.

### Tíu stöðvar settar upp víða um land

Þegar allar tíu hraðhleðslustöðvarnar hafa verið teknar í notkun verður lítið mál að ferðast um stór svæði landsins á rafbílum eins og Nissan Leaf og það með afar hagkvæmum hætti, enda er raforkan ódýr. Fyrir um ári prófuðu íslenskir bílablaðamenn Nissan Leaf og greindu þeir frá að bíllinn færi 195 kílómetra á einni hleðslu, þó styttri vegalengd í kulda. Það þýðir að með þéttu neti hraðhleðslustöðva verður Nissan Leaf með hagkvæmari bílum í rekstri fyrir þá sem aka mikið. Það má reikna með að fleiri stöðvar ýti undir eftirspurn eftir rafbílum enda eru sennilega fá lönd, ef nokkur, sem henta betur fyrir rafbíla en einmitt Ísland. Nissan í Evrópu og BL leggja til stöðvarnar og eru sjálfar hleðslustöðvarnar tíu um 25 milljóna króna virði. Enn á ON eftir að setja upp sex hraðhleðslustöðvar en hægt er að fylgjast með verkefninu á heimasíðunni on.is.

# ÞJÓNUSTUDAGUR TOYOTA Á LAUGARDAG

## Árlegur vorboði hjá Toyotaeigendum, nú í tíunda sinn.

Næstkomandi laugardag, 10. maí, verður árlegur þjónustudagur hjá viðurkenndum söluog þjónustuaðilum Toyota víða um land. Þetta er tíunda árið í röð sem Toyotaeigendur geta komið til sölu- eða þjónustuaðila og fengið vorhreingerningu á bílnum. Allir Toyotaeigendur eru velkomnir milli kl. 11 og 15 á laugardag og verður vel tekið á móti þeim af starfsmönnum Toyota og hjálparkokkum sem sápuþvo bílana og þurrka. Þegar bíllinn hefur fengið sitt bíður grill og gos auk þess sem sumarglaðningur fylgir fyrir börn og fullorðna.

Sýningarsalir verða opnir hjá söluaðilum þar sem skoða má það nýjasta frá Toyota. Toyotaeigendur geta rennt við á þjónustudeginum hjá Toyota á Akureyri, Selfossi, í Reykjanesbæ og Kauptúni, hjá Bifreiðaverkstæði KS á Sauðárkróki, Bílageiranum í Reykjanesbæ, Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur á Bæjarflöt, Bifreiðaverkstæði Austurlands á Egilsstöðum og hjá Arctic Trucks á Kletthálsi.


Þjónustudagur Toyota verður haldinn næstkomandi laugardag, 10. maí.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins Finnur Thorlacius finnurth@365.is
Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Auglýsingar Atli Bergmann atlib@365.is Sími 512 5457
Hönnun Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is




ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

# HJÓLBARÐAVERÐKÖNNUN FÍB

## Hvað kosta nýju sumarhjólbarðarnir?




FÍB kannaði á dögunum verð á sumarhjólbörðum. Í könnuninni var spurt um verð á fjórum hjólbörðum eða einum hjólbarðagangi undir bílinn. Kannað var verð á einum dekkjagangi undir bílinn þar sem söluaðilar hafa gefið í skyn að neytendur kaupi oftast fjögur dekk og það geti verið hagstæðara að kaupa einn gang en einn hjólbarða. Könnunin var gerð í 15. viku ársins og fór þannig fram að haft var símasamband við seljendur hjólbarða um allt land og þeim síðan sendar fyrirspurnir.
Spurt var um verð á nýjum hjólbörðum af tveimur algengum stærðum fyrir fólksbifreiðar og jeppa/jepplinga. Beðið var annars vegar um verð á sumarhjólbörðum fyrir fólksbíla, stærð 195 / 65 R15 og hins vegar verð sumarhjólbarða fyrir jeppa/jepplinga af stærð 235 / 65 R17. Í kjölfar þessarar könnunar fór starfsmaður félagsins í heimsókn til allra stærri sölu- og innflutningsaðila á höfuðborgarsvæðinu til að sannreyna uppgefnar tölur.
Þar sem könnun þessi er einungis verðkönnun er engin afstaða tekin til gæða hjólbarðanna að öðru leyti en því sem felst í ESB-merkingum hjólbarðanna þar sem það á við. Marktæk svör bárust frá 21 seljanda um verð á sumarhjólbörðum. Verð í könnuninni er listaverð og án afsláttar en margir seljendur bjóða margvíslegan afslátt. Hér má sjá niðurstöður könnunar FÍB.

### Félag íslenskra bifreiðaeiganda – apríl 2014
Verðkönnun á sumarhjólbörðum – stærð 195 / 65 R15

| Tegund | Gerð | Verð | Sparneytni | Veggrip | Veghljóð | Söluaðili | Staður | Sími |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SONAR | SX608 | 43.856 kr. | E | C | 72 | Dekkjahöllin | Rvk./Ak./Eg | 581-3022 |
| Hifly Sumar | 201 | 50.990 kr. | E | C | 71 | Dekkjahúsið | Kópavogur | 533-3100 |
| Fortuna | F1500 sumardekk 88t | 51.492 kr. | | | | Pardus | Hofsós | 453-7380 |
| Kormoran | Runpro sumardekk | 51.960 kr. | | | | bílaverkstæði Jóhanns | Hveragerði | 483 4299 |
| Aoteli | P307 | 51.960 kr. | E | B | 71 | Sólning | Rvk./Hf./Kóp./Sel./Nj. | 544-5000 |
| Sailun | Atrezzo SH402 | 52.000 kr. | | | | Dekkjasalan | Hafnarfjörður | 587-3757 |
| Wanly | | 52.700 kr. | | | | VAKA | Reykjavík | 567-6700 |
| Federal Tævan | SS 657 | 55.600 kr. | E | C | 70 | BJB pústþjónustan | Hafnarfjörður | 565-1090 |
| Infinity | INF040 | 55.924 kr. | | | | VAKA | Reykjavík | 567-6700 |
| Interstate | TOURING IST-1 | 55.960 kr. | | | | Bílaverið | Ísafjörður | 456-3501 |
| Kingstar | SK70 | 55.960 kr. | | | | Réttingaverkstæði Sveins | Neskaupsstaður | 477-1169 |
| Sava | Intensa | 56.400 kr. | | | | Hekla | Reykjavík | 590-5683 |
| Sava | Intensa | 56.400 kr. | E | C | 69 | Klettur | Rvk./Garðabæ | 590-5280 |
| Intensa | HB | 56.400 kr. | E | C | 69 | VIP dekk | Reykjavík | 690-9111 |
| Sailun | Atrezzo SH 402 | 58.000 kr. | B | C | 71 | Fossdekk | Selfoss | 482-2516 |
| Nokian | Line | 60.304 kr. | C | B | 71 | Max1 | Rvk./Hf./Ak. | 515-7190 |
| Vredestein Holland | Hi-Trac si | 62.000 kr. | | | | BJB pústþjónustan | Hafnarfjörður | 565-1090 |
| BF Goodrich | G-Force Winter | 62.000 kr. | | | | Dekkjasalan | Hafnarfjörður | 587-3757 |
| Hankook | Kinergy ECO | 62.000 kr. | | | | Dekkjasalan | Hafnarfjörður | 587-3757 |
| Cooper | CS2 | 63.600 kr. | | | | Bílaþjónustan | Húsavík | 464-1122 |
| YOKOHAMA | BLUEARTH AE-01 | 63.924 kr. | C | B | 69 | Dekkjahöllin | Rvk/Akureyri/Egilss. | 581-3022 |
| Kumho | KH27 | 63.960 kr. | B | B | 67 | N1 | Um land allt | 440-1120 |
| | | 4 dekk m. vsk. | Sterkasti og veikasti flokkur: A til G | Sterkasti og veikasti flokkur: A til F | Hljóðstyrkur dB | | | |

## Lúxusbílaframleiðendur veðja á Brasilíu

Efnahagur í Brasilíu hefur farið mjög batnandi á síðustu árum þó svo að nú sé nokkurt bakslag. Efnuðum Brasilíumönnum hefur fjölgað um meira en helming frá árinu 2002. Af einstökum löndum er Brasilía fjórði stærsti bílamarkaður í heimi og Brasilía er sjöundi stærsti bílaframleiðandi í heimi – sum af stærri bílafyrirtækjunum eru með verksmiðjur þar, en fáir af lúxusbílaframleiðendunum. Sala á lúxusbílum í Brasilíu jókst um 32% á fyrsta fjórðungi þessa árs þrátt fyrir að heildarsala bíla hafi fallið um 5%. Ástæða þess er ekki bara fólgin í bættum efnahag heldur einnig gjaldabreytingum frá brasilíska ríkinu, en álögur á dýrari bíla hafa lækkað.
Enn þá eru þó sérstök gjöld á bíla sem framleiddir eru utan Brasilíu og því hafa sumir bílaframleiðendur sett upp verksmiðjur þar til að sneiða hjá þessum gjöldum. Það hefur Mercedes Benz þó ekki enn gert en hyggst breyta því með opnun verksmiðju árið 2016. BMW er langt komið með uppsetningu verksmiðju í Brasilíu og verður hún opnuð á þessu ári. BMW jók söluna um 90% á fyrstu þremur mánuðum ársins í Brasilíu, en Benz aðeins um 30%. Fleiri lúxusbílaframleiðendur eru einmitt að reisa bílaverksmiðjur í Brasilíu. Jaguar/Land Rover ætlar að opna eina slíka árið 2016 og það hyggst Audi einnig gera. Þetta gera öll þessi fyrirtæki þrátt fyrir bakslagið í efnahag landsins nú, en trú þeirra byggist á því að það sé aðeins tímabundið bakslag og að efnameira fólki muni áfram fjölga verulega í Brasilíu, en það eru tilvonandi kaupendur bíla þeirra.



BMW jók sölu bíla sinna í Brasilíu um 90 prósent á fyrstu þremur mánuðum ársins.



Nýr BMW M235i jafnaði tíma BMW M3 CSL á braut Auto Express á dögunum.

## BMW M235I JAFNAR TÍMA HINS GOÐSAGNAKENNDA M3 CSL

Þegar hinir þekktu M-bílar frá BMW eru annars vegar eru fáir sem eru jafn þekktir og hinn goðsagnakenndi BMW M3 CSL, sem var sérstaklega léttur og aðeins framleiddur í 1.400 eintökum fyrir tíu árum. Það er því magnað að hinn nýi M235i skuli jafna tíma M3 CSL á reynsluakstursbraut Auto Express-tímaritsins því að M3 CSL er búinn 360 hestafla vél og er auk þess sérstaklega léttur. Hann er með þynnra gleri en venjulegur M3, léttari hljóðeinangrun og minni búnaði, auk þess sem yfirbyggingin er að miklu leyti út koltrefjaefnastyrktu plasti. Niðurstaðan er sú að M3 CSL vegur aðeins 1.385 kíló.

**Fer aðrar leiðir**

M235i fer nokkuð aðrar leiðir til að ná árangri en M3 CSL en niðurstaðan er sú sama eins og áður kemur fram. M235i notast við þriggja lítra línuvél með túrbínu og skilar hún 320 hestöflum á móti 360 hestöflum M3 CSL. Tog M235i-bílsins er hins vegar meira, auk þess sem þróun í hemlun skilar mikilli bætingu á tíma. Þá er M235i vitanlega búinn öllum nútímaþægindum og tæknibúnaði, en margt af slíku var aukabúnaður í CSL. Hröðun í 100 km/klst. tekur um fimm sekúndur og því er um alvöru kraftabíl að ræða enn eina ferðina frá BMW. Umboð fyrir BMW á Íslandi hefur BL og má reikna með að einhverjir sýni nýja M235i áhuga enda er töluvert magn M-bíla til á landinu.




Hilux er fjallkóngurinn yfir Íslandi í leik og starfi enda harðduglegur vinnuþjarkur sem hefur sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Ný hönnun á sætum og innra byrði gefur einstök þægindi í akstri innan bæjar sem utan. Sterkbyggð grind og ríkulegur öryggisbúnaður skapa meira öryggi ofan á óhagganlegan stöðugleika með öflugri fjöðrun og góðri hæð yfir vegi. Þú færð ekki annan eins styrk og öryggi á betra verði. Hilux fæst með hljóðlátri 2.5l eða 3.0l dísilvél sem bíður þess að komast þangað sem þig langar.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

**Verð frá 5.490.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ · 40 % GÆÐALÁN TOYOTA

**Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo**
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að láni án vaxta í allt að þrjú ár.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.




VOLKSWAGEN PASSAT ALLTRACK

2,01 DÍSILVÉL, MEÐ FORÞJÖPPU 177 HESTÖFL
Fjórhjóladrif
Eyðsla 5,9 l/100 km í bl. akstri

Mengun 155 g/km CO2
Hröðun 8,9 sek.
Hámarkshraði 210 km/klst.
Verð 7.120.000 kr.
Umboð Hekla


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# HÁFÆTTUR LANGBAKUR A

## Með öfluga en sparneytna dísilvél, gríðarmikið skottpláss, mikla veghæð og fjórhjóladrif er hér kominn frábær ferðabíll.

**VOLKSWAGEN PASSAT ALLTRACK**
Finnur Thorlacius reynsluekur

Volkswagen Passat á sér langa sögu og hefur verið í boði í 40 ár en þessi gerð hans á sér þó öllu styttri sögu, eða frá árinu 2010. Hér er á ferðinni bíll sem að flestu leyti er eins og venjulegur Passat, en stendur hærra á vegi, er fjórhjóladrifinn og hefur fengið útlitsbreytingar sem hæfa bíl sem á að vera fær um að fara meiri vegleysur. Hann er með útteknum hjólaskálum og hefur að auki fengið aðra fram- og afturstuðara sem gerir hann allan kraftalegri og líklegri til átaka. Hann stendur 3 cm hærra frá vegi og er því farinn að nálgast veghæð jepplinga. Því má segja að Volkswagen Passat Alltrack brúi bilið á milli Passat og Tiguan-jepplingsins. Þessum bíl svipar nokkuð til Audi Allroad-bílanna sem til eru bæði af A6- og A4-gerð en stærð hans liggur þó nær A4 Allroad. Þessi bíll er þó öllu ódýrari en þeir báðir og með því að bjóða Alltrack sést að Volkswagen-bílafjölskyldan er að bjóða velkominn þann kaupendahóp sem hrifinn er af Audi Allroad en hefur ekki alveg efni á svo dýrum bílum. Þar fyrir neðan í verði býður Volkswagen-fjölskyldan upp á Skoda Octavia Scout.

### Öflug dísilvél með ógnartog

Það var alls ekki slæmt að hafa lyklana að Volkswagen Passat Alltrack og vera á leið í sumarbústað austur fyrir fjall yfir helgi. Bíllinn er afar rúmgóður og fór ansi létt með farangur heillar fjölskyldu og eitt reiðhjól að auki sem reyndar var aðeins bútað í sundur og komið fyrir ofan á farangrinum í skottinu. Ekki var meiningin af fara í miklar vegleysur, en þó á malarvegi. Á malbikinu þarf sannarlega að horfa vel á hraðamælinn því með sinni öflugu 177 hestafla dísilvél með forþjöppu er hann afar frískur. Hún togar svo vel að hann er eins og viljugur foli, enda með 380 Nm tog. Hjá Heklu er Passat Alltrack aðeins í boði með þessari öflugu dísilvél, en í Þýskalandi má einnig fá hann með 210 hestafla 2,0 l bensínvél og 140 hestafla 2,0 l dísilvél, sem í grunninn er sama vél og í þeim bíl sem hér er í boði, bara aflminni. Báðar þessar gerðir má sérpanta hjá Heklu. Þessi líflega 177 hestafla dísilvél er tengd við 6 gíra DSG-sjálfskiptingu og vart þarf að fjölyrða um gæði þeirrar skiptingar frá Volkswagen, hún er ávallt góð. Með þessari vél er eyðsla bílsins aðeins 5,9 l og það sannaðist í reynsluakstrinum, sem að mestu fór fram á þjóðvegum. Á bílinn var bætt 4.000 krónum af dísilolíu og eftir bústaðarferð í Reykjaskóg og talsvert snatt í bænum að auki stóð eldsneytismælirinn hærra og eyðslutalan sannreynd. Vel gert þar hjá Volkswagen fyrir stóran bíl.

### Einföld og vönduð innrétting

Innréttingin í Passat Alltrack er hvort tveggja í senn einföld og sérlega vönduð. Hún ber með sér að allt er einstaklega vel smíðað og efnisvalið er sérlega gott. Það er ávallt gaman að sjá þegar einfaldleiki og glæsileiki fara saman og oftast eru einfaldar lausnir bestar. Lagleg silfurlituð umgjörð um miðjustokk mælaborðsins aðgreinir Alltrack frá hefðbundnum Passat og setur sérstakan stíl á innréttinguna. Stýrið, sem er bæði hæðarstillanlegt og aðdraganlegt, er mjög flott og gott að handleika. Hiti er í framsætum sem virkar samstundis. Ágætt hljóðkerfi er í bílnum og átta hátalarar. Pláss fyrir aftursætisfarþega er eins og gera má ráð fyrir í stærri fjölskyldubílum og fer einkar vel um þá. Skottrými er 588 lítrar og stækkar í 1.716 lítra ef aftursætin eru felld niður. Það er rúmlega á pari við aðra bíla í þessum flokki.

### Tími langbakanna er langt í frá liðinn

Akstur Passat Alltrack er ansi ljúfur og fjórhjóladrifið gerir hann ennþá stöðugri og veitir meiri öryggiskennd, ekki síst á möl. Bíllinn er vel búinn aðstoðarkerfum, stöðugleikakerfi, læsingu á mismunadrifi, skrikvörn og fleiri kerfum sem auðvelda ökumanni akstur bílsins enn frekar við erfiðar jafnt sem auðveldari aðstæður. Stöðugleiki hans á vegi er alveg til fyrirmyndar og þar er hann lítill eftirbátur dýrari frænda sinna af Audi Allroad-gerð. Fjöðrun bílsins er harðari en í venjulegum Passat til að takast á við meiri hleðslu og erfiðara undirlag og hún er það vel sett upp að hún gæti átt heima í mun dýrari bíl. Hann er líka ári vel hljóðeinangraður og því verður akstur hans ljúfur og áreynslulaus. Fyrir vikið er þessi bíll sérlega heppilegur fyrir fólk á hreyfingu, sem fer út fyrir malbikið oftar en meðalmaðurinn og fyrir fólk sem þarf mikið pláss fyrir farangur. Þeir sem eru að hugleiða kaup á jepplingum, eins og margir gera um þessar mundir, ættu að skoða bíl eins og þennan. Hann er með betri akstursgeiginleika og tekur ef eitthvað er meira af farangri og enn betur fer um aftursætisfarþega. Tími langbakanna er langt í frá liðinn, þeir eru einstaklega notadrjúgir bílar, sérstaklega ef þeir eru eins vel úr garði gerðir og þessi bíll. Passat Alltrack er þó dýrari en margir þeirra, en hann kostar 7.120.000 en fyrir það fæst vandaður bíll sem hentar við íslenskum aðstæðum, er fjórhjóladrifinn og með mikla veghæð.






**KEMUR Á ÓVART**
Lúxusbílatilfinning við akstur
Hversu vel hann er búinn
Feykistórt skottrýmið

- Lágstemmt ytra útlit
- Verð

- Akstursеiginleikar
- Vél
- Hljóðlátur







Stílhrein, einföld og vönduð innrétting þar sem áferð rispaðs stáls ræður ríkjum. Smekklegt og greinilega vel smíðað.





# F VANDAÐRI GERÐ


# Gott úrval af notuðum bílum



**SUZUKI Kizashi AWD.**
Skr. 05.2010, ekinn 29 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga o.fl..
**Verð 3.950.000.**
Rnr.100572.



**SUZUKI SX4.**
Skr. 06.2012, ekinn 39 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.880.000.**
Rnr.100595.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**
Skr. 07.2010, ekinn 42 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 3.490.000.**
Rnr.100280.



**KIA Sorento EX Luxury.**
Skr. 02.2005, ekinn 143 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, leður, sóllúga, dráttarbeisli.
**Verð 2.250.000.**
Rnr.100587.



**KIA Sportage II.**
Skr. 02.2006, ekinn 89 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.590.000.**
Rnr.100586.



**NISSAN Terrano Luxury.**
Skr. 10.2004, ekinn 149 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, dráttarbeisli, 7 manna.
**Verð 1.580.000.**
Rnr.100561.



**TOYOTA Avensis EXE.**
Skr. 12.2007, ekinn 88 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður.
**Verð 2.290.000.**
Rnr.100104.



**TOYOTA Corolla Sol.**
Skr. 06.2009, ekinn 84 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.190.000.**
Rnr.100465.



**TOYOTA Rav4.**
Skr. 09.2005, ekinn 140 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli.
**Verð 1.390.000.**
Rnr.100543.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið**



## Tíu grænir VW til Kína

Stærsti bílamarkaður heims í Kína heillar alla bílaframleiðendur og háar endurgreiðslur kínverska ríkisins til handa þeim sem kaupa rafmagns- eða tvinnbíla hafa fengið þá til að auka úrval sitt á slíkum bílum.

Volkswagen-bílasamstæðan ætlar að taka þátt í þessu átaki kínverskra yfirvalda til að minnka útblástur bíla í Kína með því að bjóða ekki færri en tíu gerðir af rafmagns- eða tvinnbílum í Kína fyrir árið 2018. Nú þegar býðst þar Porsche Panamera S E-Hybrid og seinna á þessu ári mun Volkswagen kynna E-Up og E-Golf.

Á næsta ári bætast svo Volkswagen Golf GTE og Audi A3 E-tron við flóruna. Allir munu þessir bílar verða fluttir inn frá Þýskalandi. Árið 2016 ætlar svo Volkswagen að smíða plug-in-hybrid-gerð af Audi A6 í Kína í samstarfi við China FAW Group og SAIC Motor Corp og fleiri koma svo í kjölfarið. Í Kína greiðir ríkið allt að 1 milljón króna með hverjum seldum rafmagnsbíl og 580.000 krónur með hverjum plug-in-hybrid-bíl. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs seldi Volkswagen 880.700 bíla í Kína og jók söluna um 15% á milli ára. Stefnan er að selja 3,5 milljónir bíla í Kína í ár, en salan nam 3,27 milljónum bíla þar í fyrra.



## Nissan Qashqai og Hyundai i10 seljast hraðast í Bretlandi

Oft spá fjölmiðlar í hvaða bílar seljast mest en það er hins vegar sjaldgæft að vöngum sé velt yfir því hvaða bílar seljast hraðast. Í Bretlandi heldur heimasíðan glassbusiness.co.uk utan um þær upplýsingar. Samkvæmt nýjustu tölum heimasíðunnar eru það nýjar kynslóðir bíla sem seljast hraðast. Þar fara fremstir í flokki Nissan Qashqai og Hyundai i10 en það tekur að meðaltali 25,3 daga að selja hvern Qashqai af lager og 26,9 daga að selja hvern Hyundai i10. Það er áhugavert að skoða svona tölur, þótt íslenskt samhengi gefi þeim ekki mikið vægi.

Til samanburðar má skoða þá bíla sem lengstan tíma tekur að selja í Bretlandi og er sölutíminn þá í kringum 70 til 100 dagar. Aðrir bílar sem seljast hratt í Bretlandi þessa dagana eru Volkswagen Bora, Audi Q3, Audi TT, Nissan Almera, Peugeot 2008, Audi A1, Ford Fiesta og Peugeot 3008 en fæstir af þessum bílum eru söluháir á Íslandi. Vefsíðan telur að vinsældir hins splunkunýja Nissan Quashqai séu til marks um að jepplingar njóti nú aukinnar hylli.



## Mercedes Benz GLA nálgast Íslandsmið

Hinn nýi og netti sportjeppi Mercedes-Benz GLA verður kynntur á Íslandi í júní samkvæmt upplýsingum frá bílaumboðinu Öskju. Mercedes Benz GLA var frumsýndur á bílasýningunni í Frankfurt sl. haust.

Eftirvænting hefur ríkt víða fyrir komu GLA en þetta er fyrsti bíllinn í þessum stærðarflokki sem Mercedes-Benz framleiðir. Talsvert er lagt í innanrými GLA, sem mun svipa mjög til hinna nýju A-Class og CLA. Lítið mun skorta á kraftinn þrátt fyrir að vélarnar verði eyðslugrannar og umhverfismildar. Fyrsti framleiðslubíllinn er GLA 250 4Matic með tveggja lítra vél sem skilar 208 hestöflum. Sportjeppinn er með 7 gíra DCT-gírkassa. Hann er aðeins 6,4 sekúndur úr kyrrstöðu í hundraðið.

### Stefnt gegn Audi Q3 og BMW X1

AMG-ofurútfærslan á GLA verður með tveggja lítra, fjögurra strokka vél með túrbínu. Þetta er sams konar vél og í A 45 AMG og CLA 45 AMG. Vélin er geysiöflug og skilar 355 hestöflum. Sportjeppinn verður með 4MATIC-fjórhjólakerfinu sem bætir bæði veggrip og stöðugleika bílsins auk þess sem það eykur snerpu og öryggi í akstri. Stefnt er að því að GLA komi einnig með framhjóladrifi en sú útgáfa er líklega ekki væntanleg á markað fyrr en 2015. Mercedes-Benz ætlar nýja sportjeppanum stórt hlutverk og er honum stefnt í harða samkeppni við Audi Q3 og BMW X1.

# TOYOTA USA FRÁ KALIFORNÍU TIL TEXAS

**Margir bílaframleiðendur hafa flutt höfuðstöðvar sínar frá Kaliforníu vegna dýrtíðar og skatta.**

Toyota hefur tekið ákvörðun um að flytja höfuðstöðvar sínar í Bandaríkjunum frá Kaliforníu til Plano í Texas. Höfuðstöðvar Toyota í Bandaríkjunum hafa verið í Kaliforníu í 57 ár. Toyota er ekki fyrsti japanski bílaframleiðandinn til að flytja höfuðstöðvar sínar þar frá Kaliforníu, en Nissan gerði það einmitt fyrir átta árum. Einnig hefur Honda flutt hluta af starfsemi sinni frá Kaliforníu til Ohio. Þá flutti Ford árið 2001 frá Kaliforníu þá deild sína er hafði með Volvo-, Jaguar-, Land Rover- og Aston Martin-merkin að gera er þau voru í eigu Ford. Því má segja að mikill flótti bílafyrirtækja hafi verið frá Kaliforníu á undanförnum árum. Skondið er að rifja það upp að þegar Nissan fór með höfuðstöðvar sínar frá Kaliforníu fyrir átta árum létu Toyota-menn hafa eftir sér að það myndu þeir aldrei gera. Ekki fór það þó þannig.




Toyota flytur höfuðstöðvar sínar til Plano í Texas.

### Dýrtíð og háir skattar í Kaliforníu

Það er orðið mjög dýrt að reka fyrirtæki í Kaliforníu og einnig er mjög dýrt fyrir starfsfólk að lifa þar. Er Kalifornía nú, ásamt New York og New Jersey, eitt þriggja svæða Bandaríkjanna sem dýrust eru þegar kemur að kostnaði við að reka heimili. Er sá kostnaður 39% hærri en á nýja staðnum í Plano. Þá eru fyrirtækjaskattar háir í Kaliforníu og á það vafalaust stóran þátt í ákvörðun Toyota. Einn þáttur enn spilar vafalaust inn í ákvörðun Toyota, en Plano í Texas er einn öruggasti staður í Bandaríkjunum þegar kemur að glæpum og talinn einn besti staður þarlendis varðandi lífsgæði almennt. Með þessari ákvörðun er víst að margir starfsmenn Toyota þurfa að flytjast búferlum, en þó er talið víst að Toyota muni nota þetta tækifæri til að stokka aðeins upp hjá sér í starfsmannamálum. Eftir þeim er haft að breyting verði á markaðsmálum fyrirtækisins þar sem sumir af núverandi starfsmönnum þess séu ekki endilega heppilegir til að stýra.



BMW i8 er afar framúrstefnulegur og tæknivæddur.

# ER BMW I8 STÖKK INN Í FRAMTÍÐINA?

**Er ekki ofursportbíll heldur dæmi um framtíðarsýn BMW.**

Fyrir áratugum voru framtíðarbílar eitt helsta einkenni bjartari tíðar. Þetta var á tímum kalda stríðsins og tæknikapphlaups sem að miklu leyti var drifið áfram af vopnakapphlaupi stórveldanna. Í bíómyndum og teiknimyndasögum var birtingarmynd tækni framtíðarinnar hins vegar oftast bíll. Ýmsir framúrstefnulegir bílar litu dagsins ljós hjá bílaframleiðendum, oftast hugmyndabílar. Fólk lét sig dreyma um flugbíla, rafmagnsbíla, rennilega og hátæknivædda bíla sem voru búnir alls konar tækjum til að þjóna eigandanum. Þessir tímar eru liðnir en framtíðin er alltaf ókomin. Þó kannski með einni undantekningu því BMW hefur framleitt bíl sem er eins og klipptur út úr hasarblaði framtíðarinnar. Það er BMW i8, sem er kyndilberi framtíðartækni BMW og svo framúrstefnulegur að það er næsta ótrúlegt að hugsa til þess að bíllinn sé nú þegar kominn á markað.

### Tæknilegt undur – hvernig sem á hann er litið

Ekki aðeins er BMW i8 afar framúrstefnulegur á að líta heldur er bíllinn mjög tæknivæddur. Hann er útbúinn afar óvenjulegri drifrás, 1,5 lítra, þriggja strokka túrbínuvél sem skilar 231 hestafli og er sú vél að aftan í bílnum. Að framan er svo rafmagnsmótor sem skilar 129 hestöflum en samtals er bíllinn þá 362 hestöfl og nýtur hann þess að auki að hafa drif á öllum hjólum. Þá prýða bílinn vængjahurðir og hönnun sem er svo óvenjuleg og glæsileg að bíllinn minnir einfaldlega á ókomna tíð. BMW hefur þegar sagt að ekki sé um ofursportbíl að ræða heldur að i8 sé dæmi um þá nálgun sem BMW hefur í huga hvað varðar framleiðslu framtíðarinnar. Bíllinn er afar spennandi í útliti og akstri, ofurléttur, sérstaklega þegar haft er í huga að þetta er fjögurra sæta bíll með öflugum rafmótor og bensínvél, en jafnframt mjög sparneytinn. BMW i8 nær 120 km/klst. hraða á rafmagninu eingöngu og 35 km drægi sem þýðir að hægt er að sinna flestum innanbæjarakstri án þess að nota dropa af eldsneyti. Þrátt fyrir þessa sparsemi hraðar bíllinn sér í 100 km/klst. á aðeins 4,2 sekúndum og hámarkshraðinn er 250 km/klst.

# Er sumarið komið í umferð hjá þér?

Nú er tími sumardekkjanna kominn og því hvetjum við bíleigendur til að fá aðstoð fagmanna okkar við val á dekkjum með rétta eiginleika,- **það er öruggast.**

Dekkin eru eina snerting bílsins við veginn og öryggi þitt veltur því á gæðum þeirra.  Við hjá Bílabúð Benna búum að áratuga reynslu og vitum að mikill munur er á gæðum og endingu þeirra dekkja sem eru í boði á markaðnum.



Við erum á Facebook

Bjóðum vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði

Nánari upplýsingar á benni.is

**Umboðsmenn um land allt**



PIRELLI · TOYO TIRES *driven to perform* · BFGoodrich TAKE CONTROL · MAXXIS · INTERSTATE TIRES

NESDEKK Reykjavík Reykjanesbæ

Bílabúð Benna *Sérfræðingar í bílum*

**Þjónustusími: 561 4200**

**Reykjavík**: Fiskislóð 30  og Grjóthálsi 10
**Reykjanesbæ:** Njarðarbraut 9

**Bílabúð Benna - Dekkjaþjónusta**

Reykjavík • Tangarhöfða 8  • Sími: 590 2045
www.benni.is • Þjónustuborð: 590 2000



**FORD FIESTA ST**

1,6 BENSÍNVÉL
180 HESTÖFL
Fjórhjóladrif
Eyðsla 4,9 l/100 km í bl. akstri

Mengun 138 g/km CO2
Hröðun 6,9 sek.
Hámarkshraði 220 km/klst.
Verð 4.090.000 kr.
Umboð Brimborg

- Hastur
- Veghljóð

- Akstурseiginleikar
- Útlit
- Verð

# MIKIÐ FYRIR LÍTINN PENING

Glerharður, hreinræktaður sportbíll með frábæra aksturseiginleika og á mjög góðu verði.

**FORD FIESTA ST**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Sú ágæta þróun hefur orðið hérlendis að aftur fást nú sportútgáfur bíla, en þeir hurfu að mestu úr úrvali umboðanna við hrun. Einn þessara bíla er Ford Fiesta ST sem mikið hefur verið mærður erlendis og kemur það undirrituðum ekki á óvart eftir að hafa prófað hann. Aðrir bílar í þessum flokki sem bjóðast nú eru til dæmis Volkswagen Golf GTI, Kia Cee´d Pro GT, Renault Clio RS, Peugeot 208 GTI og Skoda Octavia VRS. Allt mjög skemmtilegir bílar og kraftaútgáfur af mörgum af vinsælustu fólksbílum heims. Það er mikið fagnaðarefni að þessir bílar séu aftur í boði og vonandi finna þeir sem flesta eigendur hérlendis á næstunni.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA
Ford Fiesta ST – lítil og sportleg spyrnukerra

### Ódýrastur „hot hatch“-bílanna

Ford Fiesta ST er 180 hestafla og þau koma frá lítilli 1,6 lítra vél með forþjöppu. Þetta afl er nægt til að koma honum í 100 km hraða á 6,9 sekúndum. Hann er því ámóta snöggur og hinir ofantöldu sportbílarnir þrátt fyrir að vera vopnaður færri hestöflum. Þar sem hann er minni og léttari bíll en hinir er hann enginn eftirbátur hinna í snerpu. Það jákvæða hins vegar við Ford Fiesta ST er að hann er talsvert ódýrari en hinir. Hann kostar aðeins 4.090.000 kr, en hinir eru allir á verði um og yfir 5 milljónir. Renault Clio RS er á 4.990.000, Kia Cee´d GT á 5.490.000, Golf GTI á 5.590.000 og Skoda Octavia VRS á 5.680.000 krónur. Þarna ber talsvert í milli og því má segja að Ford Fiesta ST hafi nokkurt forskot í flokknum um hylli kaupenda, en hafa verður í huga að allir hinna bílanna eru þó nokkru stærri.

### Mikil akstursgeta

Það fyrsta sem ökumaður finnur fyrir við akstur Ford Fiesta ST er hversu harður bíllinn er, alveg glerharður. Það á svo sem ekki að koma á óvart þegar um sportara er að ræða en hægt er að fullyrða að hann sé harðari við akstur en allir keppinautarnir. Þessi harða fjöðrun hans eykur líka á aksturseiginleika hans og hann ræður ótrúlega vel við beygjurnar fyrir vikið. Hrikalega gaman er að henda honum í þær og veggripið er undarlega mikið. Fyrir vikið er hann trúrri ætlunarverki sínu að vera hreinræktaður sportbíll sem fórnar nokkuð þægindunum fyrir aksturseiginleikana. Þetta þurfa ökumenn hans bæði að sætta sig við og í leiðinni njóta til fullnustu. Þessi bíll beinlínis hvetur ökumann til að aka rösklega og er það góður eiginleiki. Í leiðinni hvetur hann einnig ökumann til að láta hann snúast hratt í hverjum gír og hann nýtur sín best á háum snúningi. Að því leytinu minnir hann á Toyota GT86/Subaru BRZ. Beinskiptingin í Ford Fiesta ST hæfir karakter bílsins vel og skiptihnúðurinn leikur í hendi. Bremsurnar eru einnig góðar, enda diskar bæði að framan og aftan, en Ford Fiesta ST er fyrsti Fiesta-bílinn sem er svo búinn. Undarlega mikið tog er í þessari litlu 1,6 lítra vél, svo mikið að furðu vekur, vel gert hjá Ford. Þrátt fyrir að Ford Fiesta ST skorti 20 hestöfl í samanburði við Renault Clio, sem einnig þykir mjög skemmtilegur sportbíll, þá hefur Fiestan Cliobílinn á braut, þökk sé frábærum aksturseiginleikum hans.

### Hreinræktaður sportbíll

Venjulegur Ford Fiesta er fallegur bíll, en þessi útgáfa hans er enn fallegri og talvert kraftalegri. ST-útgáfa hans er þriggja hurða og þannig verður hann sportlegri bíll og ekki skemma 17 tommu felgurnar. Að innan tekur ekki verra við, flott sportsæti og laglegt innrétting. Gírhnúður og pedalar úr áli gefa honum það sportlega yfirbragð sem honum sæmir. Bíllinn er ekki hlaðinn tæknibúnaði, en ef svo hefði verið hefði hann svikist um ætlunarverkið og verið þyngri bíll sem komið hefði niður á aksturseiginleikum hans. Hann er ætlaður fyrir fólk sem gerir meiri kröfur til akstursgetu en þæginda. Þannig á það líka að vera. Ástæða er til að minnast á eitt sem ekki gladdi ökumann, en það var mikið veghljóð og virðist einangrun bílsins aðeins ábótavant. Líklega er hér kominn bíll þar sem kaupendur fá einna mest fyrir peninginn hvað akstursgetu varðar. Hann er á frábæru verði og því ætti hann að geta fundið marga glaða kaupendur, en víst er að enginn annar bíll með slíka akstursgetu fæst á 4 milljónir hérlendis.







**Kemur á óvart**

**Hve öflug þessi litla vél er**

**Ótrúlegt veggrip bílsins**

**Gæði og útlit framsæta**














# Volkswagen Caddy

# **Snjallari kynslóð atvinnubíla**

Íslenskir atvinnurekendur vita að þegar þarf að kljást við misjafnar íslenskar aðstæður er þýskt hugvit snjallasti mótleikurinn. Það er því engin furða að Volkswagen Caddy hefur verið mest seldi atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár.

Nýjasta útfærslan af Caddy er sú snjallasta til þessa. Með snjallsímanum þínum getur þú til dæmis tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum. Þetta er bara einn af nýjum eiginleikum í Caddy, vinnuþjarkinum þýska, sem er nú snjallari en nokkru sinni fyrr.

**VW SNJALL-BÍLL**

Snjall-Caddy kostar aðeins frá

## 3.250.000 kr.

**(2.589.641 kr. án vsk)**

### Staðalbúnaður í Caddy

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 15“ stálfelgur og heilkoppar
- Lokað skilrúm með glugga
- Fullkomin stöðugleikastýring og spólvörn
- Hæðarstillanlegt ökumannssæti
- Loftpúðar fyrir ökumann
- Útvarp með geislaspilara
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- Velti- og aðdráttarstýri
- Viðarklæðning í lofti og hliðum og gúmmídúkur á gólfi flutningsrýmis

### Aukabúnaður Snjall-Caddy

- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Stigalúga*
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði
- Hraðastillir (Cruise Control)

Atvinnubílar

*Ekki mögulegur aukabúnaður í Caddy Maxi

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



Audi TT Offroad.

# 408 hestöfl og 1,9 lítra eyðsla

Það eru ekki slæmar tölur sem Audi TT Offroad-bíllinn státar af, en hann var fyrst sýndur almenningi á bílasýningunni í Peking nýlega, sem hugmyndabíll. Þessi bíll verður líklega ein af nokkrum gerðum TT-bíla, en Audi hefur hugsað sér að búa til heila fjölskyldu TT-bíla. Þessi tiltekni bíll er eins konar jepplingur en þó ekki af neinni venjulegri gerð. Fyrir það fyrsta er hann tvinnbíll sem eigendur hlaða heima hjá sér, en hann er líka ákaflega öflugur bíll með sín 408 hestöfl og sendir þau að sjálfsögðu til allra hjólanna. Aflið kemur frá 2,0 lítra forþjöppuvél sem er 292 hestöfl og rafmótorum bæði framan og aftan sem bæta við 116 hestöflum. Samtals er tog drifrásarinnar 650 Nm.

Með öllu þessi afli er hann aðeins 5,2 sekúndur í hundraðið og hámarkshraði hans er takmarkaður við 250 km/klst. Þetta eru allt ágætar tölur en það sem eflaust mestu máli skiptir er að bíllinn eyðir aðeins 1,9 lítrum. Auk þess er hann einkar umhverfisvænn og mengar aðeins 45 g/km af $CO_2$. Hann hlýtur því að fá frítt í tvö stæði í Reykjavík í 90 mínútur í senn! Fyrstu 50 kílómetrana má aka aðeins á rafmagni og heildardrægi bílsins er 880 kílómetrar. Í bílnum er stór 12,3 tommu aðgerðaskjár og stjórnar bílstjórinn flestu því sem stjórna má í framúrstefnulegri þrívíddargrafík.

# Volkswagen íhugar retró-bílalínu

Eins konar hliðarmerki stóru bílaframleiðendanna er að verða að tísku nú um mundir, sérstaklega þýsku bílaframleiðendanna. BMW hefur framleitt i-fjölskyldu rafmagnsbíla sinna, Audi virðist ætla að búa til fjölskyldu TT-bíla sinna og Mercedes Benz virðist ætla að halda merki hins áður aflagða Maybach á lofti á efsta og dýrast þrepi S-línu bíla sinna. Og núna virðist Volkswagen ætla að búa til litla fjölskyldu retró-bíla sem renna í hjólför endurvakningar Bjöllunnar frægu.

Næsta skref Volkswagen þar virðist líklega fólgið í endurvakningu á Rúgbrauðinu með bíl sem fengi nafnið Bulli Microbus, en bílablaðið Autobild greinir frá þessu. Auk þess ætlar Volkswagen að kynna nýja gerð Bjöllunnar með sportlegri og lægri þaklínu og þá væntanlega með öflugri vélum. Kemur þetta kannski ekki á óvart ef mið er tekið af vinsældum Bjöllunnar, en ást margra á Rúgbrauðinu er líkleg til að tryggja góða sölu á farartæki sem líkist þeim goðsagnakennda bíl.



Volkswagen Bulli ber sterkan svip af Rúgbrauðinu gamla.



# Hagnaður Ford minnkar um 39 prósent

Ford hefur skilað inn uppgjöri sínu fyrir fyrsta fjórðung þessa árs og það var ekki til að gleðja hluthafa að hagnaðurinn minnkar um 39% frá árinu í fyrra. Hagnaðurinn var þó 118 milljarðar króna, en var 185 milljarðar í fyrra. Allur hagnaður Ford kemur á heimavelli í Bandaríkjunum og gott betur en það því þar hagnaðist Ford um 170 milljarða króna. Verra gengi annars staðar í heiminum dregur niður hagnað Ford. Í Evrópu nam tapið 22 milljörðum króna en minnkaði þó verulega frá fyrra ári, er tapið var 48 milljarðar. Annað markaðssvæði sem Ford tapaði á er S-Ameríka og var tapið þar 58 milljarðar og jókst úr 25 milljörðum frá því í fyrra.

Reksturinn í Kína og annars staðar í Asíu skilaði þó 33 milljarða króna hagnaði. Ford hagnaðist einnig á starfsemi sinni í Mið-austurlöndum og Afríku og skilaði hún 6 milljörðum í kassann. Ford seldi 6% fleiri bíla á fyrsta ársfjórðungi í ár en í fyrra, en salan í Bandaríkjunum minnkaði samt um 3%. Í þessu uppgjöri Ford nú verður að taka tillit til þess að Ford setti til hliðar 45 milljarða króna í sjóð sem notaður verður ef til skyndilegra innkallana kemur. Ef sá sjóður hefði bæst við hagnaðinn hefði hann aðeins orðið 12% minni en í fyrra, ekki 39% minni.




ix35

Vandaður – fjórhjóladrifinn

Hyundai ix35, dísil, beinskiptur - Verð: 5.790.000 kr.
Hyundai ix35, dísil, sjálfskiptur - Verð: 6.390.000 kr.

Fjórhjóladrifinn / hiti í stýri / hiti í fram- og aftursætum / HAC brekkubremsa / bakkmyndavél / fjarlægðarskynjarar að aftan og framan / eldsneytisnotkun 5,5 l/ 100 km*

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun beinskipts ix35 í blönduðum akstri

Nýi bíllinn er Hyundai

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM61162



**ÁRANGUR** Í verkefnavinnu leggjast allir á eitt við að ná tilætluðum árangri.

# MASTER OF PROJECT MANAGEMENT (MPM)

**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK KYNNIR** *Verkefnastjórnun er lykillinn í árangursríkum og nútímalegum fyrirtækjarekstri, faglegri vísindaiðkun og ábyrgri stjórnsýslu. Opið er fyrir umsóknir um í MPM-nám til 5. júní næstkomandi. Sjá www.hr.is/mpm.*

Verkefni – og í stærra samhengi verkefnaskrá og verkefnastofnar – geta falist í að endurskipuleggja tíma sinn, skrifa skáldsögu, móta stefnu eða gera viðskiptaáætlun, ráðast í kynningarátak, semja um mikilvæga hagsmuni, hanna Boeing Dreamliner eða Airbus A300, bregðast við samkeppni, byggja Hof og Hörpu, gera kvikmynd, halda menningarhátíð, kortleggja genamengi mannsins, lenda ökutæki á Mars eða greina grunneðli veraldar hjá Evrópsku kjarnorkurannsóknarstofnuninni (CERN).

Verkefnastjórnun má kenna með verkefnum í þágu samfélags!

## *Dagskrá:*

**16.00 Stutt kynning**

**16.05 Verkefnið: Óskalistinn (Hef ég efni á honum?)** Óskalistinn er nýr námsleikur sem hjálpar ungu fólki að skilja mikilvægi þess að setja sér fjárhagslegt markmið og keppa að þeim. Sagan spannar tveggja mánaða tímabil þar sem freistingar og óvæntir viðburðir verða á vegi þátttakenda.

**16.30 Verkefnið: Barnaspítali Hringsins (Fræðslumyndband)** Gert var nýtt fræðslumyndband um Barnaspítala Hringsins fyrir foreldra og börn um það hvernig er að koma til aðgerðar á spítalanum. Myndbandið verður notað sem grunnur að frekari myndbandagerð fyrir spítalann í framtíðinni.

**16.55 Verkefnið: www.icbguru.com** Ár hvert þreyta tugþúsundir einstaklinga um allan heim D-vottunarpróf International Project Management Association (IPMA) sem byggir á efni hugtakalykils IPMA International Eye of Compentence 3 (ICB3). Vefsíðan www.icbguru.com kynnir efnið á lifandi máta.

**17.20 Hlé**

**17.45 Verkefnið: Stefnumótun fyrir Film in Iceland** Film in Iceland er verkefni á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og er rekið sem verkefni hjá Íslandsstofu. Verkefnið gengur út á að markaðssetja Ísland sem vænlegan tökustað fyrir kvikmyndir. Gerð var sóknaráætlun fyrir verkefnið Film in Iceland.

**18.10 Verkefnið: Sumarátak SAMAN hópsins 2014** SAMAN hópurinn er grasrótarhreyfing aðila sem vinna að forvörnum fyrir börn og unglinga. Verkefnið fólst í að skipuleggja átak með áherslu á samveru fjölskyldna til forvarna.

**18.35 Verkefnið: Þorir þú að vera fatlaður?** Viðburður á sumardaginn fyrsta síðastliðinn til styrktar Reykjadal sem eru sumarbúðir fyrir fötluð börn alls staðar að af landinu. Fyrirtæki kepptu í hjólastólaspretti og hjólastólahandbolta. Kynnar voru Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Adolf Ingi Erlingsson.

**19.00 Lok**

Áhugafólk um stjórnun, verkefnastjórnun og beitingu hennar á ólíkar tegundir verkefna ætti að líta inn. Ráðstefnan er tækifæri til að fá innsýn inn í viðfangsefni nemenda á fyrra námsári í MPM-námi við Háskólann í Reykjavík. Ráðstefnan er öllum opin á meðan húsrúm leyfir.

Látum gott af okkur leiða!



**Í ÞÁGU SAMFÉLAGS** Nemendur í MPM-námi vinna að verkefni í þágu samfélags.


# MPM

MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

## VERKEFNI Í ÞÁGU SAMFÉLAGS!

*Í Háskólanum í Reykjavík í dag.*

Meistaranám í verkefnastjórnun (MPM-nám) við Háskólann í Reykjavík kynnir nokkur verkefni sem unnin hafa verið á vormisserinu.

Kynningin verður í dag, þriðjudaginn 6. maí, kl. 16.00 í stofu M101 í Háskólanum í Reykjavík og er öllum opin! Ráðstefnustjóri er Páll Jensson prófessor.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# smáauglýsingar FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000** Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

bilaborg.is
Sími 517-1111



YAMAHA Jet 1800. Árgerð 2003, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.133798. Gott staðgreiðsluverð. Er á staðnum



BMW 1 116i h/b e87. Árgerð 3/2006, ekinn 83 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.125376. Er á staðnum. Flottur bíll

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

hjól.is
bestir í hjólum...



Harley Davidson Deuce 2004 ek 2 þús míl. Rnr. 123226 Tilboðsverð 1790 þús. Gsm 8998471

**NÚ ER TÍMINN !!**
Besti sölutíminn framundan, mikil sala, vantar allar gerðir af hjólum á skrá og staðinn !!

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

ÍSBAND.IS



**NÝ ADRIA HJÓLHÝSI**
ÚTSALA, Eigum til ný Adria hjólhýsi í nokkrum stærðum og gerðum á frábærum verðum, Ekki missa af þessu, komdu til okkar og skoðaðu úrvalið, ATH takmarkað magn, Eru í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

STÓRA BÍLASALAN



VW Passat 2.0 Highline. Árg.07/2005, ekinn 88 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Leður,Sóllúga og fl Verð 1.690.000.- Er á staðnum. Rnr.133727

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MMC Pajero. Árgerð 2009, ekinn 92 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.210368.



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.990645. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



KIA Ceed ex 1.6 new 2012. Árgerð 2012, ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.650.000. Rnr.990757. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu

Seldur.is

**KAUPUM ALLA BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000



Opel Astra árg.2001,5 gíra, ek.154 þ.km., 1,2L vél.S. 6162597.

Cherokee árg. 94, skoðaður 2015. Keyrður 195þús. verð 290þús. Er til sýnis í Súðarvogi 46, s. 6626091.

Musso til sölu árg. 01' 33" breyttur. Sk 15'. Ek. 182 þús. Verð 650 þús. Uppl. í s:8615673

## 500-999 þús.



**VW FOX DISEL !**
Mögulega eyðslu minnsti bíll sem að þú munt nokkurn tíman eiga ! VW Fox disel 1.4 árg ,06 ek. 141þús km. 3dyra. 4m. bsk. eyðsla ca 4L/100km. sko'15. ásett 1.050þús. Tilboðsverð 799 þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**GÓÐUR NÝ SKOÐAÐUR BÍLL**
Renault Megane 1.6 árg ,03. ek. aðeins 130þús km. bsk. ný sko. glæný heilsársdekk. smurbók frá upphafi. stór glerlúga, góður bíll. ásett verð 850þús. Tilboðsverð aðeins 590þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

## Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ 800 ÞÚS.STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 800þús. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól




## Fellihýsi




## Varahlutir




**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

**TOPPPRIF EHF. S. 778 0330**
Ræstingar og þrif fyrir fyrirtæki og húsfélög. Gerum verðtilboð. toppthrif@toppthrif.is

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.




GARÐLIST 554 1989

**ÓDÝR GARÐÞJÓNUSTA**
Fáðu verðtilboð í garðklippingar eða garðsláttinn fyrir sumarið. Engi ehf Sími: 615-1605.

## Bókhald

**SKATTFRAMTAL 2014**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Frí verkskoðun og tilboð. s. 8919890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Búslóðaflutningar, sorpu ferðir, Almenn sendibílaþjónusta. Uppl. í s. 8469987

## Húsaviðhald




## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Ertu að framkvæma og vantar þig gáma, vinnuskúra eða salerni? Nánari upplýsingar fást í síma 5775757 eða með því að send tölvupóst á gamur@gamur.is

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

**FATABREYTINGAR**
**ÁRNI GÆRDBO KLÆÐSKERI**
Allar fatabreytingar og viðgerðir.

Fljót og góð þjónusta.

Opið alla virka daga frá kl. 10-12 & 13-16.

Geymið auglýsinguna.

**Skraddarinn á Horninu, Skúlagata 26**
**Sími 861 4380.**

## KEYPT & SELT

## Til sölu



Trampólín og öryggisnet á frábæru verði. Allar frekari upplýsingar á trampolin.is



**SKRIFBORÐ EIK**
Til sölu eikarskrifborð stærð 160X60, hefur lítið verið notað. Verð 12.000kr Uppl. í s. 663 3313

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## HEILSA

### Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

### Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - 65 M2 MEÐ SÉRINNGANGI.**
Mjög snyrtilegt rými. Aðgangur að sameiginlegum snyrtingum og eldhúsi. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

**HAFNARFJÖRÐUR - 20M2**
Skrifstofuherbergi - vinnustofa á 2. hæð. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

**HAFNARFJÖRÐUR - GEYMSLUHERBERGI**
11m2 með hillum. Mjög góð skjalageymsla. Nánar á www.leiga. webs.com s. 898 7820

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Vantar fólk í þrif á hótel í miðbæ Reykjavíkur, þarf að geta byrjað strax. 100% starf. Uppl. í s. 822 5777 milli kl. 10-12

We are looking to hire employees at cleaning service, If you have a clean criminal record and driver's license please contact us by phone 863 8855 or by e-mail husfelag@husfelag.is

**STARFSFÓLK ÓSKAST !**
Veitingahús óskar eftir starfsfólki á bar og í afgreiðslu. Helst vönu, aldur 25+. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „veitingahús"**

**FIRMA SS VERK**
Zatrudnie pracowników fizycznych do prac ziemnych.
**Tel. 847 7663**

**VAKTSTJÓRA**
vantar í kvöld & helgarvinnu í þvottahúsi í Grafarvogi. Umsækjandi þarf að vera duglegur, skipulagður, heiðarlegur og með góða reynslu af vinnumarkaði.
**Umsóknir á svanhvit@svanhvit.is**




## til sölu

**FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS** S. 520 3500 • Ármúla 19 • 108 RVK

**Veitinga og skemmtistaður í miðborginni. Einstakt tækifæri.**

**Staðurinn tekur um 300 manns. Ein besta staðsetning sem völ er á í bænum. Flottur staður í fullum rekstri. Besti tíminn framundan. Uppl í síma 773-4700 Óskar.**

**Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali**






## TILKYNNINGAR

LANDSNET

**KERFISÁÆTLUN LANDSNETS 2014-2023**
**Kynning á umhverfisskýrslu kerfisáætlunar**

Fyrir liggur tillaga að kerfisáætlun 2014-2023 ásamt umhverfisskýrslu þar sem lagt er mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar. Landsnet kynnir nú drög að umhverfisskýrslu í samræmi við lög nr. 105/2006. Skýrslan gerir grein fyrir forsendum, nálgun og niðurstöðu matsvinnu, ásamt þeim mótvægisaðgerðum sem lagðar eru til.

Megintilgangur umhverfisskýrslu er að tekið hafi verið tillit til umhverfissjónarmiða við ákvarðanir um kerfisáætlun, draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif og upplýsa um hugsanlegar afleiðingar framkvæmda kerfisáætlunar á umhverfið.

Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu Landsnets www.landsnet.is og hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166.

Ábendingar og athugasemdir við umhverfisskýrsluna skal senda til Landsnets á netfangið landsnet@landsnet.is eða á póstfangið Gylfaflöt 9,112 Reykjavík, merkt athugasemdir við umhverfisskýrslu.

Frestur til að gera athugasemdir eða koma með ábendingar við drögin er til og með 18. júní 2014.

## fasteignir

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

### LANGALÍNA 23




**- Opið hús í dag þriðjudag á milli 16:30 og 17:00**

Til sýnis nýjar glæsilegar 3ja herb. og 4ra. herb. íbúðir á þessum vinsæla stað í Sjálandshverfinu. Stæði í bílageymslu fylgja íbúðunum. Vandaðar innréttingar. **Íbúðirnar eru til afhendingar nú þegar.**
**Óskar og Guðjón sýna íbúðirnar í dag þriðjudag, á milli 16:30 og 17:00. Uppl. í síma 822-8750 og 846-1511.**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á




## fasteignir










**JÖFUR**
ATVINNUHÚSNÆÐI

**534 1020**
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**

### Esjumelar, 116 Reykjavík

Iðnaðarhúsnæði
Stærð 148,1 fm. - 1530 fm.
Verð frá kr. 17.900.000.

Húsnæðið skiptist í 10 einingar sem er hver um sig um 150 fm. Grunnflötur hvers bils er um 100 fm. og milliloft um 50 fm.

Frágangur á húsinu er mjög góður, málað gólf, burðarmikið milliloft, hitablásarar í lofti, 3ja fasa rafmagn til staðar og salerni. Möguleiki á að koma fyrir kaffiaðstöðu á millilofti eða á jarðhæð. Niðurföll eru í gólfi. Háar innkeyrsludyr eru á húsnæðinu (4,8 m.). Malbikað plan er við húsið.

Hægt er að kaupa stök 150 fm. bil. Opið er milli fjögurra bila í miðju hússins þar sem grunnflötur er um 400 fm. og getur það selst í einu lagi.

Allar nánari upplýsingar veita:



**Ólafur Jóhannsson**
Rekstrarfræðingur
*Löggiltur leigumiðlari / Löggiltur fasteignasali*
534 1023 / 824 6703 - olafur@jofur.is



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari / Löggiltur fasteignasali*
534 1024 / 897 7086 - hmk@jofur.is

atvinna


**Splass**
Engin venjuleg bílaþvottastöð!

## Starfsfólk óskast

Auglýsum eftir starfsfólki við bílaþrif. Bæði fullt starf og hlutastarf í boði. Áhugasamir sendi tölvupóst með ferilskráá **starf@splass.is**


tilkynningar


www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður í grunnskóla

**Áslandsskóli** (585 4600 **leifur@aslandsskoli.is)**
- Náms- og starfsráðgjafi
- Almenn kennsla
- Íþróttakennsla
- Dönskukennsla

**Hraunvallaskóli** (664 5872 **lars@hraunvallaskoli.is)**
- Kennsla á yngsta stigi
- Kennsla á miðstigi
- Enskukennsla
- Kennsla í sviðslistum (leiklist og dans)
- Námsráðgjafi (afleysing í eitt ár)
- Sérkennsla

**Hvaleyrarskóli** (565 0200 **helgi@hvaleyrarskoli.is)**
- Umsjónarkennsla á miðstigi
- Náttúrufræðikennsla á unglingastigi
- Heimilisfræðikennsla
- Sérkennsla
- Skólaliði

**Lækjarskóli** (664 5877 **haraldur@laekjarskoli.is)**
- Umsjónarkennsla á yngsta og miðstigi
- Sérkennsla
- Skólaliði
- Kennsla í móttökudeild (50%)
- Deildarstjóri með reynslu af sérkennslu

**Setbergsskóli** (565 1011 **maria@setbergsskoli.is)**
- Umsjónarkennsla í yngri deildum
- Heimilisfræðikennsla
- Sérkennari/þroskaþjálfi/iðjuþjálfi í sérdeild fyrir börn með einhverfu
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi

**Víðistaðaskóli** (595 5800 **hronn@vidistadaskóli.is)**
- Umsjónarkennsla á yngsta stigi
- Íþróttakennsla
- Myndmenntakennsla
- Smíðakennsla
- Sérkennsla
- Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt
- Kennsla á unglingastigi í íslensku,
- Ensku, dönsku og samfélagsfræði
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi

**Öldutúnsskóli (555 1546 valdimar.vidisson@oldutunsskoli.is)**
- Umsjónarkennsla á yngsta stigi
- Umsjónarkennsla á miðstigi
- Náttúrufræðikennsla á unglingastigi
- Stærðfræðikennsla á unglingastigi til áramóta
- Sérkennsla
- Dönskukennsla
- Íþróttakennsla

Allar upplýsingar gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá nánar á heimasíðum skólanna.

**Umsóknarfrestur er til 15 maí 2014.**

*Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.*

***Fræðslustjórinn í Hafnarfirði***


fasteignir


Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**EIGNAMIÐLUN**

Frá 1957
Sala fasteigna í 57 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Efstaleiti, *frábært útsýni* - Laus nú þegar**



Góð 4ra herbergja 137 fm falleg útsýnisíbúð á 4. hæð (efstu) í þessu góða lyftuhúsi. Tvennar svalir og stæði í bílageymslu. Íbúðinni fylgir aðgengi að líkamsræktaraðstöðu, sundlaug, heitum pottum, gufubaði og fl. Mikil og vönduð sameign, setustofur, bar og samkomusalur. Húsvörður er í húsinu. **VERÐ 55 milj.** - 3913

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík



**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## EINBÝLISHÚS Í ÞINGHOLTUNUM

HÖFUM FENGIÐ TIL SÖLU UM 200 FERMETRA MIKIÐ ENDURNÝJAÐ EINBÝLISHÚS Á MJÖG GÓÐUM STAÐ Í ÞINGHOLTUNUM.FIMM TIL SEX SVEFNHERBERGI. SAMLIGGJANDI STOFUR. TVÖ BAÐHERBERGI. ÞAKSVALIR OG ÞRJÚ SÉR BÍLASTÆÐI Á LÓÐ".

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á SKRIFSTOFU.**


tilkynningar


www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður í leikskólum

**Álfaberg** (555 3021 **alfaberg@hafnarfjordur.is)**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari
- Þroskaþjálfi

**Álfasteinn** (555 6155 **alfasteinn@hafnarfjordur.is)**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari
- Þroskaþjálfi

**Hlíðarberg** (579 4300 **hlidarberg@hafnarfjordur.is)**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari
- Þroskaþjálfi

**Hlíðarendi** (555 1440 **hlidarendi@hafnarfjordur.is)**
- Leikskólakennari

**Norðurberg** (555 3484 **nordurberg@hafnarfjordur.is)**
- Leikskólakennari og/eða annað uppeldismenntað starfsfólk

**Stekkjarás** (517 5920 **stekkjaras@hafnarfjordur.is)**
**Deildarstjóri**
**Leikskólakennarar**

**Vesturkot** (565 0220 **vesturkot@hafnarfjordur.is)**
- Leikskólakennari

**Víðivellir** (555 2004 **vidivellir@hafnarfjordur.is)**
- Leikskólasérkennari og/eða þroskaþjálfi

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla. Umsækjendum er bent á heimasíður skólanna til að kynna sér stefnur og starfsemina nánar.

*Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.*

**Umsóknarfrestur er til 15. maí 2014.**

***Fræðslustjórinn í Hafnarfirði***



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is






**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Sólvallagata 57. Glæsilegt einbýlishús**
**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17.15-17.45**




Fallegt einbýlishús sem er tvær hæðir auk kjallara á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Húsið er 235,5 fm. að stærð að meðtöldum 25,2 fm. bílskúr og hefur verið mikið endurnýjað á undanförnum árum m.a. eldhús, baðherbergi, lagnir o.fl. Aukin lofthæð er í stofum. Skipt hefur verið um járn á öllu húsinu og nýr bílskúr byggður frá grunni 2006. Nýlega byggður sólpallur út frá stofunni með stiga niður í garðinn.
**Verð 77,9 millj. Verið velkomin.**

**Fellahvarf 10 - Kóp. - Glæsileg 4ra – 5 herb. efri hæð**
**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Stórglæsileg 135,8 fm 4ra - 5 herb. efri hæð með sérinngangi í fallegu lágreistu fjölbýli og með óhindruðu útsýni yfir Elliðavatn og Bláfjöll. Mjög fallegar og vandaðar samstæðar eikarinnréttingar. Parket og flísar á gólfum. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Stofa og borðstofa með útgangi á suðursvalir. Opið eldhús með mikilli og vandaðri innréttingu.
Frábær staðsetning til að stunda útivist. Skólar í göngufæri.
**Verð 42,9 millj. Verið velkomin.**

**Stallasel 6 - Reykjavík. Einbýlishús á útsýnisstað**
**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




377,1 fm. einbýlishús sem er tvær hæðir auk kjallara að meðtöldum 41,7 fm. innbyggðum tvöföldum bílskúr. Sér íbúð er í kjallara. Rúmgóð stofa og borðstofa. Eldhús með eikarinnréttingu. Fimm herbergi. Gengið út á svalir/bílskúrsþak af stigapalli. Í kjallara eru auk sér íbúðar herbergi/hobbýherbergi og góðar geymslur. **Húsið er afar vel staðsett í enda götu og nýtur mikils útsýnis af báðum hæðum. Lóð er ræktuð 800,0 fm. að stærð. Verð 69,9 millj. Verið velkomin.**



KL. 20:10
**Á fullu gazi**
Sigríður Elva og Finnur Thorlacius stýra þessum fjörugu og skemmtilegu bílaþáttum.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld



KL. 21:00
**The Mentalist**
Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem nú er orðinn ráðgjafi hjá FBI.



KL. 21:45
**The Smoke**
Vönduð bresk þáttaröð frá framleiðendum Broadchurch.



NÝTT
KL. 22:30
**VEEP**
Þriðja þáttaröðin af þessum bráðfyndnu gamanþáttum með Julia Louis-Dreyfus í aðalhlutverki.



GULL STÖÐIN | KL. 19:10
**Modern Family**
Fjórða þáttaröðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Í OPINNI DAGSKRÁ
3 | KL. 21:15
**Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
Skemmtilegir þættir með frábærri tónlist og góðum gestum.

Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 3 | | | | | 9 | |
| 4 | 5 | | 7 | 8 | | 1 | 6 | |
| | | | | | | | | 8 |
| | 7 | | 8 | 5 | | | | |
| | | | 6 | | 4 | | | |
| 5 | | 2 | 9 | 1 | 7 | | 8 | |
| 7 | | | | 2 | | | 3 | |
| 8 | | 5 | 1 | | | 7 | | |
| 6 | | 4 | | | 8 | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | 4 | 9 | | | 1 |
| 3 | | | 6 | 1 | | | 8 | |
| | 7 | 1 | | | | | 6 | |
| 4 | | 2 | 8 | | | | 1 | 3 |
| | | | 2 | | | 5 | | |
| | | | 9 | | | | | 4 |
| 8 | | 9 | | 6 | 3 | | | |
| | | 5 | | 2 | | 3 | | |
| | | | 1 | | 5 | | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | | | | | | |
| | 7 | 2 | | 5 | 1 | | | 8 |
| | 9 | | | | 3 | | | 5 |
| | | 8 | 6 | | 9 | | 7 | |
| | | 9 | | 2 | | 4 | | |
| | | | 8 | | | | | |
| | | | | 8 | | 5 | 2 | 1 |
| | | | | 4 | 2 | | | |
| | 6 | | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 1 | 8 | 4 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 3 | 5 | 2 | 7 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 |
| 9 | 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 |
| 6 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 1 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 8 |
| 4 | 3 | 6 | 9 | 2 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 1 | 2 | 8 | 6 | 5 | 7 | 3 | 4 | 9 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 8 | 4 | 2 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 4 | 3 | 2 | 5 |
| 8 | 3 | 1 | 2 | 5 | 6 | 4 | 7 | 9 |
| 4 | 5 | 2 | 7 | 3 | 9 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 7 | 5 | 8 | 2 |
| 9 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 2 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 9 | 4 | 6 |
| 3 | 2 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | 9 | 8 |
| 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 | 6 |
| 9 | 6 | 7 | 1 | 2 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 7 | 6 | 2 | 5 | 8 | 4 | 3 | 9 |
| 2 | 4 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 | 6 | 7 |
| 3 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 6 | 3 | 4 | 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 | 1 | 4 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Ekki eyða tíma í að berja hausnum við vegg í von um að hann muni breytast í hurð.“

*Coco Chanel.*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** samtök, **8.** klæðalaus, **9.** hár, **11.** tveir eins, **12.** gengi, **14.** lítið, **16.** strit, **17.** bar, **18.** væl, **20.** persónufornafn, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kássa, **3.** í röð, **4.** ávaxtatré, **5.** dýrahljóð, **7.** dávænn, **10.** festing, **13.** klastur, **15.** rótartauga, **16.** temja, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** aa, **8.** ber, **9.** ull, **11.** rr, **12.** klíku, **14.** smátt, **16.** at, **17.** krá, **18.** gól, **20.** ég, **21.** arma.
**LÓÐRÉTT: 1.** mauk, **3.** áb, **4.** perutré, **5.** urr, **7.** allstór, **10.** lím, **13.** kák, **15.** tága, **16.** aga, **19.** lm.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Jón Kristinn Þorgeirsson (1.966) hafði hvítt gegn Oliver Aron Jóhannessyni (2.146) í eldri flokki Landsmótsins í skólaskák.**

**Hvítur á leik:**



**20. exf5! Dxh1 21. Bg2 Dh2 22. Hh1 Dxh1+** (22. …Dg3 23. Re4!) **23. Bxh1 Rc5 24. fxe6 Bxe6 25. Bd5 Bxd5 26. Rxd5 Bd8 27. h6 Hb7 28. b4 bxc4 29. Dxc4 Re6 30. hxg7 Hxg7 31. Rf6+ Bxf6 22. Dxe6+** og Oliver gafst upp. Þessi skák réð úrslitum um sigur Jóns Kristins á mótinu.

**www.skak.is:** Úrslit 5. umferðar Wow air-mótsins.



Wilson's PIZZA
50% AFMÆLIS AFSLÁTTUR
í tilefni af 9 ára afmæli
Wilsons Pizza
verður 50% afsláttur
af stórum pizzum af matseðli.
..ef sótt
325 kr. (650kr.)
Ostabraudstangir
199 kr.
2l. Coke
(399kr.)
895 kr. (1790kr.)
Hvitlauksbraud
1395 kr. (2790kr.)
Kjotveisla
1495 kr. (2990kr.)
Rambo
1245 kr. (2490kr.)
Hawaiian
PANTADU Á NETINU!
581 15 15
wilsons.is
Ánanaustum
Gnodavogi 44
Eddufelli 6
Vesturlandsvegi
Brekkuhúsum 1

# MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM FRÁ ÖNNU RÓSU





3.438 kr.

**ANNA RÓSA TÚRMERIK & ENGIFER**
verð áður 4.298 kr.



3.438 kr.

**ANNA RÓSA BURNIRÓT**
verð áður 4.298 kr.




277 kr.

**GLÚTENL. MAÍSKÖKUR**
verð áður 346 kr.

205 kr.

**GLÚTENL. HRÍSKÖKUR**
verð áður 256 kr.




168 kr./stk.

**KALIBIO ÁVAXTAMAUK ÝMSAR GERÐIR**
verð áður 210 kr./stk.




1.049 kr.

**NOW ERYTHRITOL**
verð áður 1.498 kr.



343 kr./stk.

**URTE RÍSKÖKUR 3 GERÐIR**
verð áður 429 kr./stk.




1.015 kr.

**GUL HÖRFRÆMJÖL**
verð áður 1.450 kr.

598 kr.

**HÖRFRÆMJÖL**
verð áður 835kr.




735 kr.

**NOW MÖNDLUMJÖL**
verð áður 1.098 kr.



363 kr.

**HORIZON MÖNDLUMJÖL**
verð áður 484 kr.




398 kr.

**NATURATA BASILÍKUSÓSA**
verð áður 498 kr.




448 kr.

**SPELT TAGLIATELLI**
verð áður 563 kr.




1.210 kr.

**NOW SUGARLESS SUGAR**
verð áður 1.566 kr.




262 kr.

**TORTILLA FLÖGUR CHILI**
verð áður 328 kr.



619 kr.

**EPLAEDIK 0,75L**
verð áður 774 kr.




476 kr.

**ISO MÖNDLUMJÓLK**
verð áður 595 kr.




382 kr.

**ISO HAFRAMJÓLK NATURAL**
verð áður 478 kr.


VISA
FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

**OPIÐ** mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is



7.154 kr.

**BIOTTA 7 DAGA KÚR**
verð áður 8.942 kr.



460 kr.

**YOGI PURE TEA**
verð áður 575 kr.



3.642 kr.

**BROKKOLÍTÖFLUR**
verð áður 4.552 kr.



151 kr./stk.

**NAKD ÁVAXTABAR ÝMSAR GERÐIR**
verð áður 189 kr./stk.



2.149 kr.

**ROSENROT 40 TÖFLUR**
verð áður 2.686 kr.

# Fræið
## FJARÐARKAUP
6. - 12. MAÍ



1.598 kr.

**BEETROOT 700MG**
verð áður 1.998 kr.



626 kr.

**HERBAMARE SALT**
verð áður 782 kr.



3.078 kr.

**TURMERIC 400MG**
verð áður 3.848 kr.



1.818 kr.

**BIO-KULT PRO-CYAN**
verð áður 2.273 kr.

**MIKIÐ ÚRVAL TIL AF WELEDA VÖRUM**



1.645 kr.

**BIRKISAFI M/HUNANGI**
verð áður 2.056 kr.



1.883 kr.

**BIRKISAFI ÁN SYKURS**
verð áður 2.354 kr.



1818 kr.

**BIO-KULT ORIGINAL**
verð áður 2.273 kr.



1.678 kr.

**EFAMOL BRAIN**
verð áður 2098 kr.



1.318 kr.

**ACTIVE MEMORY**
verð áður 1.648 kr.



1.498 kr.

**MOTHER & BABY**
verð áður 1.878 kr.



2.142 kr.

**VISION**
verð áður 2.678 kr.

FK
FJARÐARKAUP

LAUGARÁSBÍÓ
Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI
The Other Woman
12 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR
LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
THE OTHER WOMEN 5:40, 8, 10 (12)
SPIDERMAN 2 7, 10 (12)
RIO 2D 5:40 (L)
HARRY OG HEIMIR 5, 8 (7)

SAMbio.is
FRÁ FRAMLEIÐANDANUM CHRISTOPHER NOLAN LEIKSTJÓRA DARK KNIGHT ÞRÍLEIKSINS OG INCEPTION
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
TRANSCENDENCE
THAT AWKWARD MOMENT
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
SPIDER-MAN 2
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
TRANSCENDENCE KL. 5:30 - 8 - 10:30 (12)
TRANSCENDENCE VIP KL. 5:30 - 8 - 10:30
THAT AWKWARD MOMENT KL. 5:50 - 8 - 10:10 (12)
DIVERGENT KL. 5:10 - 8 - 10:50 (12)
CAPTAIN AMERICA 2 2D KL. 5:10 - 8 - 10:45 (12)
NOAH KL. 5 - 8 (12)
NEED FOR SPEED KL. 10:40 (12)
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
TRANSCENDENCE KL. 5:25 - 8 - 10:35 (12)
THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D KL. 4:50 - 7:40 - 10:35 (12)
DIVERGENT KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 (12)
CAPTAIN AMERICA 2 3D KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 (12)
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
TRANSCENDENCE KL. 5:30 - 8 - 10:30 (12)
THAT AWKWARD MOMENT KL. 5:50 - 8 - 10:10 (12)
DIVERGENT KL. 5 - 8 (12)
CAPTAIN AMERICA 2 2D KL. 10:50 (12)
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
TRANSCENDENCE KL. 8 - 10:30 (12)
THE AMAZING SPIDER-MAN 2 2D KL. 10:20 (12)
THE OTHER WOMAN KL. 8 (12)
RÍÓ 2 ÍSLTAL2D KL. 5:50 (L)
SAMBÍÓIN AKUREYRI
TRANSCENDENCE KL. 8 - 10:30 (12)
CAPTAIN AMERICA 2 3D KL. 5:10 (12)
DIVERGENT KL. 5:10 - 10:10 (12)
THAT AWKWARD MOMENT KL. 8 (12)
ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI OG Í BANDARÍKJUNUM!
SMÁRABÍÓ 5%
THE OTHER WOMAN KL. 5.30 - 8 - 10.25 (12)
THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D KL. 5 - 8 - 10.50 (12)
THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D LÚXUS KL. 5 - 8 - 10.50 (12)
THE AMAZING SPIDERMAN 2 2D KL. 8 - 10.50 (12)
RIO 2 2D ÍSL. TAL KL. 3.30 - 5.45 (L)
OCULUS KL.10.20 (16)
HARRÝ OG HEIMIR KL. 4 - 6 - 8 (7)
HÁSKÓLABÍÓ 5%
THE OTHER WOMAN KL. 5.30 - 8 - 10.25 (12)
THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D KL. 6 - 9 (12)
RIO 2 2D ÍSL. TAL KL. 5.45 (L)
HARRÝ OG HEIMIR KL. 6 - 8 - 10 (7)
GRAND BUDAPEST HOTEL KL. 8 - 10.15 (7)
Miðasala á: eMiði
BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING
BESTA VERÐIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.
FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.
GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.



**ÁFRAM ÍSLAND** Pollapönk syngur No Prejudice í kvöld. MYND/EUROVISION

## Keppnin í beinni

Kvikmyndahúsið Bíó Paradís sýnir beint frá öllum keppniskvöldum Eurovision en í kvöld verður fyrra undanúrslitakvöldið sýnt og hefst útsendingin klukkan 19.00.

Einnig verður sýnt frá síðara undanúrslitakvöldinu þann 8. maí og svo loks frá sjálfu úrslitakvöldinu þann 10. maí. Ókeypis er inn á allar sýningar en eins og flestum ætti að vera kunnugt stígur framlag Íslendinga, hljómsveitin Pollapönk, á svið í kvöld, það fimmta í röðinni af sextán atriðum. -lkg

# Í tísku að vera ekki í tísku

**BAKÞANKAR**
Álfrúnar Pálsdóttur



Á hverjum degi rekst ég á eitthvað nýtt sem minnir mig á hækkandi aldur. Það er furðulegt hvernig maður með tímanum virðist missa puttann af púlsinum. Alveg óvart. Ég hélt að það myndi aldrei koma fyrir mig, en ég verð að játa mig sigraða. Það er eitthvað sem gerir það að verkum að maður bara hættir að geta fylgst með öllum nýju öppunum sem virðast fljúga inn á markaðinn eða hverri einustu internet-stjörnu sem skýtur upp kollinum á samskiptamiðli sem maður hefur aldrei heyrt á minnst. Hvað varð um að planka?

**ÞAÐ** er þó eitt sem ég hef alltaf og get huggað mig við að kortleggja ansi vel. Það er tískan. Bleyjuskiptingar, andvökunætur og brjóstagjöf undanfarna mánuði hafa ekki dregið úr tískuáhuga mínum þó að margt annað hafi þurft að víkja. Ég veit ekkert um Vine eða hvaða skemmtistaður er heitastur í miðborginni um þessar mundir en get sagt ykkur að stuttbuxur sem ná rétt yfir rass eru á útleið og að sandalar sem eitt sinn voru kenndir við gangaverði verða sjóðandi heitir í sumar.

**HÆKKANDI** aldur er líka kostur. Þrjátíu plús aldursflokkurinn gerir manni kleift að velja og hafna þeim tískubólum sem maður ákveður að elta. Tilraunatímabilið er búið og maður getur nokkurn veginn sagt sér hvað fer manni og hvað ekki. Sem tveggja barna móðir ætla ég að leyfa öðrum að spranga um í magabolum með hækkandi sól.

**NÚ** hefur hins vegar skotið upp kollinum nýtt hugtak í tískuheiminum sem ég er tvístígandi yfir. Það kallast „normcore“ eða #normcore fyrir þá sem slá um sig á internetinu og það þýðir í raun að vera í tísku með því að vera ekki í tísku. Að leggja sig í líma við að klæðast ekki tískufatnaði. Brjóta allar reglur og klæðast hvítum sokkum við svarta sandala. Kálfasíðum kargóbuxum við snjáðan stuttermabol. Falla inn í fjöldann í stað þess að reyna að skera sig úr. Þessi tískubóla ætti að hitta beint í mark hjá útivinnandi smábarnamóður úr Vesturbænum en í stað þess er ég uggandi yfir #normcore. Ég læt öðrum eftir að stökkva á þann vagn.

# Tippaðu á sigurvegarana

Fréttablaðið býður lesendum upp á kosningaseðil fyrir fyrri undanúrslit Eurovision. Hægt er að gefa öllum keppendum stig fyrir söng, sviðsframkomu og búninga og spá um hvaða lög komast áfram í úrslit.

| Land | Flytjandi | Lag | Söngur | Framkoma | Búningar | Samtals | Kemst áfram |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Armenía | Aram MP3 | Not Alone | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Lettland | Aarzemnieki | Cake to Bake | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Eistland | Tanja | Tanja | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Svíþjóð | Sanna Nielsen | Sanna Nielsen | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Ísland | Pollapönk | No Prejudice | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Albanía | Hersi | One Night's Anger | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Rússland | Tolmachevy Sisters | Shine | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Aserbaídsjan | Dilara Kazimova | Start A Fire | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Úkraína | Mariya Yaremchuk | Tick-Tock | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Belgía | Axel Hirsoux | Mother | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Moldóva | Cristina Scarlat | Wild Soul | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| San Marínó | Valentina Monetta | Maybe (Forse) | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Portúgal | Suzy | Quero Ser Tua | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Holland | The Common Linnets | Calm After The Storm | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Svartfjallaland | Sergej Ćetković | Moj Svijet | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |
| Ungverjaland | András Kállay-Saunders | Running | + | + | = | | ☐ Já ☐ Nei |

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
EUROVISION ...KVÖLDIÐ HEFST Í BÓNUS
STONE OVEN PIZZA MARGHERITA
229 kr. 300g
STONE OVEN PIZZA SALAMI
298 kr. 350g
SALTED PEANUTS
259 kr.500g
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
Coca-Cola
79 kr. 250ml
pepsi
pepsi MAX
maximum kick no sugar
195 kr. 2 ltr.
NEW
Doritos BARBECUE STYLE
Doritos
Doritos SWEET CHILLI PEPPER
Doritos NACHO CHEESE
195 kr. 170g
NAUTA Veisla
439 kr. 2 x 140g
NAUTAVEISLA Stór nauta-hamborgari 140g
ENERGY DRINK 500ml
95 kr. 500ml
5 stk.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
260g
149 kr 5 stk.
PYLSA Í BRAUÐI AÐEINS 66 KR.
ENERGY DRINK SUGAR FREE
ENERGY DRINK
69 kr. 250ml
BÓNUS VINARPYLSUR
359 kr 10 stk.
Bónus Pylsubrauð 5 stk & Pylsur 10 stk 485g
Cobana Cones
498 kr. 8 stk.
Aðeins 63.kr.stk
Mountain Dew
97 kr. 500ml
AFGREIÐSLUTÍMI ÞRIÐJUDAGUR 11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI ÞRIÐJUDAGUR 11:00-18:30

## Haukar komnir í 1-0 í lokaúrslitunum



**Sigurbergur Sveinsson** tryggði Haukum 29-28 sigur á ÍBV í rosalegum handboltaleik á Ásvöllum í gær en Haukarnir eru þar með komnir í 1-0 í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn í Olís-deild karla í handbolta. **Haukarnir** voru búnir að byrja síðustu fjórar seríur sínar á tapi á heimavelli í fyrsta leik og þetta leit ekki vel út þegar ÍBV-liðið var komið 28-26 yfir þegar fimm mínútur voru eftir. Haukarnir skoruðu hins vegar þrjú síðustu mörkin og tryggðu sér sigurinn. Andri Heimir Friðriksson fékk dauðafæri í lokin til að jafna en skaut fram hjá og Haukarnir fögnuðu gríðarlega í leikslok. **Næsti leikur** er í Vestmanneyjum á fimmtudagskvöldið en það lið sem fyrr vinnur þrjár leiki verður Íslandsmeistari. Elías Már Halldórsson var markahæstur hjá Haukum með átta mörk en Agnar Smári Jónsson skoraði átta fyrir ÍBV.

## Haukur Páll „tók bara hjólið“ vegna meiðslanna

**FÓTBOLTI** „Það kom smásnúningur á ökklann vegna höggsins. Nú er bara að vinna vel í þessu og sjá hvort maður verður klár fyrir fimmtudaginn,“ segir Haukur Páll Sigurðsson, fyrirliði Vals, en hann fór meiddur af velli undir lok sigurleiksins gegn KR í fyrstu umferð Pepsi-deildar karla í fótbolta á sunnudagskvöldið.

Haukur fékk hressilega tæklingu frá framherjanum Gary Martin en hann hitti hægri ökklann á fyrirliðanum.

„Ég er búinn að vera í smábasli með ökklann fyrir mótið. Við æfðum í hádeginu en ég tók bara hjólið á meðan strákarnir fóru út í fótbolta. Það er smábólga í þessu en ég er vel vafinn og mér líður betur núna en eftir leik. Það er bara Voltaren og svo keyra þetta í gang,“ segir Haukur og hlær við.

Valur mætir næst Keflavík á heimavelli á fimmtudagskvöldið þannig að Haukur Páll hefur nokkra daga til að jafna sig. Hann er liðinu auðvitað gríðarlega mikilvægur og er sannarlega skarð fyrir skildi þegar hann er ekki með. -tom



**TÆPUR** Óvíst er hvort Haukur verður með gegn Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Klúður hjá Liverpool



**TÁRIN RUNNU** Luis Suarez var óhuggandi í leikslok. NORDICPHOTOS/GETTY

**CRYSTAL PALACE - LIVERPOOL 3-3**

**0-1 Joe Allen (18.), 0-2 Daniel Sturridge (53.), 0-3 Luis Suarez (55.), 1-3 Damien Delaney (78.), 2-3 Dwight Gayle (81.), 3-3 Dwight Gayle (88.),**

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Liverpool | 37 | 25 | 6 | 6 | 99-49 | 81 |
| Man City | 36 | 25 | 5 | 6 | 96-37 | 80 |
| Chelsea | 37 | 24 | 7 | 6 | 69-26 | 79 |
| Arsenal | 37 | 23 | 7 | 7 | 66-41 | 76 |

**FH 1-1 Breiðablik**

**Kaplakriki** 1869 áhorfendur
**Kristinn Jakobsson (8)**

**Mörkin:** 0-1 Tómas Óli Garðarsson (3.), 1-1 Hólmar Örn Rúnarsson (35.)

**FH (4-3-3):** Róbert Örn Óskarsson 5 - Jón Ragnar Jónsson 6, Kassim Doumbia 6, Pétur Viðarsson 5, Guðjón Árni Antoníusson 5 - Davíð Þór Viðarsson 6, Hólmar Örn Rúnarsson 6, Sam Hewson 4 (76., Emil Pálsson -) - Ingimundur Níels Óskarsson 4 (76., Albert Brynjar Ingason -), ***Ólafur Páll Snorrason 7** (84., Kristján Gauti Emilsson -), Atli Guðnason 6.

**Breiðablik (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Guðmundur Friðriksson 4, Stefán Gíslason 5, Damir Muminovic 6, Jordan Halsman 4 - Guðjón Pétur Lýðsson 3 (46., Elfar Freyr Helgason 6), Finnur Orri Margeirsson 6, Andri Rafn Yeoman 5 (76., Elfar Árni Aðalsteinsson -) - Páll Olgeir Þorsteinsson 5 (46., Ellert Hreinsson 4), Tómas Óli Garðarsson 5, Árni Vilhjálmsson 5.

**Skot (á mark):** 14-7 (5-3) Horn: 14-8

**Varin skot:** Róbert Örn 2 - Gunnleifur 2

**Aukaspyrnur:** 11-11

**visir.is**

Frekari umfjöllun um Pepsi-deildina í fótbolta.

# Haustar nú að vori

Keflvíkingurinn Hörður Sveinsson er búinn að skora jafn mikið í einum leik í maí á þessu ári eins og hann hefur gert í sama mánuði undanfarin tvö ár.

**FÓTBOLTI** „Þetta var barningur fyrstu mínúturnar og snerist um hvort liðið myndi skora fyrsta markið,“ segir Hörður Sveinsson, framherji Keflavíkur, í samtali við Fréttablaðið en Hörður skoraði tvö mörk í 3-1 sigri Keflavíkur á Þór í fyrstu umferð Pepsi-deildar karla í knattspyrnu á sunnudaginn.

„Okkur létti aðeins við að skora þetta mark og þá fórum við að spila fótbolta. Það gekk ágætlega, svona miðað við aðstæður,“ segir Hörður en fyrsta markið skoraði elsti maður liðsins, hinn 37 ára gamli Jóhann B. Guðmundsson.

### Sama hvað öðrum finnst

Líkt og undanfarin ár er Keflavík ekki spáð góðu gengi í Pepsi-deildinni. Liðinu er spáð fallbaráttu en það missti markvörðinn Ómar Jóhannsson og besta mann liðsins, Arnór Ingva Traustason, í vetur og hefur lítið fengið á móti. Herði líst samt vel á sumarið fyrir hönd Keflvíkinga.

„Við fengum frábæran markvörð í Jonasi Sandqvist til að leysa Ómar af hólmi. Svo byrjuðum við náttúrlega síðasta tímabil án Einars Orra (Einarssonar) og Magga Þorsteins (Magnúsar Sverris Þorsteinssonar). Þegar þeir komu inn í þetta um mitt tímabil í fyrra ásamt Ómari var það bara eins og að fá nýja menn inn í liðið,“ segir Hörður sem hefur litlar áhyggjur af spádómum annarra en Keflvíkingar hafa vanalega sáralitlar áhyggjur af spádómum sérfræðinga og svara þeim oft fullum hálsi.

„Það skiptir okkur engu máli hvað öðrum finnst um okkur. Við vitum alveg hvað við getum. Við erum með sterkari í hóp í fyrra að mínu mati þrátt fyrir breytingarnar. Það er missir í Arnóri en við vorum hálft tímabilið í fyrra í meiðslavandræðum. Það er samt algjör lykill að velgengni okkar í sumar að við höldumst heilir. Við erum samt með stærri hóp en fólk reiknar með. Það voru þrír sterkir spilarar fyrir utan hóp á sunnudaginn og það segir ýmislegt,“ segir Hörður.

### Ævintýramarkvörður

Ein af helstu ástæðum þess að Keflavík fór á flug um mitt mót í fyrra og bjargaði sér frá falli og rúmlega það var endurkoma Ómars Jóhannssonar í markið. Hann verður ekki með liðinu í sumar vegna þrálátra axlarmeiðsla.

Í hans stað var fenginn Svíinn Jonas Sandqvist, 31 árs markvörður sem sem spilaði síðast með Örebro. Tvennum sögum fór af frammistöðu hans á vormótunum en Keflvíkingar eru mjög ánægðir með Svíann.

„Fólk sér ekki hvað hann er að gera á æfingum. Þegar hann spilaði með okkur í vetur á móti Skaganum leit hann ekkert frábærlega út en hann var þá bara búinn að mæta á tvær æfingar og var að spila með liðinu í fyrsta skipti. Það tekur tíma fyrir markverði að venjast varnarlínunni og svona. En þetta er mjög góður markvörður. Eins og Jói B. benti á þá á hann yfir 100 leiki í úrvalsdeildinni í Svíþjóð. Það er ekkert grín. Þetta er líka bara frábær karakter.“

### Gott að brjóta ísinn

Hörður Sveinsson hefur helst verið þekktur fyrir það undanfarin ár að skora mikið á haustin og verið kallaður haust-Hörður í aðdraganda Íslandsmótsins. Nú grínast gárungarnir með að hann sé orðinn vor-Hörður enda búinn að jafna markaárangurinn sinn í maí í einum leik sé litið til síðustu tveggja ára.

„Auðvitað er langbest að skora strax og brjóta ísinn. Það eru hæðir og lægðir í þessu og maður skorar ekki í öllum leikjum. Vonandi fara mörkin bara að koma núna. Þessi árstíða-umræða fer lítið fyrir brjóstið á mér. Ég hef bara gaman af þessu og vonandi hafa aðrir það líka. Menn mega leika sér með nafnið eins og þeir vilja,“ segir Hörður Sveinsson.

tom@frettabladid.is



**EKKI LENGUR BARA HAUST-HÖRÐUR**

**Í MAÍMÁNUÐI SUMARIÐ 2014:**

| | |
|---|---|
| 1 leikur (85 mínútur) | 2 mörk |

**Í MAÍMÁNUÐI SUMRIN 2012 TIL 2013:**

| | |
|---|---|
| 10 leikir (638 mínútur) | 2 mörk |

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**SÍÐUSTU NÍU LEIKIR HARÐAR Í PEPSI-DEILD**

| | |
|---|---|
| 18. ágúst 2013 Keflavík-Valur 2-0 | 1 mark |
| 22. ágúst 2013 ÍBV-Keflavík 1-1 | 1 mark |
| 26. ágúst 2013 Fram-Keflavík 2-3 | 1 mark |
| 1. sept. 2013 Keflavík-Stjarnan 0-2 | Skoraði ekki |
| 12. sept. 2013 Keflavík-ÍA 5-3 | 3 mörk |
| 18. sept. 2013 Þór-Keflavík 2-2 | Skoraði ekki |
| 22. sept. 2013 Keflavík-ÍBV 4-2 | 1 mark |
| 28. sept. 2013 Breiðablik-Keflavík 3-2 | Skoraði ekki |
| 4. maí 2014 Keflavík-Þór 3-2 | 2 mörk |

**SAMTALS: NÍU MÖRK Í NÍU LEIKJUM**

# Gaman að það sé fylgst með manni

Ísak Rafnsson, varnarmaðurinn öflugi úr FH, er til skoðunar hjá þýsku liði.

**HANDBOLTI** Ísak Rafnsson, varnarmaðurinn efnilegi hjá FH í Olís-deild karla í handbolta, heldur til Þýskalands á morgun þar sem hann mun æfa með C-deildarliðinu HSC Coburg í tvo daga.

Coburg er sem stendur í efsta sæti suðurriðils Bundesligu 3, þriðju efstu deildar Þýskalands.

„Þetta er bara stutt heimsókn. Ég ætla aðeins að kanna aðstæður þarna,“ segir Ísak sem fékk símtal frá liðinu eftir að FH tapaði oddaleiknum gegn Haukum í undanúrslitum Íslandsmótsins en Ísak vakti mikla athygli fyrir frammistöðu sína í einvíginu. „Ég vissi að þeir voru búnir að skoða mig aðeins en svo kom símtalið. Það er alltaf gaman að fá staðfestingu á því að maður sé að standa sig og það sé fylgst með manni. Hvað verður veltur svo bara á því hvernig ég stend mig þarna en í heildina er ég bara að skoða mín mál. Ég ætla í atvinnumennsku einhvern tíma og það væri gaman ef það myndi gerast í sumar,“ segir Ísak.

Hann segist þó ekkert setja sig upp á móti því að spila annað tímabil með FH.

„Það væri ekkert verra að taka annað tímabil hér heima. Þá fengi ég kannski að spila meira og virkilega sýna hvað í mér býr. Mér finnst ég eiga töluvert inni og geta gert betur en á síðustu leiktíð,“ segir Ísak Rafnsson. -tom



**ATVINNUMAÐUR?** Ísak æfir með þýsku liði í tvo daga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# O-GRILL








O-Grill 3500 með hitamæli.

- Upplagt til að grilla læri, stóra steik eða heilan kjúkling.
- Góð grillhæð frá grind og upp í lok.
- Hitamælir í loki.

- Innbyggður þrýstijafnari
- Slanga í gaskút fylgir
- Hitaþolin málning loki og botni
- Emeleruð grillgrind úr steypujárni
- Mjög auðvelt að losa og þrífa fitugildru
- Samabrjótanlegir fætur
- 10,500 BTU/3,2 kw brennari
- Grillflötur 1.450 $cm^2$
- Breidd 52,5 Hæð 27,5 Dýpt 58 cm
- Þyngd 12 kg.

| | |
|---|---|
| O-Grill 3500 | kr. 35.950 |
| O-Grill 3000 | kr. 32.950 |
| O-Grill 1000 | kr. 29.950 |
| Borðstandur | kr. 9.995 |
| Taska | kr. 2.995 |
| Hitamælir | kr. 1.995 |

VÍKUR VERK

Fyrir ferðalagið
svalirnar
garðinn
pallinn
Allt árið

VÍKURVERK • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS

# DAGSKRÁ

## RÚV kl. 19.00
### Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva

Bein útsending frá fyrri forkeppninni í B&W-höllinni í Kaupmannahöfn þar sem Pollapönkarar stíga á svið með framlag Íslands, Enga fordóma, eða No Prejudice. Ef Pollapönkarar komast áfram keppa þeir í úrslitakeppninni á laugardagskvöldið en kynnir í kvöld er Felix Bergsson.



## Í KVÖLD



### Á fullu gazi

**STÖÐ 2 KL. 20.10** Þættir þar sem fjallað er um glæsilega bíla og önnur flott farartæki. Hér er hraðinn og spennan í fyrirrúmi og áhersla lögð á ný og glæsileg tryllitæki. Umsjónarmenn eru Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius.



### Manchester United - Hull

**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.35** Bein útsending frá viðureign Manchester United og Hull í ensku úrvalsdeildinni. Manchester-menn þurfa að taka á honum stóra sínum eftir slakt gengi á leiktíðinni.



### The Good Wife

**SKJÁREINN KL. 21.15** Það er þokkadísin Julianna Margulies sem fer með aðalhlutverk í þáttunum sem hin geðþekka eiginkona Alicia sem nú hefur ákveðið að yfirgefa sína gömlu lögfræðistofu og stofna nýja ásamt fyrrverandi samstarfsmanni sínum.

## FM 957 kl. 10.00
### Heiðar Austmann

*Heiðar er einn farsælasti útvarpsmaður síðari ára og heldur uppi fjörinu á FM 957 til klukkan 13.00. Spilar hann bæði geysivinsæla slagara og fræðir hlustendur um allt milli himins og jarðar – allt skemmtilegt þó.*








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.30** **Home Edition**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **The Wonder Years** *(7:24)*
**10.40** **The Middle** *(24:24)*
**11.05** **Flipping Out** *(6:11)*
**11.50** **The Kennedys** *(4:8)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **In Treatment** *(23:28)*
**13.25** **The X-Factor US** *(16:26)*
**14.20** **Covert Affairs** *(6:16)*
**15.05** **Sjáðu**
**15.35** **Scooby-Doo! Leynifélagið**
**16.00** **Frasier** *(3:24)*
**16.25** **Mike & Molly** *(1:23)*
**16.45** **How I Met Your Mother** *(3:24)*
**17.10** **Nágrannar**
**17.35** **Bold and the Beautiful**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.20** **New Girl** *(20:23)*
**19.45** **Surviving Jack** *(4:8)*
**20.10** **Á fullu gazi**
**20.35** **The Big Bang Theory** *(22:24)*
**21.00** **The Mentalist** *(19:22)*
**21.45** **The Smoke** *(5:8)*
**22.30** **Veep** *(1:10)*
**23.00** **Daily Show: Global Edition**
**23.25** **Grey's Anatomy** *(21:24)*
**00.10** **Rita** *(8:8)*
**00.55** **Believe** *(6:13)*
**01.40** **Crossing Lines** *(6:10)*
**02.30** **Burn Notice** *(14:18)*
**03.15** **Fringe** *(6:22)*
**04.00** **As Good As Dead**
**05.30** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Pepsímörkin 2014**
**08.15** **Pepsímörkin 2014**
**12.55** **KR - Valur**
**14.45** **Bayern Munch. - Real Madrid**
**16.25** **Spænsku mörkin**
**16.55** **Breiðablik - FH**
**18.45** **Pepsímörkin 2014**
**20.00** **Þýsku mörkin**
**20.30** **Hamburg - Flensburg**
**21.50** **Meistarad. Evrópu – fréttaþáttur**
**22.20** **Barcelona - Getafe**
**00.00** **Dallas - San Antonio**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.45** **Crystal Palace - Liverpool**
**11.25** **Newcastle - Cardiff**
**13.05** **Aston Villa - Hull**
**14.45** **Everton - Man. City**
**16.25** **Premier League World**
**16.55** **Crystal Palace - Liverpool**
**18.35** **Man. Utd. - Hull** BEINT
**21.00** **Messan**
**22.25** **Destination Brazil**
**22.55** **Ensku mörkin – úrvalsdeildin**
**23.50** **Arsenal - WBA**
**01.30** **Man. Utd. - Hull**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing Vika i þinglok **21.00** Stjórnarráðið Ella Hirst og Willum við stjórnvölinn **21.30** Skuggaráðuneytið Katrín Jak, Katrín Júl, Heiða Kristín og Helgi Hrafn.

## STÖÐ 3

**17.50** **Junior Masterchef Australia**
**18.35** **Baby Daddy** *(7:16)*
**19.00** **Grand Designs** *(2:12)*
**19.45** **Hart Of Dixie** *(12:22)*
**20.30** **Pretty Little Liars** *(11:25)*
**21.15** **Þriðjudagskv. með Frikka Dór**
**21.45** **Nikita** *(12:22)*
**22.25** **Southland** *(7:10)* Þriðja þáttaröðin af þessum stórgóðu lögguþáttum.
**23.10** **Revolution** *(10:22)*
**23.50** **Arrow** *(20:24)*
**00.35** **Tomorrow People** *(11:22)*
**01.15** **Grand Designs** *(2:12)*
**02.00** **Hart Of Dixie** *(12:22)*
**02.45** **Pretty Little Liars** *(11:25)*
**03.30** **Þriðjudagskv. með Frikka Dór**
**04.00** **Nikita** *(12:22)*
**04.45** **Southland** *(7:10)*
**05.30** **Tónlistarmyndbönd**

## KrakkaStöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli **07.55** Leyndarmál vísindanna **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Hvellur keppnisbíll **08.55** UKI **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Skógardýrið Húgó **09.47** Hello Kitty **09.55** Rasmus Klumpur **10.00** Brunabílarnir **10.23** Latibær **10.47** Skoppa og Skrítla **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli **11.55** Leyndarmál vísindanna **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Hvellur keppnisbíll **12.55** UKI **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Skógardýrið Húgó **13.47** Hello Kitty **13.55** Rasmus Klumpur **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Skoppa og Skrítla **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli **15.55** Leyndarmál vísindanna **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Hvellur keppnisbíll **16.55** UKI **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Skógardýrið Húgó **17.47** Hello Kitty **17.55** Rasmus Klumpur **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Skoppa og Skrítla **19.00** Úti er ævintýri **20:25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends** *(19:24)*
**18.45** **Seinfeld** *(7:24)*
**19.10** **Modern Family** *(10:24)*
**19.30** **Two and a Half Men** *(15:19)*
**19.55** **Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** *(10:10)*
**20.20** **Veggfóður** *(4:7)*
**21.00** **Twenty Four** *(21:24)*
**21.40** **Anna Pihl** *(8:10)*
**22.25** **Lærkevej** *(6:10)*
**23.10** **Chuck** *(5:13)*
**23.50** **Cold Case** *(1:23)*
**00.35** **Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** *(10:10)*
**01.00** **Veggfóður** *(4:7)*
**01.40** **Anna Pihl** *(8:10)*
**02.25** **Lærkevej** *(6:10)*
**03.10** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.45** **Cheerful Weather for the Wedding**
**13.20** **Submarine**
**14.55** **Bright Star**
**16.55** **Cheerful Weather for the Wedding**
**18.25** **Submarine**
**20.00** **Bright Star**
**22.00** **Alex Cross**
**23.45** **13**
**01.15** **Centurion**
**02.50** **Alex Cross**

## RÚV

**16.10** **Ástareldur**
**17.00** **Músahús Mikka** *(13:26)*
**17.25** **Violetta** *(6:26)*
**18.10** **Táknmálsfréttir**
**18.20** **Fréttir**
**18.45** **Veðurfréttir**
**18.50** **Íþróttir**
**19.00** **Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva**
**21.05** **Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva – skemmtiatriði**
**21.25** **Leiðin á HM í Brasilíu** *(11:16)*
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Úr launsátri** *(3:6)*
**23.05** **Spilaborg** *(12:13) (House of Cards II)* Bandarísk þáttaröð um klækjastjórnmál og pólitískan refskap þar sem einskis er svifist í baráttunni um völdin. Meðal leikenda eru Kevin Spacey, Michael Gill, Robin Wright og Sakina Jaffrey. Atriði í þáttunum er ekki við hæfi ungra barna. *e.*
**23.50** **Barnaby ræður gátuna – Glermunagerðin**
**01.25** **Fréttir**
**01.35** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond** *(3:16)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.55** **Got to Dance** *(20:20)*
**18.15** **Dr. Phil**
**18.55** **Top Chef** *(6:15)*
**19.40** **Everybody Loves Raymond** *(4:16)*
**20.05** **The Millers** *(17:22)*
**20.30** **Design Star** *(3:9)* Það er komið að sjöundu þáttaröðinni af þessari bráðskemmtilegu raunveruleikaseríu þar sem tólf efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Kynnir þáttanna er sigurvegarinn í fyrstu þáttaröðinni, David Bromstad, og honum til halds og trausts eru dómararnir Vern Yip og Genevieve Gorder.
**21.15** **The Good Wife** *(13:22)*
**22.00** **Elementary** *(18:22)*
**22.45** **The Tonight Show**
**23.30** **Royal Pains** *(3:16)*
**00.15** **Scandal** *(15:22)*
**01.00** **Elementary** *(18:22)*
**01.45** **The Tonight Show**
**02.30** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **13.10** Bundesliga Highlights Show (**8:15**) **14.00** AFC Ajax - NEC Nijmegen **16.00** Borussia Dortmund - **1899** Hoffenheim **20.00** Dutch League - Highlights **2014** (**13:25**) **21.00** Dutch League - Highlights **2014** (**13:25**) **22.00** Dutch League - Highlights **2014** (**13:25**) **00.00** Motors TV

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour **2014** **12**.00 Golfing World **2014** **12.50** PGA Tour **2014** **16**.50 Inside the PGA Tour **2014** **17**.15 European Tour **2014** - Highlight **18.05** PGA Tour Highlights **19.00** Golfing World **2014** **19**.50 PGA Tour Highlights **20.45** LPGA Tour **2014**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# VERÐLÆKKUN

## TOSHIBA

### 23“ QOSMIO LEIKJASKJÁTÖLVA
### 60.000 KRÓNA AFSLÁTTUR !

Ofurtölva sem hönnuð er fyrir leikjaspilara og þá sem gera kröfur um mikla vinnslugetu. Fjögurra kjarna Intel i7 Haswell örgjörvi. Frábær myndgæði á 23“ háskerpuskjá með 1080 punkta upplausn. 2GB nVidia GeForce GT740M leikjaskjákort, 8GB vinnsluminni og 2GB gagnadiskur. Frábær hljómur með Harman Kardon hátölurum. Takmarkað magn á þessu ótrúlega verði.




**219.990**

ÁÐUR 279.990

CORSAIR

### CORSAIR RAPTOR LEIKJAMÚS
### GEGGJAÐ VERÐ VEGNA MAGNKAUPA !

Tókum þessa vinsælu leikjamús frá Corsair í miklu magni og náðum niður í þetta ótrúlega verð. Hönnuð fyrir FPS leikjaspilun með 4000dpi nákvæmni og 1000Hz viðbragðstíma. Stórir snertifletir og sex forritanlegir takkar. Leikjamús sem nemur smæstu hreyfingu af mikilli nákvæmni.



**7.990**

tl.is

TÖLVU LISTINN




**OPIÐ**

Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

## BESTI BITINN



**„Zinger twister hjá Kenny frænda toppar allt, eða Eldofninn. Þetta tvennt er að slást um besta bitann hjá mér.“**

Jóel Sæmundsson leikari.

# Þrífætti kötturinn Bangsi í burðarhlutverki

Ragnheiður Gröndal frumsýnir splunkunýtt myndband við lagið Bangsi í dag.

„Mig langaði alltaf að gera myndband við þetta lag. Hildur Sigrún á heiðurinn af hugmyndinni á bak við myndbandið en söguþráðurinn snýst um brjálaða kattarkonu sem ferðast aftur í fyrri líf og það er búið að vera mikið grín í kringum í þetta allt saman,“ segir Ragnheiður Gröndal tónlistarkona aðspurð um nýja myndbandið sem hún frumsýnir í dag.

Ragnheiður á sjálf tvo ketti og annar þeirra, hinn þrífætti Bangsi, lék burðarhlutverk í myndbandinu. Bangsi er þó ekki að stíga sín fyrstu skref í veröld sviðslistanna því hann lék aukahlutverk í þáttunum „Fólkið í blokkinni“ sem sýndir voru á RÚV árið 2013.

„Þetta lag er tileinkað ástinni, lífinu og Bangsa. Ég er samt að reyna að draga úr því að semja um kettina mína,“ segir hún hlæjandi.

Lagið „Bangsi“ kom út á síðustu plötu Ragnheiðar, „Astrocat Lullaby“.

Hildur Sigrún Valsdóttir leikstýrði myndbandinu og sá jafnframt um búninga og heildarútlit. Kvikmyndataka og eftirvinnsla var í höndum Martynu Daniel og Waddling Pictures & Co. Tómas Oddur Eiríksson er höfundur danshreyfinga og Guðbjörg Huldís Kristinsdóttir sá um förðun og hár. -mm



**BRJÁLUÐ KATTARKONA** Ragnheiður Gröndal í hlutverki sínu í myndbandinu.








**UNGIR Á UPPLEIÐ** Róbert Elmarsson, Anton Darri fyrirsæta og Guðjón Geir Geirsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fótboltastjörnur hrifnar af Inklaw

Róbert Elmarsson og Guðjón Geir Geirsson hanna götutískufatnað sem selst eins og heitar lummur erlendis en þeir sauma allar flíkurnar sjálfir.

Æskuvinirnir Róbert Elmarsson og Guðjón Geir Geirsson hafa haft áhuga á tískufatnaði lengi vel. Eftir að hafa unnið í nokkrum fataverslunum ákváðu þeir að stíga skrefið til fulls og hanna fatnað fyrir herra undir eigin nafni. Samanlagt lögðu þeir fram áttatíu þúsund krónur af sumarlaununum sínum til að stofna vörumerkið Inklaw, sem nú hefur vakið athygli frægra fótboltamanna og söngstjarna erlendis.

Þeir stefna hátt þrátt fyrir að vera einungis rétt um tvítugt en draumurinn er að eiga virt vörumerki sem er þekkt út um allan heim. „Þetta er stór draumur en við ætlum að láta hann verða að veruleika. Við fáum mikinn stuðning og skilning frá skólanum. Við fáum meira að segja frídag einu sinni í viku til að sinna fyrirtækinu okkar sem er komið á góðan skrið á skömmum tíma,“ segir Róbert Elmarsson, annar eigandi götutískumerkisins Inklaw. Róbert stundar nám í Flensborg en Guðjón Geir Geirsson, félagi hans og besti vinur, er að læra fatatækni í Tækniskólanum.

Vinirnir framleiða og sauma allan fatnaðinn sjálfir á saumastofu í Hafnarfirði með hjálp vinkonu sinnar, Báru Atladóttur sem er menntaður fatahönnuður. Pantanirnar streyma inn í gegnum netverslun þeirra en Róbert segir að Instagram hafi virkilega komið þeim á kortið. „Samskiptamiðlarnir í dag hjálpa mikið til. Flestar sölurnar koma í gegnum Instagram því um leið og einn glaður viðskiptavinur póstar mynd af sér í flík frá okkur þá koma fleiri pantanir. Með netinu höfum við náð að komast á erlendan markað og nú erum við að selja til 25 landa.“

Viðskiptavinirnir eru ekki af verri endanum en nýlega var haft samband við þá félaga fyrir hönd hins enska Daniels Sturridge sem spilar sem framherji hjá Liverpool. Sturridge óskaði eftir fatnaði frá Inklaw fyrir nýtt hipphopp-verkefni sem nefnist FOE, eða Family Over Everything. Portúgalski knattspyrnumaðurinn Raul Meireles sást einnig fyrir skömmu í Inklawbol og söngvarinn Liam Ferrari sem tók þátt í Australia Got Talent er viðskiptavinur. Í sumar munu Inklaw-félagarnir starfa sjálfstætt í fyrsta sinn heilt sumar og segjast hlakka til að geta eytt öllu sumrinu í að reka fyrirtækið og sinna pöntunum. marinmanda@frettabladid.is

> **Samskiptamiðlarnir í dag hjálpa mikið til. Flestar sölurnar koma í gegnum Instagram því um leið og einn glaður viðskiptavinur póstar mynd af sér í flík frá okkur þá koma fleiri pantanir.**

# Lærði fallhlífarstökk hjá þeim bestu

Gunnar Örn Marteinsson ætlar að kenna fallhlífarstökk á Íslandi.

„Ég hef stundað fallhlífarstökk í um það bil þrjú ár,“ segir Gunnar Örn Marteinsson fallhlífarstökkvari sem er nýkominn heim frá Bandaríkjunum þar sem hann varð sér úti um kennsluréttindi í íþróttinni. Hann segist hafa lært gríðarlega mikið í ferðinni. „Ég fór fyrst í fallhlífarstökk fyrir tilstilli vinar míns. Hann var á leiðinni í stökk og ég bað um að fá að fara með. Ég held að þetta sé eitthvað sem flestalla langar til að gera en vantar að vera hreinlega ýtt út í. Þarna var tækifærið fyrir mig og ég stökk á það og hef ekki litið til baka síðan,“ útskýrir Gunnar og bætir við að gríðarleg þekking sé á fallhlífarstökki í Bandaríkjunum. „Skólinn sem ég var í er einn sá besti í heimi.“

Auk þess að stunda fallhlífarstökk af miklum móð er Gunnar sjómaður. „Það má eiginlega segja að ég sé sjómaður í hjáverkum. Ég geri það bara til að lifa af og borga reikninga, og náttúrlega til að fjármagna fallhlífarstökkið,“ segir Gunnar, sem segir næsta mál á dagskrá að breiða út boðskapinn. „Ég ætla að aðstoða lærifeður mína hjá Fallhlífarstökksfélaginu Frjálsu falli við að kenna.“ - ósk



**SJÓMAÐUR Í HJÁVERKUM** Gunnar Örn segist stunda sjómennsku til að borga reikninga og stunda fallhlífarstökkið. MYND/ÚR EINKASAFNI


ÞETTA ER ENGIN
ALGEBRA
ÞÚ VEIST HVERNIG ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIÐ VIRKAR
Miðstærð af pizzu, 3 áleggstegundir, klassískur, ítalskur eða lauflettur botn, ef þú sækir.
1000 KR.
VERUM ÖLL SAMTAKA
Það verður nóg að gera hjá okkur í kvöld því Eurovision beinlínis kallar á ljúffenga máltíð frá Domino's. Þess vegna hvetjum við alla til að panta tímanlega.
KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Með þeim kynþokkafyllstu



**Guðni Finnsson**, guli pollinn í hljómsveitinni Pollapönk, er talinn þriðji kynþokkafyllsti karlflytjandinn í Eurovision að mati vefsíðunnar Good Evening Europe sem hefur tekið saman lista yfir þá tíu kynþokkafyllstu í keppninni. Á vefsíðunni segir að hann sé blanda af John Cusack og Ricki Lake. „Hann virðist vera svo ... heimspekilegur. Og gulur. Og í góðu formi. Og já, hann getur gert stafrófið með líkama sínum. Hver veit hvað fleira hann getur gert með þessum hreyfingum?“ er meðal annars skrifað á síðunni. Í öðru sæti á listanum er András Kállay-Saunders frá Ungverjalandi og í því fyrsta Richard Micallef frá Möltu. **-lkg**

### Sýndi gamla takta



Þingmaðurinn **Steingrímur J. Sigfússon** var á meðal keppenda á Öldungamótinu í blaki sem var haldið á Akureyri um síðustu helgi. Steingrímur keppti lengi vel í blaki með ÍS og spilaði einmitt með öldungaflokki félagsins á Akureyri. Árangurinn olli vonbrigðum því liðið féll um deild en Steingrímur ku engu að síður hafa sýnt gömul og góð tilþrif uppi við netið. Alls tóku um 1.300 blakmenn af öllu landinu þátt í mótinu, sem er mesti fjöldinn til þessa. Margir þeirra létu sig ekki vanta á skemmtistaðinn Sjallann á föstudagskvöldinu þar sem þeir slettu úr klaufunum í góðra vina hópi. Steingrímur var á meðal þeirra og þótti fara mikinn á dansgólfinu undir taktföstum tónum plötusnúða. **- fb**

## Mest lesið VÍSIR

1 Brunaði inn á bílastæði og stórskemmdi sjö bíla
2 Umfjöllun, viðtöl, einkunnir og myndir: KR-Valur 1-2 | Valsmenn byrja með látum
3 Þetta var enginn fíflagangur – myndband
4 Pollapönkarar mættu í ballkjólum
5 Sam-kúgun í Álfabakka




